



Fíkniefnabrot

Úttekt á dómum Hæstaréttar frá 2006 til 2010

Sandra Dröfn Gylfadóttir

Haust 2010

ML í lögfræði

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir
Lagadeild
School of Law
15. desember 2010

Útdráttur

Fíkniefnabrot

Úttekt á dómum Hæstaréttar frá 2006 til 2010.

Í ritgerð þessari er fjallað um fíkniefnabrot. Meginviðfangsefni ritgerðarinnar fólst í könnun á dómum Hæstaréttar frá tímabilinu 1. janúar 2006 til 3. desember 2010. Auk þess þótti nauðsynlegt að taka einn umfangsmikinn héraðsdóm með í þá könnun. Mikilvægur þáttur ritgerðarinnar var einnig að kanna þá þætti sem geta haft áhrif á ákvörðun viðurlaga í fíkniefnamálum. Ýmsir þættir geta haft áhrif á þyngd refsingar, ýmist til refsihækkunar og/eða refsilækkunar, málsbóta og/eða refsipýngingar, bæði lögmæltar og ólögmæltar ástæður. Framangreind atriði voru skoðuð meðal annars með tilliti til þeirra dóma sem gengu á könnunartímabilinu. Það sem helst hefur áhrif á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum er magn fíkniefna, styrkleiki þeirra og hættueiginleiki. Jafnframt getur hinn refsiverði verknaður skipt máli í því samhengi en nokkur munur virðist vera á fíkniefnalöggjöfinni varðandi hvaða verknaðaraðferðir er dæmt fyrir hverju sinni. Hvergi er hins vegar fjallað um framangreind atriði í fíkniefnalöggjöf héraðs heldur má ráða slíkt mat úr dómaframkvæmd í samræmi við könnun dóma á framangreindu tímabili. Einnig virðist skipulögð brotastarfsemi sífellt meira vera að ryðja sér til rúms héraðs, til að mynda með breyttu efnahagsástandi, aukinni alþjóðavæðingu og auðveldari aðgengi að landinu. Alþjóðleg lögreglusamvinna skiptir miklu máli í þeim efnum en skoðað var helsta samstarf á sviði löggæslu héraðs í tengslum við fíkniefnamál. Auk framangreindra atriða þótti nauðsynlegt að fara yfir þróun fíkniefnalöggjafar á Íslandi og skoða þá alþjóðasamninga sem hafa það að markmiði að hindra fíkniefnabrot. Að lokum var stutt umfjöllun um þyngd refsinga í fíkniefnamálum, réttlætingu refsinga og varnaðaráhrif þeirra, áhrif refsivistar og önnur úrræði sem standa til boða í þeim efnum auk áhrifa fjölmiðla í tengslum við fíkniefnabrot.

Abstract

Drug offence

Examination of the Icelandic Supreme Court judgments from 2006 to 2010.

The main subject of the essay is examination of the Icelandic Supreme Court judgments concerning drug offences from January 1, 2006 to December 3, 2010. In addition, it was considered necessary to include one extensive district court judgment in the examination. An important part of the essay was the study of the elements that may affect the penalties in drug cases. Various factors can affect the weight of a sentence, either to increase and/or reduce sentence or to mitigate circumstances and/or to stiffening of penalties, both statutory and non-statutory. The abovementioned aspects were examined among other things with respect to the sentences in drug cases during the examination period. What seems to primarily affect the drug penalties, is the quantity of the drugs, the substantiality of the drugs and the risk ability. The criminal act can also be an important element in that connection but it seems to be certain difference in the drug legislation as to which criminal act is sentenced at any given time. Abovementioned issues are not mentioned in the drug legislation in Iceland. It can rather be evaluated from judgments as seen in the examination of judgments in the abovementioned period. It appears that organised crime is more and more penetrating in the country, for example through the ever changing economic conditions, increased globalization and easier access to the country. International police cooperation is important in that matter concerning drug offences but the primary collaboration in the area of police, which takes place in this country with foreign police organisation was examined. In addition to the abovementioned issues, it was considered necessary to look at the development of the Icelandic legislation concerning drugs and view the international conventions which have the objective to prevent drug offences. Finally there was a short examination about the weight of punishment in drug judgments, the effect of sentences and other resources that are available in this regard, but also the impact of the media in connection with drug offences.

Formáli

Ritgerð þessi er lögð fram sem lokaritgerð til meistaraþrófs í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík haustið 2010. Ritgerðin er unnin undir leiðsögn Huldu Maríu Stefánsdóttur og vil ég færa henni bestu þakkir fyrir góða aðstoð og ánægjulegt samstarf.

Hafnarfirði, 15. desember 2010

Sandra Dröfn Gylfadóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Réttarheimildir.....	3
2.1. Eldri löggjöf.....	3
2.2. Gildandi löggjöf.....	4
2.2.1. Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.....	4
2.2.2. Ákvæði 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.....	9
2.2.3. Alþjóðasamningar.....	10
3. Úttekt á dómum Hæstaréttar frá 2006 til 2010 sem varða fíkniefnabrot.....	13
3.1. Inngangur.....	13
3.2. Ákvörðun viðurlaga í fíkniefnamálum.....	13
3.2.1. Almenn um refsingar.....	13
3.2.2. Refsimörk ákvæða sem fjalla um fíkniefnabrot.....	14
3.2.3. Atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum.....	16
3.2.3.1. Refsilækkunar- og refsihækkunarástæður.....	16
3.2.3.1.1. Refsilækkunarástæður.....	16
3.2.3.1.2. Refsihækkunarástæður.....	21
3.2.3.2. Málsbætur og refsipýngingarástæður.....	27
3.2.3.3. Ólögð mæltar refsíákvörðunarástæður.....	33
3.2.3.3.1. Almenn.....	33
3.2.3.3.2. Mismunandi aðild að fíkniefnabroti.....	33
3.2.3.4. Skilorðsbinding dóma og reynslulausn.....	36
3.2.4. Atriði sem hafa mest áhrif á refsipýngd.....	37
3.2.4.1. Magn fíkniefna.....	38
3.2.4.2. Styrkleiki fíkniefna og hættueiginleikar.....	39
3.2.4.3. Verknaðaraðferð.....	41
3.3. Könnun á dómum Hæstaréttar í fíkniefnamálum frá 2006 til 2010.....	44
3.3.1. Almenn.....	44
3.3.2. Fjöldi dóma og ákærðra.....	44
3.3.3. Hversu margir voru sakfelldir og sýknaðir.....	44
3.3.4. Aldur.....	45
3.3.5. Kyn.....	46

3.3.6. Þjóðerni.....	46
3.3.7. Heimfærsla dóma.....	46
3.3.8. Rof á skilorði skilorðsdóms.....	47
3.3.9. Rof á skilorði reynslulausnar.....	47
3.3.10. Brotaferill.....	47
3.3.11. Ítrekun.....	48
3.3.12. Hegningarauki.....	48
3.3.13. Samverknaður.....	48
3.3.14. Hlutdeild.....	48
3.3.15. Tilraun.....	49
3.3.16. Brotasamsteypa.....	49
3.3.17. Tegund fíkniefna.....	49
3.3.18. Verknaðaraðferð.....	50
3.3.19. Lengd óskilorðsbundinnar refsingar.....	51
3.3.20. Refsing skilorðsbundin í heild eða að hluta.....	51
3.3.21. Munur refsinga í Hæstarétti og héraðsdómi.....	52
3.3.22. Samantekt.....	52
4. Hugleiðingar um þyngd refsinga í fíkniefnamálum.....	54
4.1. Þyngd refsinga í fíkniefnamálum.....	54
4.2. Réttlætning refsingar og varnaðaráhrif refsinga í fíkniefnamálum.....	56
4.3. Önnur refsíúrræði sem standa til boða.....	61
4.4. Áhrif fjölmiðla.....	62
5. Alþjóðleg lögreglusamvinna á sviði fíkniefnamála og tengsl við skipulagða brotastarfsemi.....	65
5.1. Almennt.....	65
5.2. Europol.....	66
5.3. Interpol.....	67
5.4. Schengen.....	67
5.5. Annað alþjóðasamstarf.....	69
5.6. Er skipulögð brotastarfsemi raunveruleg ógn á Íslandi?.....	70
6. Lokaorð.....	77
7. Heimildaskrá.....	79
8. Töfluskrá.....	85
9. Dómaskrá.....	86

1. Inngangur

Fíkniefni eru ekki ný af nálinni og hafa tíðkast frá því fyrr á öldum. Hins vegar fór ekki að bera á slíkum efnum hérlendis svo einhverju nemi fyrr en á áttunda áratugnum eða stuttu eftir setningu nýrrar fíkniefnalöggjafar hér á landi árið 1974. Skaðsemi fíkniefna kom þó ekki ljós fyrr en með síðari tíma rannsóknum.¹ Fíkniefnaneysla hefur lengi vel verið talið eitt alvarlegasta vandamál sem Íslendingar eiga við að glíma en rannsóknir sýna að meirihluti landsmanna álitur að rætur afbrota sé að rekja til slíkrar neyslu.² Það má jafnframt benda á þá staðreynd að fjöldi fanga vegna fíkniefnabrota hefur aukist talsvert á síðustu árum og fíkniefnabrot voru til að mynda algengasta ástæða refsivistar frá árunum 2005 til 2008.³ Það eru hins vegar ekki einungis afleiðingar fíkniefnaneyslu sem þarf að berjast gegn. Fíkniefnabrot hafa jafnframt verið talin algengasta form brota sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi í Evrópu þar sem neytendamarkaður fíkniefna er gríðarstór. Í samræmi við þá þróun eru fíkniefnaviðskipti talin ein helsta ógnin í nútímapjóðfélögum.⁴ Alþjóðlegt samstarf er því sífellt mikilvægara til að sporna gegn fíkniefnavánni, en nú virðist sem innflutningur hafi aukist og að hættulegri fíkniefnum sé smyglað hingað til lands en áður var gert.

Í ritgerðinni er fjallað um brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.⁵ Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar er að kanna dóma Hæstaréttar frá ársbyrjun 2006 til desembermánaðar 2010 en auk þess þótti nauðsynlegt að taka einn héraðsdóm með í þá könnun.

¹ „Sögulegt yfirlit yfir upphaf og þróun fíkniefnamála á Íslandi og nokkur áhersluatriði um auknar aðgerðir lögreglu gegn fíkniefnavánni“. Ársskýrsla ríkislögreglustjóra, 1999, bls. 54. Aðgengileg á <http://www.logreglan.is/upload/files/20-1-2003-5554.pdf> [Sótt á vefinn 2. desember 2010].

² Helgi Gunnlaugsson, *Afbrot á Íslandi*, Reykjavík 2008, bls. 41.

³ „Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga fyrir árin 2000-2008“, tafla 4. a. Fangelsismálastofnun, yfirfarið í ágúst 2009. Aðgengileg á http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Tolfradilegar_upplýsingar_um_fullnustu_refsinga_fyrir_arin_2000_til_2008.pdf [Sótt á vefinn 2. desember 2010].

⁴ „EU Organised Crime Report“. Skýrsla Europol um skipulagða brotastarfsemi, 17. nóvember 2005, bls. 6. Aðgengileg á http://www.europol.europa.eu/publications/Organised_Crime_Reports-in_2006_replaced_by_OCTA/EU_OrganisedCrimeReport2005.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

⁵ Hér eftir verða lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum, nefnd „lög um ávana- og fíkniefni“ og almenn hegningarlög nr. 19/1940, með síðari breytingum, verða nefnd „hegningarlög“.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er þróun fíkniefnalöggjafar rakin í stuttu máli en þar er einnig þróun alþjóðasamninga á umræddu sviði skoðuð.

Í öðrum hluta og meginkafla ritgerðarinnar eru dómar Hæstaréttar frá 2006 til 2010 kannaðir. Þar er ítarleg umfjöllun um ákvörðun viðurlaga og þau atriði skoðuð sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar. Dómar á könnunartímabilinu eru reifaðir með þeirri umfjöllun í dæmaskyni þar sem við á. Þar er jafnframt umfjöllun um þau atriði sem talin eru hafa mest áhrif á þyngd refsingar í fíkniefnamálum og dómar reifaðir þeim atriðum til stuðnings. Í lok kaflans eru dómar á könnunartímabilinu greindir í viðeigandi flokka.

Í þriðja hluta koma fram hugleiðingar um þyngd refsinga í fíkniefnamálum. Þar er jafnframt fjallað um réttlætingu refsingar og varnaðaráhrif refsinga. Einnig eru skoðuð refsíúrræði sem standa til boða, önnur en óskilorðsbundin refsivist. Að lokum eru í stuttu máli skoðuð áhrif fjölmiðla á slík mál.

Í fjórða hluta er fjallað um alþjóðlega lögreglusamvinnu á sviði fíkniefnamála og tengsl slíkra mála við skipulagða brotastarfsemi eru skoðuð.

Í lokaorðum eru dregnar saman helstu niðurstöður ritgerðarinnar.

2. Réttarheimildir

2.1. Eldri lög

Fyrsta löggjöf á sviði fíkniefna á Íslandi voru lög nr. 14/1923 um tilbúning og verslun með ópíum og fleira.⁶ Lögin komu til vegna alþjóðasamnings sem gerður var í Haag þann 23. janúar árið 1912. Ísland féllst á yfirlýsingu þess efnis að samningurinn skyldi taka gildi frá og með 21. október árið 1921. Tilgangur samningsins var að berjast gegn misnotkun ópíums, morfíns og kókaíns. Lagafrumvarp til ópíumlaganna var samið á þeim grundvelli að sett yrði löggjöf sem uppfyllti þær skyldur sem Ísland hafði tekist á með fyrrgreindum samningi, en í 3. gr. ópíumlaganna var sérstaklega tekið fram að þau efni sem féllu undir lögin bæri að túlka samkvæmt skilgreiningum framangreinds samnings.⁷ Fyrirmynd íslenska frumvarpsins voru dönsku lögin um sambærilegt efni.⁸ Í 1. gr. íslensku ópíumlaganna var kveðið á um að tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það væri bönnuð. Í 2. gr. laganna var útlistað hvaða efni lyfsölum var heimilt að vinna úr, flytja inn og út, sem og versla með. Dómsmálaráðuneytinu bar að setja nánari ákvæði um það efni en samkvæmt 4. gr. laganna var ráðuneytinu heimilt að setja ákvæði um ný efni sem hægt var að misnota á líkan hátt og efni samkvæmt 2. gr. laganna. Í 5. gr. var refsíákvæði þar sem brot á lögum gat varðað við sektum eða fangelsi.⁹

Fyrsta breyting á ópíumlögum var gerð með lögum nr. 43/1968¹⁰ en lítið hafði reynt á lögin fyrir þann tíma.¹¹ 4. gr. laganna var breytt á þann veg að lögin tóku þá einnig til fleiri efna en þeirra sem afleidd voru af morfíni og kókaíni, sem hægt var að sanna að væru notuð á líkan hátt. Tilgangur frumvarpsins var að gera ráðstafanir sem kæmu í veg fyrir misnotkun fleiri efna en einungis morfíns og kókaíns, eins og til dæmis kannabis, LSD og

⁶ Hér eftir verða lög nr. 14/1923 um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., með síðari breytingum, nefnd „ópíumlögin“.

⁷ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1923, bls. 498.

⁸ *Alþingistíðindi*, B-deild, 1923, bls. 389.

⁹ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1923, bls. 963-964.

¹⁰ Lög um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 699, 177. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/88/s/pdf/0699.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

¹¹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 459, 177. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/88/s/pdf/0459.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

meskalíns. Umrædd efni voru þó lítið þekkt hérlendis á þessum tíma en voru útbreidd víðsvegar í nágrannaríkjum.¹² Dómsmálaráðuneytið setti reglugerð nr. 257/1969 þann 28. nóvember árið 1969 í samræmi við 4. gr. upprunalegu ópíumlaganna þar sem fleiri efni líkt og kannabis, LSD, psilócybin og meskalín voru nú felld undir ópíumlögin.¹³

Fleiri breytingar voru gerðar á ópíumlögunum með lögum nr. 25/1970.¹⁴ Þótti ástæða til að bæta nýrri 5. gr. við lögin þar sem ekki var ákvæði um bann við vörslu lyfja og efna sem féllu undir lögin og voru innflutt eða framleidd ólöglega sem og aðra meðferð slíkra efna. Bættist einnig við upptökuheimild á varningi og ágóða af slíkri sölu.¹⁵ Jafnframt voru viðbætur gerðar við 5. gr. eldri laga, nú 6. gr. Í eldra ákvæði var kveðið á um sekt að hámarki 10.000 kr. en nú var sektarhámark hækkað upp í eina milljón þar sem fyrra hámark þótti ekki í takt við breytta tíma. Refsiramminn var jafnframt hækkaður í allt að sex ár ef um stórfellt brot væri að ræða. Skilgreining á stórfelldu broti var bætt við greinina en hugtakið var nýmæli í lögunum. Framangreindar breytingar voru gerðar þar sem refsíákvæði eldri laga þóttu orðin úrelt. Nýtt refsíákvæði var sett í samræmi við refsíákvæði nágrannalanda, en vegna þróunar til hins verra í slíkum málum þótti nauðsynlegt að kveða á um strangari refsingar.¹⁶

Með lögum nr. 77/1970 voru ópíumlögin endurútgefin í einu lagi með áorðnum breytingum. Ópíumlögin voru í gildi þangað til ný lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 tóku gildi þann 11. júní árið 1974. Nánar verður fjallað um lög um ávana- og fíkniefni hér á eftir.

2. 2. Gildandi löggjöf

2.2.1. Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974

Ný löggjöf um meðferð fíkniefna kom til með lögum um ávana- og fíkniefni árið 1974. Umrædd lög voru mun ítarlegri en hin eldri ópíumlög. Nýju lögin

¹² Sama heimild.

¹³ Frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 588, 286. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0588.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

¹⁴ Lög um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 531, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0531.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

¹⁵ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 212, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:

<http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0212.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

¹⁶ Sama heimild.

mörkuðu viss tímamót í meðferð ávana- og fíkniefnamála þar sem aðaltilgangur laganna var meðal annars sá að samræma löggjöf á sviðinu.¹⁷ Allsherjarnefnd Alþingis hafði áður komið þeirri skoðun á framfæri í frumvarpi til laga nr. 25/1970 um breytingu á ópíumlögum að nauðsynlegt væri að útbúa nýja heildarlöggjöf á sviði fíkniefnamála þar sem ópíumlögin þóttu ekki gallalaus.¹⁸ Við samningu nýju laganna um ávana- og fíkniefni var litið til norrænna laga um sambærileg efni og þá aðallega til dönsku laganna. Frumvarpið var samið með það í huga að Ísland yrði aðili að tveimur alþjóðasáttmálum, en það voru „Single Convention on Narcotic Drugs 1961“ og „Convention on Psychotropic Substances 1971“.¹⁹

Ríkisstjórninni var samkvæmt 1. gr. laganna veitt heimild til að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni. Til að taka af allan vafa um annað var tekið fram að hugtakið ávana- og fíkniefni tæki einnig til ávana- og fíknilyfja. Samkvæmt 2. gr. var varsla og meðferð á ávana- og fíkniefnum sem talin voru upp í 6. gr. bönnuð á íslensku forráðasvæði. Ráðherra var þó veitt heimild til að mæla fyrir um í reglugerð að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna væri óheimil í sérstökum tilfellum.

Reglugerð nr. 390/1974²⁰ var sett sama ár og frumvarpið var samþykkt og þar voru tiltekin þau efni sem bönnuð voru samkvæmt alþjóðasamþykktum.²¹ Nú gildir reglugerð nr. 233/2001, með síðari breytingum, í stað þeirrar eldri.²² Ráðherra var þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr. laganna og heimila notkun í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, samanber 3. gr. laganna. Ákvæðum 2. og 3. gr. var hægt að beita í ákveðnum tilfellum um hráefni sem hægt var að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni samkvæmt heimild í 4. gr. laganna.

Hámarksrefsing var samkvæmt 5. gr. laganna þyngd, en þar var gert ráð fyrir sekt allt að einni milljón, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum,

¹⁷ Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*. Reykjavík 1985, bls. 24.

¹⁸ Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/1923 um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., þskj. 463, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/90/s/pdf/0463.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

¹⁹ Frumvarp til laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, þskj. 588, 286. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/94/s/pdf/0588.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁰ Reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. *Stjórnartíðindi* 1974. B-deild, bls. 858-864.

²¹ Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 24.

²² Reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001. *Stjórnartíðindi* 2001. B-deild, bls. 507-516.

en tíu ára hámarksrefsingu fyrir stórfellt brot samkvæmt III. kafla hegningarlaga. Refsimörk samkvæmt framangreindum breytingum voru í takt við lög annarra Norðurlandþjóða.²³ Með nýju lögnum varð hámarksrefsingin þyngd þó nokkuð miðað við eldri ópíumlög þar sem hámarksrefsing var sex ár.

Með lögum nr. 60/1980 var 5. gr. breytt á þann veg að sektir voru hækkaðar úr einni milljón í sex milljónir.²⁴ Sektarákvæði höfðu ekki verið hækkuð frá setningu laga um ávana- og fíkniefni, en hækkunin var rökstudd með tilvísun til almennrar verðlagsþróunar.²⁵ Með breytingarlögum nr. 75/1982 var felld úr gildi hámarksupphæð sekta sem sett var á með lögum nr. 60/1980, en 50. gr. hegningarlaga var látin gilda í staðinn um fésektir laga um ávana- og fíkniefni.²⁶ Í ákvæðinu fólst að ekki mætti beita hærri fésekt en einni milljón nema heimild væri til þess í öðrum lögum. Meðal annars var litið til framkvæmdar í Danmörku í svipuðum málum en talið var auðveldara að breyta sektarhámarki í hegningarlögum í stað sífelldra breytinga á sérrefsilagaákvæðum í samræmi við verðlagsþróun hverju sinni.²⁷

Með lögum nr. 13/1985 var fangelsisrefsing hækkuð úr tveimur árum í sex ár samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni.²⁸ Búið var að nýta tveggja ára hámarkið til fulls í einhverjum tilfellum og þótti tími til komin að hækka hámarksrefsingu þar sem talið var að um mjög hættuleg brot væri að ræða. Hækkunin var gerð með ákvæði hinna Norðurlandanna til hliðsjónar, en þar hafði refsihámark ýmist verið hækkað eða verið var að undirbúa löggjöf

²³ Frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 588, 286. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0588.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁴ Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 607, 150. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/102/s/pdf/0607.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁵ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 321, 150. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/102/s/pdf/0321.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁶ Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, þskj. 841, 255. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/104/s/pdf/0841.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁷ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, þskj. 536, 255. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/104/s/pdf/0536.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

²⁸ Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 869, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0869.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

því til hækkunar. Samræming milli landanna var talin mikilvæg.²⁹ Jafnframt var bætt við ákvæðið, að ítrekuð brot skyldu varða við aukinni refsingu, enda væri um að ræða innflutning eða dreifingu efna sem vörðuðu við 2., 3. og 4. gr. laganna.³⁰

Samkvæmt lögum nr. 49/1993 var bætt 2. mgr. við 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni sem áskildi refsingu fyrir þá aðila sem tóku við eða öfluðu sér eða öðrum ávinnings af broti.³¹ Átti það sama við um geymslu, flutning eða afhendingu og annan ávinning. Í frumvarpi til laganna var vísað til efnislega sambærilegs ákvæðis í frumvarpi til hegningarlaganna. Markmiðið með greininni var að leggja meiri áherslu á fjárhagshlið viðskiptanna og ná þannig til þeirra sem skipulögðu og fjármöggnuðu fíkniefnabrot en tilgangur þeirra aðila var sá að hagnast á slíkum viðskiptum. Slíka háttsemi yrði að telja jafnalvarlega og hlutverk þeirra sem sinntu öðrum þáttum í fíkniefnaviðskiptum en víða í öðrum löndum höfðu verið lögfest sérstök refsiakvæði um þá sem tóku þátt í skipulögðum fíkniefnaviðskiptum.³²

Með lögum nr. 10/1997 var bætt við nýrri grein, 4. gr. a. Jafnframt voru tvennar breytingar gerðar á 5. gr. laganna.³³ Umræddar lagabreytingar voru gerðar til þess að Ísland gæti fullgilt tvo alþjóðasamninga, samning Sameinuðu Þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá árinu 1988 og samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá árinu 1990. Ákvæði 4. gr. a. fól í sér að bann var lagt við innflutningi, útflutningi, sölu, kaupum, afhendingu, skiptum, móttöku, framleiðslu og vörslu tækja, hluta eða efna sem hægt var að nota við ólöglega ræktun, tilbúning og framleiðslu á ávana- og fíkniefnum. Við 5. gr. var gerð sú viðbót að meðferð ávinnings af brotum var gerð refsiverð samkvæmt 264. gr. hegningarlaga.

²⁹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 452, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0452.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

³⁰ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 69/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 846, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0846.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

³¹ Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 1007, 339. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1993.049.html> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

³² Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 616, 338. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0616.html> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

³³ Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, o.fl., þskj. 642, 183. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1997.010.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Einnig bættist upptökuákvæði við greinina sem fól í sér að nú var heimilt að gera ávinning ólögmatrar sölu upptækan til ríkissjóðs sem og ávinning af öðrum brotum gegn sömu lögum.³⁴

Í lögum nr. 82/1998 var orðið „varðhald“ fellt úr 1. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, sbr. 166. gr. hegningarlaga.³⁵ Ákveðið var að fella varðhald niður sem refsingu úr íslenskum rétti þar sem ekki þótti lengur munur á varðhaldi og fangelsi sem refsingu innan refsiréttarins. Engin breyting varð á fullnustu dóma þrátt fyrir framangreindar lagabreytingar.³⁶

Tvær breytingar voru gerðar með lögum nr. 68/2001 sem fólu í sér aukna heimild ráðherra til að takmarka innflutning, vörslu og meðferð fleiri efna sem flokkuðust undir ávana- og fíkniefni.³⁷ Annars vegar var sett bann við ýmsum efnum hérlendis samkvæmt 4. gr. en ráðherra var jafnframt veitt rýmri heimild til ákvörðunar um það mál. Með því þyrfti ekki að bíða í langan tíma eftir að slíkar breytingar færu í gegn í alþjóðasamningum sem Ísland var aðili að. Hins vegar var listi 6. gr. gerður ítarlegri í samræmi við komu nýrra efna á markaðinn frá setningu upprunalegu laganna.³⁸

Með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála var 3. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni felld úr gildi en samkvæmt greininni var farið með mál samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Með frumvarpi um meðferð sakamála voru lög um meðferð opinberra mála endurskoðuð og ákveðið að fella þau úr gildi.³⁹

Lög um ávana- og fíkniefni eru enn í gildi.

³⁴ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 o.fl., þskj. 204, 183. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0204.htm> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

³⁵ Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), þskj. 1549, 522. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1998.082.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

³⁶ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), þskj. 893, 522. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/122/s/0893.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

³⁷ Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, þskj. 1379, 630. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2001.068.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

³⁸ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, þskj. 1005, 630. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/1005.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

³⁹ Frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

2.2.2. Ákvæði 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Frumvarp til breytinga á hegningarlögum var flutt samhliða nýjum lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Þar var ætlunin að setja nýtt refsíákvæði í almannahættukafla hegningarlaga nr. XVIII, á eftir 173. gr. sem fæli í sér að meiri háttar brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni færu eftir ákvæðum hegningarlaga. Einnig var lagt til að refsimörk hækkuðu í tíu ár úr sex árum sem höfðu verið refsimörk ópíumlaganna. Sú hækkun var gerð til samræmis við reglur hinna Norðurlandanna.⁴⁰ Nýtt ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga⁴¹ var samþykkt með lögum nr. 64/1974 í samræmi við framangreint frumvarp.⁴²

Með lögum nr. 32/2001 voru refsimörk 173. gr. a. hegningarlaga hækkuð úr tíu árum í 12, samanber 1. gr. laga nr. 64/1974.⁴³ Nauðsynlegt þótti að hækka refsimörkin og þannig undirstrika alvarleika brotanna þar sem dómapróun síðustu ára hafði verið á þá leið að refsimörkin voru nánast fullnýtt. Refsingar höfðu einkum hækkað mikið í málum þar sem um var að ræða efni sem voru talin verulega hættuleg eins og MDMA⁴⁴ en í **H. 1997:328** var dæmd sex ára fangelsisrefsing fyrir innflutning á 964 MDMA töflum ásamt 58,1 g af kókaíni. Í tveimur dómum héraðsdóms frá árinu 2000 var fangelsisrefsing jafnframt níu ár fyrir brot gegn ákvæðinu.⁴⁵ Þar sem líklegt þótti að alvarlegri brot ættu eftir að líta dagsins ljós þótti mikilvægt að dómstólar fengju rýmkað svigrúm til að ákveða þyngri refsingu ef slík brot voru

⁴⁰ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 553, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0553.pdf> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

⁴¹ Ákvæði 173. gr. a. var svohljóðandi:

1) *Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.*

2) *Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.*

⁴² Lög nr. 64/1974 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 900, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0900.pdf> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

⁴³ Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 1158, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stj/2001.032.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

⁴⁴ MDMA er þekktast undir enska heitinu ecstasy.

⁴⁵ Í frumvarpi var sérstaklega getið dómana en umræddir héraðsdómar eru: Héraðsdómur Reykjavíkur. S-774/2000 og Héraðsdómur Reykjaness. S-1900/2000.

framin. Þóttu 12 ár hentugur tími þegar litið var til refsimarka innan hegningarlaganna.⁴⁶

Ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga er enn í gildi í dag.

2.2.3. Alþjóðasamningar

Strax á 19. öld var að einhverju leyti byrjað að reyna að hindra dreifingu og misnotkun ávana- og fíkniefna. Dæmi þess mátti sjá í „Ópíumstríðinu“ svokallaða sem stóð yfir á árunum 1840-1842. England lýsti yfir stríði á hendur Kína til verndar hagsmunum sínum til áframhaldandi ópíumsölu þar sem kínversk yfirvöld höfðu bannað innflutning á ópíum í landið. Andstaðan við ópíumviðskipti hélt þó áfram að aukast og árið 1909 komu fulltrúar 13 landa saman að frumkvæði Bandaríkjanna og gerðu með sér svokallaða „Shanghaiyfirlýsingu“ um takmörkun á ópíumviðskiptum. Yfirlýsingin var seinna meir einnig látin ná til efna sem skyld voru ópíum, þ.e. morfín, kókaín og heróín.⁴⁷

Stuttu seinna eða á milli árána 1911-1912 gerðu fulltrúar 12 þjóða með sér sáttmála á svokallaðri „Haagráðstefnu“. Samningurinn var gerður í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari verslun með ópíum og skyld efni. Jafnframt var komið á ákveðnum reglum um eftirlitsskyldu þjóða vegna slíkra viðskipta. Hugmyndir komu upp um að kanna áhrif kannabis en eiginlegt bann var ekki lagt til. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1912, en hann tók gildi hér á landi árið 1921.⁴⁸

Önnur alþjóðaráðstefna var haldin um ópíumviðskipti í Genf á árunum 1924-1925 að frumkvæði Þjóðabandalagsins og var samkomulag þar um undirritað árið 1925. Náði sáttmálinn til fleiri efna en í framangreindum sáttmálum, þar á meðal kannabisefna og laufa kókaplöntunnar. Með sáttmálanum voru aðildarríki hvött til að þyngja refsingar.⁴⁹

⁴⁶ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 376, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/0376.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

⁴⁷ Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 21.

⁴⁸ Jónatan Þórmundsson, „Eiturlyf og afbrot“. *Úlfjótur* 1972; 25 (3), bls. 216-217.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 217.

Árið 1931 var þriðja ópíumsamþykktin lögfest en í henni voru settar frekari reglur um unnin læknislyf. Aðildarríki áttu samkvæmt samþykktinni að auka eftirlit bæði innan sinna ríkja sem og með útflutningi til annara landa.⁵⁰

Ráðstefna var haldin í New York árið 1961 á vegum Sameinuðu Þjóðanna þar sem samþykktur var sáttmáli sem nefndist „Single Convention on Narcotic Drugs“. Í sáttmálanum voru settar alþjóðlegar reglur um skyldu til að hafa eftirlit með og takmarka framleiðslu og verslun með þau ávana- og fíkniefni sem að ákvæði sáttmálans tóku til. Sáttmálinn tók gildi á Íslandi árið 1975.⁵¹ Átti sáttmálinn að koma í stað fyrri sáttmála um fíkniefni sem þótti ekki nógu víðtækur þar sem ýmis efni sem jafnvel voru bönnuð af landslögum sumra þjóða voru ekki bönnuð samkvæmt sáttmálanum. Dæmi um slík efni voru ofskynjunarefni líkt og LSD sem og róandi lyf og amfetamín.⁵²

Árið 1971 var nýr sáttmáli, svonefndur „Convention on Psychotropic Substances“, gerður. Tók sáttmálinn einkum og sér í lagi til nýrra fíkniefna og lyfja og tók hann gildi á Íslandi árið 1976.⁵³

Alþingi samþykkti árið 1997 frumvarp um breytingu á hegningarlögum ásamt fleiri lögum vegna tveggja alþjóðlegra samninga. Annars vegar var það fíkniefnasamningur Sameinuðu Þjóðanna frá árinu 1988 (e. „United Nations Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances“) og hins vegar samningur um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum (e. „Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime“) frá árinu 1990.⁵⁴ Fíkniefnasamningurinn var saminn með áðurgreinda sáttmála Sameinuðu Þjóðanna frá árunum 1961 og 1971 að leiðarljósi. Markmið fíkniefnasamningsins var að beita sér gegn fíkniefnabrotum og fíkniefnaverslun með strangari refsilöggjöf hjá aðildarríkjum og alþjóðlegu samstarfi. Samningurinn um þvætti o.fl. var að nokkru leyti byggður á fíkniefnasamningnum hvað varðaði upptökuákvæði og skilgreiningu þvættis en innihélt ítarlegri reglur um alþjóðlegt samstarf og málsmeðferð. Helsta sameiginlega markmið beggja samninganna var að uppræta aðalhvatan að

⁵⁰ Sama heimild, bls. 217.

⁵¹ Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 22.

⁵² Jónatan Þórmundsson, „Eiturlyf og afbrot“, bls. 218.

⁵³ Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*, bls. 22.

⁵⁴ Aldís Yngvadóttir, Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, *Áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi – þróun og staða*. Reykjavík 1998, bls. 61.

afbrotum og glæpastarfsemi eða þann ágóða sem hægt var að afla af slíkum brotum.⁵⁵

Fyrir utan þá alþjóðasamningana sem Ísland er aðili að er það einnig aðili að alþjóðlegu lögreglusamtökunum Interpol og hefur verið það síðan árið 1971.⁵⁶ Interpol⁵⁷ er alþjóðastofnun sem var stofnuð árið 1923 til að auðvelda alþjóðlegt samstarf á sviði löggæslu og rannsókna sakamála. Aðildarríki eru 188.⁵⁸

Ísland er einnig í samstarfi við Europol⁵⁹, alþjóðastofnun á vegum Evrópusambandsins sem stuðlar að alþjóðlegri lögreglusamvinnu milli ríkja.⁶⁰

Nánar verður fjallað um Interpol og Europol í köflum 5.2. og 5.3. í tengslum við umfjöllun um alþjóðlega lögreglusamvinnu og skipulagða brotastarfsemi.

⁵⁵ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 o.fl., þskj. 204, 183. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0204.html> [Sótt á vefinn 7. maí 2010].

⁵⁶ Jónatan Þórmundsson, „Eiturlyf og afbrot“, bls. 218.

⁵⁷ Interpol stendur fyrir „International Criminal Police Organization“.

⁵⁸ Heimasíða Interpol, slóð: <http://www.interpol.int/default.asp> [Sótt á vefinn 2. september 2010].

⁵⁹ Europol stendur fyrir „European Police Office“.

⁶⁰ Heimasíða Europol, slóð: <http://www.europol.europa.eu/> [Sótt á vefinn 2. september 2010].

3. Úttekt á dómum Hæstaréttar frá 2006 til 2010 sem varða fíkniefnabrot

3.1. Inngangur

Í eftirfarandi kafla verða dómar kannaðir ásamt því að skoðuð verða þau atriði sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum. Nánar er farið út í þau atriði sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar í kafla 3.2.3. Þau atriði sem talin eru hafa mest áhrif á refsibýngd eru skoðuð sérstaklega í kafla 3.2.4. Könnun á dómum Hæstaréttar ásamt einum héraðsdómi sem nauðsynlegt þótti að taka með í könnunina kemur fram í kafla 3.3.

3. 2. Ákvörðun viðurlaga í fíkniefnamálum

3.2.1. Almenn um refsingar

Hugtakið refsing er ekki skilgreint í lögum né lögskýringargögnum. Refsing er þó að formi til skilgreind í tengslum við hugtakið afbrot, þannig að aðeins verði refsingu beitt vegna hegðunar, sem að lýst er sem afbroti í settum lögum, og jafnframt sé hegðunin afbrot, af því að refsing liggur við henni að lögum.⁶¹ Jafnframt hefur efnislegt inntak refsingar verið túlkað á eftirfarandi hátt, „Refsing er ein tegund viðurlaga, sem ríkisvald beitir þann, sem sekur hefur reynst um refsivert brot. Hún felur í sér vanþóknun og fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda dómþola þjáningu og óþægindum“.⁶² Þar sem refsingar eru stærsta inngrip ríkisvaldsins á hendur almenningi þykir eðlilegt að strangar kröfur séu gerðar til þess í hvaða tilvikum slík inngrip eru leyfð.⁶³ Forsenda refsiviðurlaga er sú að framið hafi verið afbrot og að ríkisvaldið hafi sannað slíkt með dómi eða á annan viðunandi máta.⁶⁴ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 gerir ráð fyrir refsingum en gefur ekki leiðbeiningar um hverjar þær eru eða hvernig þeim eigi að vera háttað. Þó eru settar takmarkanir á beitingu refsinga í ýmsum ákvæðum stjórnarskrár líkt og í 1. mgr. 67. gr. sem fjallar um að engan megi svipta frelsi

⁶¹ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík, bls. 62.

⁶² Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999, bls. 16.

⁶³ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, *Úlfjótur* 2004; 57 (2) bls. 203.

⁶⁴ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 63

nema samkvæmt heimild í lögum.⁶⁵ Löggjafanum er veitt ákvörðunarvald um það samkvæmt stjórnarskránni við hvaða háttsemi refsing skuli liggja og hvaða viðurlög í settum lögum.⁶⁶

Viðurlagakerfi refsilaga er tvíþætt sem skiptist í eiginlegar refsingar og önnur refsikennd viðurlög. Refsitegundirnar koma fram í 31. gr. hegningarlaga en það eru fangelsi og fésektir sem flokkast undir eiginlegar refsingar. Dæmi um önnur refsikennd viðurlög eru öryggisgæsla, eignaupptaka og réttindasvipting.⁶⁷

3.2.2. Refsimörk ákvæða sem fjalla um fíkniefnabrot

Með refsimörkum (refsiramma) er átt við það hámark og lágmark refsingar sem mælt er fyrir um í lögum hverju sinni. Dómstólar hafa fengið svigrúm til refsíákvörðunar innan ákveðinna lögmæltra refsimarka sem geta ýmist verið almenn refsimörk eða sérrefsimörk. Almenn refsimörk fela í sér að ákveðið lágmark og hámark refsivistar er tekið fram í refsíákvæðum þannig að refsimörk eru tiltekin í almennum ákvæðum hegningarlaga eða í ákvæðum refsilaga um einstakar brotategundir.⁶⁸ Sérrefsimörk eru ótilteknar (ólögmæltar) málsbótar- og þyngingarástæður eða lögmæltar refsilækkunar- og hækkunarástæður. Sérrefsimörk geta leitt til þyngri eða vægari refsingar en eru heimiluð í almennum refsimörkum. Dómstólum er oftast frjálst að meta hvort nota eigi sérrefsimörk.⁶⁹ Ekki koma sérrefsimörk fram í ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga og aðeins að takmörkuðu leyti í lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e.a.s. í 8. mgr. 5. gr. laganna. Þar kemur þó fram heimild til

⁶⁵ Ákvæði 67. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er svo hljóðandi:

[1) Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. 2) Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. 3) Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera. 4) Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. 5) Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.]

⁶⁶ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 202.

⁶⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 19.

⁶⁸ Jónatan Þórmundsson, Rökstuðningur refsíákvörðunar. *Rannsóknir í félagsvísindum IV* 2003, bls. 12.

⁶⁹ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 244-247.

aukinnar refsingar í vissum tilvikum þegar um ítrekuð brot er að ræða en ekki er nefnt hámark refsingar í ákvæðinu. Þegar kemur að almennum refsimörkum í fíkniefnabrotum þarf að skoða lög um ávana- og fíkniefni og hegningarlög. Í 1. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni er refsihámark tilgreint sex ár. Lágmark refsingar er ekki tilgreint í lögnum en kemur þó fram í umræddu ákvæði að brot geti varðað sektum. Í 173. gr. a. hegningarlaga er hámark refsingar tiltekið 12 ár. Lágmark refsingar er hins vegar ekki tilgreint í ákvæðinu. Ákvæði 1. mgr. 34. gr. hegningarlaga verður því lagt til grundvallar sem refsilágmark en það ákvæði fjallar um almennt lágmark og hámark fangelsisrefsingar í hegningarlögum. Lágmark fangelsisrefsingar er 30 dagar samkvæmt ákvæðinu.

Hafa refsimörk laga verið talin takmörkuð og matskennd viðmiðun við ákvörðun refsingar. Refsimörkin veita dómstólum takmarkaða vísbendingu um hvaða refsing sé hentug hverju sinni. Þó getur verið talsvert mismunandi svigrúm til mats handa dómstólum eftir refsimörkum brotategunda.⁷⁰ Taka ber tillit til ýmissa sjónarmiða þegar refsimörk eru skoðuð við ákvörðun refsingar. Má sem dæmi nefna kenningar um markmið refsinga eins og endurgjaldssjónarmið og almenn og sérstök varnaðaráhrif refsinga.⁷¹

Meta þarf refsipýngd samkvæmt öllum atvikum máls, eðli brots, brotaferli, persónulegum aðstæðum ákærða og svo framvegis. Fyrir utan þær refsiakvörðunarástæður sem lögmæltar eru þá geta dómstólar einnig stuðst við dómvenjur og meginreglur refsilaga við ákvörðun refsingar.⁷² Þegar skoðuð er refsihæð innan almennra refsimarkna og sérrefsimarkna að því er varðar ákvörðun refsingar þá reynir minna á einstaklingsbundin sjónarmið, sérstaklega þegar brotamaður er fullorðinn og álitinn heilbrigður einstaklingur. Eins ef brotið er afar hættulegt líkt og við dreifingu fíkniefna.⁷³ Auk þess ber að hafa í huga að engin tvö mál eru nákvæmlega eins og þess vegna er samanburður á refsimati dómstóla óáreiðanlegur og erfiður.⁷⁴ Rætt verður um þau atriði sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar hér á eftir.

⁷⁰ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 250.

⁷¹ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 226-227.

⁷² Sama heimild, bls. 226-227.

⁷³ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 254-255.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 250.

3.2.3. Atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum

Þegar hugað er að ákvörðun refsingar í víðum skilningi er átt við val milli refsinga og annarra viðurlaga, val milli refsitægunda og skilorðsbundinna og óskilorðsbundinna refsídóma og loks ákvörðun um refsihæð innan refsimarkalaga. Það sem felst í ákvörðun slíkrar refsingar í þrengri merkingu er, „...ákvörðun um refsihæð innan almennra refsimarkalaga (refsiramma) ákvæðis eða refsitægundar eða þá innan sérrefsimarkalaga, er ýmist styðjast við málsbætur og þyngingarástæður eða tilteknar refsilækkunar- og refsihækkunarástæður“.⁷⁵ Hér á eftir verður fjallað nánar um þætti sem geta haft áhrif á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum.

3.2.3.1. Refsilækkunar- og refsihækkunarástæður

Refsilækkunar- eða refsihækkunarástæður (heimildir) eru sérstök refsimörk vegna ákveðinna lögmæltra atvika sem tengjast afbroti. Ekki eru heimiluð frávik frá reglum um almennt hámark og lágmark refsitægunda samkvæmt sérstöku refsimörkunum, nema sérstakar heimildir séu veittar til þess í lögum.⁷⁶

Flokkast refsilækkunar- og hækkunarástæður í almennar og sérstakar heimildir. Almennar heimildir gilda án tillits til brotategundar. Sérstakar heimildir eru hins vegar bundnar við einstakar brotategundir.⁷⁷

Einnig er hægt að flokka refsilækkunar- og refsihækkunarástæður í bundnar og frjálsar heimildir. Bundin heimild felst í lækkun eða hækkun á lágmarki eða hámarki hinna almennu refsimarkalaga. Frjáls heimild veitir ýmist heimild til að fara upp fyrir hámark eða niður fyrir lágmark hinna almennu refsimarkalaga. Yfirleitt eru refsilækkunar- og refsihækkunarástæður frjálsar.⁷⁸

3.2.3.1.1. Refsilækkunarástæður

Þegar refsilækkunarástæður eru skoðaðar þarf að líta til þeirra ákvæða sem fjalla um fíkniefnabrot, nánar tiltekið ákvæði laga um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a. hegningarlaga. Í 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni kemur fram að við tilraun og hlutdeild á brotum skuli refsað samkvæmt ákvæðum III.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 244.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 248.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 248.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 248.

kafla hegningarlaga. Þær refsilækkunarheimildir sem hér getur um og tengjast fíkniefnabrotum eru almennar refsilækkunarástæður hegningarlaga, nánar tilgreint 20. gr. og 22. gr. hegningarlaga sem koma fram í III. kafla hegningarlaga, auk 74. gr. og 75. gr. hegningarlaga. Hér verða þau ákvæði skoðuð nánar.

Í III. kafla hegningarlaga, nánar tiltekið í 20. gr. laganna, er ákvæði um tilraun. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að sá sem hefur tekið ákvörðun um að vinna verk sem er refsivert samkvæmt hegningarlögum og sýnt ásetning til þess að framkvæma brotið, hefur gerst sekur um tilraun til brots þegar brot hefur ekki verið fullframið. Dæmi eru um að lögregla hafi lagt hald á fíkniefni áður en þau hafa verið móttekin og skipt efnum út fyrir gerviefni í þeirri von að komast að því hver sé raunverulegur eigandi fíkniefnanna. Í neðangreindum dómum hafði lögregla fundið fíkniefni áður en þau voru móttekin og fylgt málunum eftir með það að markmiði að reyna að finna þá sem stæðu að baki brotunum:

H. 72/2007. H var ásamt öðrum manni ákærður fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið að innflutningi á rúmlega 15 kg af amfetamíni og rúmlega 10 kg af kannabis, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni en Á og Ó voru ákærðir fyrir að hafa tekið við bifreið, sem þeir töldu ofangreind fíkniefni vera falin í og haft í vörslum sínum. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var um refsíakvarðanir sagði dómurinn varðandi Ó og A, „*Er hafið yfir skynsamlegan vafa að þeir hafi aðstoðað við að flytja bifreiðina í iðnaðarhúsnæðið á Krókhálsinum vitandi um að fíkniefni væru í henni og unnið þar með meðákærðu að töku efnanna úr henni í þeirri trú að það væru þau fíkniefni sem greind eru í ákæru og hafi vitað eða mátt vita að í henni höfðu verið falin. Eru A og Ó því sakfelldir fyrir þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæru þó þannig að virða ber verknað ákærða að hluta sem tilraun til brots á 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, þar sem mestur hluti þeirra efna sem ákærðu höfðu í vörslum sínum voru gerviefni sem lögreglan hafði komið fyrir í bifreiðinni í stað fíkniefnanna. Þetta hefur þó engin áhrif á refsíakvörðun í málinu, enda hafði ákærði ótvíræðan ásetning til að fremja brotið, sbr. 2. mgr. 20. gr.*“

H. 426/2009. J var ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa gert tilraun til að móttaka og hafa í vörslum sínum ríflega 1 kg af amfetamíni, ætluðu til söludreifingar hér á landi. Fíkniefnin höfðu verið send í pósti frá Póllandi en þegar J sótti það sem hann taldi fíkniefni þá hafði lögregla fjarlæggt efnin úr sendingunni. Í málinu var J einnig ákærður fyrir fleiri brot. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti kom meðal annars fram að J hefði gerst sekur um tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots og brotið gegn þeim ákvæðum sem tilfærð voru við þann ákærulið. Taldist brotið J varða við 173. gr. a. hegningarlaga, sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Nauðsynlegt þykir að hafa tilraunaákvæði í lögum en án þess stæði aðeins val milli þess að sakfella fyrir fullframið afbrot eða sýkna. Bent hefur verið á þau sérstöku varnaðaráhrif sem tilraunaákvæðum er ætlað að hafa til að koma í veg fyrir mögulegar freistingar til að endurtaka tilraun. Hafa ber í huga að tilraun er ætíð bundin við ásetningsverk.⁷⁹ Ekki hefur alltaf tekist að sanna að um ásetning hafi verið að ræða í þeim tilfellum sem lögregla hefur komið fyrir gerviefnum í stað fíkniefna. Í eftirtöldum dómi tókst ekki að sanna slíkan ásetning:

H. 435/2007. X og Y voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, í ágóðaskyni. Hafði lögregla lagt hald á fíkniefnin sem fundust í bíl sem sendur hafði verið frá Þýskalandi til Íslands. Var fíkniefnunum skipt út fyrir gerviefni. Ekki tókst að upplýsa málið og ekki þótti sannað að X og Y hefðu haft ásetning til þess að fremja fíkniefnabrot en Y hafði séð fréttir í blöðum um haldlagningu fíkniefna en upplýsingarnar voru ekki taldar geta átt við um annað mál en umrætt. Voru ákærðu sýknaðir. Kom eftirfarandi meðal annars fram í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti um þátt Y í málinu, „Það er álit dómsins að ekki sé unnt að virða það sem sönnun að ákærði bragðaði á efnunum áður en hann sturtaði þeim niður enda hefur ákærði Y frá skýrslutöku 8. mars sl., borið um að hafa vitað hvers kyns var og styðja blaðgreinar sem raktar voru framburð ákærða að þessu leyti“.

Tilraunaheimild 20. gr. er bundin við almenn hegningarlög sem felur í sér að ákvæðið tekur ekki til sérrefsilagaákvæða, samanber orðalagið „*sem refsing er lögð við í lögum þessum*“.⁸⁰ Ákvæðið tekur þó til laga um ávana- og fíkniefni þar sem þess er sérstaklega getið í 5. mgr. 5. gr. þeirra laga að tilraun til brots á lögnum sé refsiverð eftir III. kafla hegningarlaga. Í neðangreindum dómi gerðist brotamaður sekur um tilraunaverknað en ekki fullframið brot:

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. A var ákærður ásamt fimm öðrum mönnum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á samtals rúmlega 23,5 kg af amfetamíni, rúmlega 14 kg af MDMA dufti og ríflega 1.700 MDMA töflum til landsins, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms var A sýknaður af innflutningi fíkniefnanna en þegar þáttur hans var virtur í heild þótti hann hafa gerst sekur um tilraunaverknað en ekki fullframið brot fyrir að hafa ætlað að taka við pakka sem hann vissi að innihélt fíkniefni. Hafði hann sýnt ásetning í verki með því að taka við farsíma og nota hann í samskiptum við einn ákærðra. Vísaði héraðsdómur í 20. gr. hegningarlaga niðurstöðu sinni til stuðnings.

⁷⁹ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 104-105.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 108.

2. mgr. 20. gr. hegningarlaga felur í sér að dæma má lægri refsingu en mælt er fyrir um fullframið brot þegar tilraun til brots á sér stað. Þar kemur fram að slíkt sé einkum gert þegar sjá má af tilrauninni að brotamaður sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harnaður og ætla má um menn sem fullfremja slík brot.

Dómstólum er með framangreindri refsilækkunarheimild leyfilegt að færa refsingu niður fyrir lágmark viðkomandi refsimarka og fésekt.⁸¹ Dæma má refsingu fyrir tilraun hvort sem hún er nothæf eða ónothæf. Heimildin tekur bæði til framkvæmdaathafna og undirbúningsathafna en meira reynir á undirbúningsathafnir. Við matið er til að mynda skoðað hversu langt undirbúningur fyrir brot er komin. Í íslenskri réttarframkvæmd er þó sjaldan sem refsilækkun á sér stoð í 2. mgr. 20. gr. heldur er algengara að heimildin leiði einungis til málsbóta innan hinna lögmæltu refsimarka viðkomandi brotategundar.⁸² Í neðangreindum dómi var ekki tekið tillit til 2. mgr. 20. gr. hegningarlaga:

H. 72/2007. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti um refsíákvörðun varðandi O var sagt, „Sé því hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi aðstoðað við að flytja bifreiðina í iðnaðarhúsnæðið á Krókhálsinum vitandi um að fíkniefni væru í henni og unnið þar með meðákærðu J og Á að töku efnanna úr henni í þeirri trú að það væru þau fíkniefni sem greind eru í ákæru og hann vissi eða mátt vita að í henni höfðu verið falin. Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru þó þannig að virða ber verknað ákærða að hluta sem tilraun til brots á 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, þar sem mestur hluti þeirra efna sem ákærði hafði í vörslum sínum voru gerviefni sem lögreglan hafði komið fyrir í bifreiðinni í stað fíkniefnanna. Þetta hefur þó engin áhrif á refsíákvörðun í málinu, enda hafði ákærði ótvíræðan ásetning til að fremja brotið, sbr. 2. mgr. 20. gr.“

Einnig er heimild í 3. mgr. 20. gr. til refsibrottfalls að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem ekki verður nánar farið í hér.

Almenn hlutdeildarheimild er í III. kafla hegningarlaga, nánar tiltekið í 22. gr. Sú heimild á einungis við um hegningarlög og tekur því ekki til sérrefsilagaákvæða nema þess sé sérstaklega getið í viðkomandi lögum, samanber orðalagið „*að brot samkvæmt lögum þessum er framið*“.⁸³ Ákvæðið á hins vegar við lög um ávana- og fíkniefni þar sem 5. mgr. 5. gr. þeirra laga

⁸¹ *Alþingistíðindi* 1939, A-deild, bls. 359.

⁸² Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 123.

⁸³ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 133.

kveður skýrt á um að hlutdeild í brotum á þeim lögum sé refsiverð eftir III. kafla hegningarlaga.

1. mgr. 22. gr. felur í sér að sá aðili sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í að brot verði framið samkvæmt lögnum, skuli sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð.

Þegar hlutdeild er skoðuð er fyrst og fremst átt við þátttöku í undirbúningi, skipulagningu og hagnaði verknaðar, sem annar maður eða aðrir menn sjá um að framkvæma. Þó getur lítil þáttur eða aukahlutverk í sjálfri framkvæmd eða fullframningu brots talist til hlutdeildar. Hlutdeildarreglur heimila rýmkaðan og sjálfstæðan ábyrgðargrundvöll, en virka að öllum jafnaði til mildunar í framkvæmd miðað við aðalverknað.⁸⁴

Ákvæði 2. mgr. 22. gr. hegningarlaga felur í sér að dæma má mann í vægari refsingu en þá refsingu sem lögmaelt var við brotinu ef hlutdeild umrædds þátttakanda í brotinu er smávægileg, í því fólgin að styrkja áform annars sem áður eru til orðin og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka misheppnast. Hér er um *frjálsar refsilækkunarheimildir* að ræða. Slíkar heimildir gilda um brot gegn hegningarlögum en einnig þeim lögum sem byggja á 22. gr. samkvæmt beinni eða óbeinni tilvísun til greinarinnar.⁸⁵ Dómstólum er með ákvæðinu heimilt að færa refsingu niður fyrir lágmark viðkomandi refsimarca og niður í lægstu lögleyfðu refsingu sem er fésekt. Þó er sjaldan líkt og með 2. mgr. 20. gr. um raunverulega refsilækkun að ræða heldur hefur frekar verið litið til málsbóta við umræddar aðstæður.⁸⁶ Lítið virðist reyna á hlutdeildarákvæði í fíkniefnamálum.

Ákvæði 1. mgr. 74. gr. hegningarlaga heimilar að refsing sé færð niður úr því lágmarki sem ákveðið er í lögum þegar einhver níu töluliða málsgreinarinnar á við. Heimild til refsibrottfalls kemur fram í 2. mgr. 74. gr. við atriðum samkvæmt 1.- 8. tölulið 1. mgr. umræddrar greinar, til að mynda ef maður hefur farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar.

Ákvæði 74. gr. hegningarlaga inniheldur bundnar refsilækkunarheimildir en ákvæði 2. tl. 1. mgr. ákvæðisins inniheldur þó

⁸⁴ Sama heimild, bls. 145.

⁸⁵ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 143.

⁸⁶ Sama heimild, bls. 143.

blandaðar refsheimildir.⁸⁷ Fá dæmi eru um beitingu 74. gr. hegningarlaga varðandi fíkniefnabrot en þó má ímynda sér að það geti verið vísað til 3., 5. og 9. töluliða greinarinnar í slíkum málum. Refsilækkunarheimild 3. töluliðar getur átt við þegar sá sem fremur verk telur það ekki réttarbrot. Samkvæmt 5. tölulið er hægt að færa refsingu niður ef maður lætur til leiðast að fremja brot sökum þess að hann er öðrum háður og samkvæmt 9. tölulið ef maður segir að sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilningslega frá öllum atvikum. Telja verður ólíklegt að aðrir töluliðir umræddrar málsgreinar geti átt við refsingar í fíkniefnamálum. Neðangreindur dómur sýnir þó notkun á 9. tl. 74. gr.:

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. Í málinu var um að ræða stórfelldan innflutning á amfetamíni, MDMA dufti og MDMA töflum, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði varðandi þátt B í málinu að hann hefði játað þátt sinn og að sakfelling hans byggðist alveg á játningu hans. Þótti bera að taka tillit til þess til lækkunar refsingar sbr. 9. tl. 74. gr. hegningarlaga.

Í 75. gr. hegningarlaga er heimild til þess að færa refsingu niður og til að láta refsingu niður falla ef brot varðar ekki þyngri refsingu en einu ári. Til þess að slíkar refsilækkunarheimildir séu heimilaðar þarf brot að hafa verið framið í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinnns ójafnvægis á geði eða þegar svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot. Erfitt er að ímynda sér að refsilækkunarheimild 75. gr. geti átt við um fíkniefnabrot þar sem telja verður að í slíkum málum sé yfirleitt um skipulagða brotastarfsemi að ræða.

3.2.3.1.2. Refsihækkunarástæður

Þegar refsihækkunarástæður eru metnar í fíkniefnamálum þarf að skoða þau ákvæði sem gilda um fíkniefnabrot eða ákvæði laga um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a. hegningarlaga. Heimildir til refsihækkunar geta verið almennar og sérstakar. Fjallað er um sérstakar refsihækkunarástæður í 8. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni (*bundin refsihækkunarheimild*) en þar varðar ítrekun á broti gegn lögnum aukinni refsingu sé um að ræða innflutning eða dreifingu efna sem bönnuð eru samkvæmt 2. – 4. gr. a. sömu laga. Neðangreindur

⁸⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 249.

dómur sýnir beitingu refsihækkunarheimilda í samræmi við lög um ávana- og fíkniefni:

H. 377/2008. A og T voru sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á 4.639,50 g af amfetamíni og 594,70 g af kókaini, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Við ákvörðun refsingar hjá A sagði í niðurstöðu Hæstaréttar að A hefði frá árinu 1993 hlotið tíu refsidóma og að með dómi sem ákærði hefði hlotið árið 2003 hefði hann verið dæmdur fyrir innflutning á fíkniefnum og hefði sá dómur ítrekunaráhrif sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og væri tekið mið af honum til þyngingar á refsíákvörðun A.

Almennar refsihækkunarástæður hegningarlaga sem tengjast fíkniefnabrotum koma fram í 71. gr., 72. gr. og 2. mgr. 77. gr. hegningarlaga. Verða þau ákvæði nánar skoðuð hér.

Í 71. gr. hegningarlaga er almennt ítrekunarákvæði en þar koma fram nokkur almenn skilyrði fyrir heimild til ítrekunaráhrifa vegna eldra brots. Ákvæði 1. mgr. felur nánar í sér:

71. gr. Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengist undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefur á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

Reglur um ítrekunaráhrif í refsilögum, samanber 71. gr. eru meðal annars miðaðar við það að herða þurfi refsingar smátt og smátt eftir því sem sakaferill manns lengist, til að varnaðarsjónarmið séu líklegri til að komast til skila.⁸⁸ Ekki felur sjálfst ákvæði 71. gr. í sér ítrekunarheimildir, heldur gerir ákvæðið þá kröfu að þær finnist í lagaákvæðum um einstakar brotategundir.⁸⁹ Ítrekunarheimildir eru í framkvæmd oftast notaðar aðeins til þyngingar innan almennra refsimarka laga eða sérrefsimarka frekar en til raunverulegrar refsihækkunar.⁹⁰ Í neðangreindum dómi reyndi á ítrekunarheimild hegningarlaga:

H. 665/2007. U var sakfelldur fyrir þrjú fíkniefnalagabrot ásamt fleiri brotum. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði varðandi ákvörðun refsingar að ákærði hefði verið dæmdur 31 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, umferðarlögum, tékkalögum og vopnalögum. Ákærði

⁸⁸ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 70.

⁸⁹ Sama heimild, bls. 276.

⁹⁰ Sama heimild, bls. 272.

hefði meðal annars margítrekað gerst sekur um auðgunarbrot. Litið var meðal annars til 71. gr. hegningarlaga við ákvörðun refsingar U.

Í framkvæmd virðist ekki alltaf vera vísað í ákvæði 71. gr. laganna þegar um ítrekun er að ræða. Í neðangreindum dómi var ekki vísað í lagaákvæði 71. gr. en þar var engu að síður tekið fram að um ítrekunaráhrif væri að ræða:

H. 389/2006. T var ákærður ásamt öðrum fyrir stórfellt fíkniefnabrot með því að hafa staðið að innflutningi á 7.694,86 g af amfetamíni. Þá var talið að T hefði falið öðrum manni að taka við efninu, pakka og senda það til landsins. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var um refsingu T var eftirfarandi háttsemi meðal annars metin honum til refsipýngingar, „Ákærði hefur frá árinu 2001 gengist undir fjórar lögreglustjórásáttir fyrir umferðarlagabrot. Hann hlaut 8 mánaða fangelsisdóm í mars 2002 fyrir fíkniefnabrot. Brot hans samkvæmt 1. lið ákæru er stórfellt. Refsing hans er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans nú er ítrekað en ofangreindur dómur hefur ítrekunaráhrif“. Þótti refsing T hæfileg fangelsi í 6 ár.

Dómstólum er einnig heimilt samkvæmt 2. mgr. 71. gr. að láta erlenda refsidóma hafa ítrekunaráhrif. Í neðangreindum dómum reyndi meðal annars á þá heimild:

H. 72/2007. H var ásamt öðrum manni ákærður fyrir að hafa staðið að innflutningi á rúmum 15 kg af amfetamíni og rúmum 10 kg af kannabis ætluðum til söludreifingar í ágóðaskyni en Á og Ó voru ákærðir fyrir að hafa tekið við bifreið sem þeir töldu ofangreind fíkniefni vera í og hafa í sínum vörslum. Við ákvörðun refsingar Á hafði dómur er hann hlaut fyrir héraðsdómi í Hollandi ítrekunaráhrif, sbr. 2. mgr. 71. gr. hegningarlaga og 8. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Fyrra brot Ó hafði jafnframt ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga og 8. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

H. 509/2009. P, R og Á voru sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á 55.116,65 g af amfetamíni, 53.889,65 af kannabis og 9.432 MDMA töflum. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti hvað varðaði sakfellingu ákærðu sagði að ákærði R hefði hlotið 18 mánaða fangelsi í Danmörku árið 2005 fyrir fíkniefnasmygl en við refsíákvörðun hans var höfð hliðsjón meðal annars af 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

H. 150/2009. J og Þ voru sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á rúmlega 191 kg af kannabis og rúmlega 1.300 g af kókaíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Í niðurstöðu Hæstaréttar við ákvörðun refsingar kom fram að J hefði verið dæmdur fyrir héraðsdómi á Alicante á Spáni árið 2005 í þriggja ára og níu mánaða fangelsi fyrir innflutning á miklu magni fíkniefna. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga var dómur þessi látinn hafa ítrekunaráhrif á brot ákærða sem hér var fjallað um.

Samkvæmt 3. mgr. 71. gr. falla ítrekunaráhrif niður að fimm árum liðnum frá því að sökunautur tók út fyrri refsinguna eða frá því að hún hefur fallið niður.

Í 72. gr. hegningarlaga er að finna heimild sem fjallar um afbrot af vana. Samkvæmt ákvæðinu getur refsing aukist allt að helmingi hafi menn lagt í vana sinn að fremja brot, eitt eða fleiri, eða slíkt sé gert í atvinnuskyni. Þá er heimild til að tvöfalda slíka refsingu ef um ítrekun á henni er að ræða. Ákvæði 72. gr. hefur verið talið hafa nokkra sérstöðu þar sem hægt sé að líta á ákvæðið sem einhvers konar viðauka við eiginlegar ítrekunarreglur og heimild 72. gr. til tvöföldunar á refsingu er ekki háð ítrekunarreglum 71. gr. Ákvæðið tekur til vanaafbrotu og brota sem eru framkvæmd í atvinnuskyni.⁹¹ Heimild ákvæðisins til refsihækkunar miðast við hið almenna refsihámark hverju sinni. Þeir sem sæta refsiakvörðun samkvæmt ákvæðinu eru yfirleitt með langan brotaferil að baki þar sem venjulega er skammt milli afbrota. Þó getur ein brotahrina nægt þótt viðkomandi eigi ekki að baki langan brotaferil. Oft eru mörg afbrot dæmd í sama máli en þá reynir gjarnan samtímis á ítrekun og brotasamsteypu auk 72. gr. laganna. Í sumum málum er tekið fram hversu oft ákærði hefur verið dæmdur og að hann sé vanaafbrotamaður eða síbrotamaður.⁹² Ekki virðist mikið reyna á ákvæði 72. gr. í fíkniefnamálum samanber þó eftirfarandi dóm:

H. 42/2007. G var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot ásamt fleiri brotum. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til langs sakaferils G, ítrekunar og langrar brotahrinu, til refsihækkunar. Var tekið fram í niðurstöðu dómsins að ákærði væri síbrotamaður samkvæmt 72. gr. hegningarlaga.

Í 77. gr. hegningarlaga er að finna ákvæði sem fjallar um brotasamsteypu. Brotasamsteypa felur nánar í sér, „*tvö eða fleiri afbrot sama manns, sem bæði (öllum) eru framin, áður en um nokkurt þeirra er dæmt eða sektargerð lokið.*“⁹³ Í 1. mgr. 77. gr. hegningarlaga kemur fram að verði aðili meðan á sama málinu stendur, uppvís af því að hafa framið fleiri en eitt brot, á að dæma fyrir þau brot í einu lagi þannig að þau séu öll tekin til greina. Liggi ævilangt fangelsi við alvarlegasta brotinu verður hins vegar ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin.

⁹¹ *Alþingistíðindi*, 1939, A-deild, bls. 281.

⁹² Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 260-265.

⁹³ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 43.

Líta verður á hvert brot sem sjálfstætt brot en brotasamsteypu má flokka eftir fjölda verknaða í *concursum realis* (hver verknaður eitt brot) og *concursum idealis* (hver verknaður fleiri en eitt brot).⁹⁴ Í þeirri meginreglu 1. mgr. 77. gr. að taka skuli öll brotin til greina við refsíákvörðun felst ekki algjör samsteypa sem myndi leiða af sér óraunhæfar fangelsisrefsingar sem næðu jafnvel fram yfir eðlilegan dánaraldur fólks. Hér er um takmarkaða samsteypu refsinga að ræða.⁹⁵ Það virðist eðlilegt að taka tillit til þess í fíkniefnamálum sem og öðrum málum. Í neðangreindum dómum var vísað í 77. gr. sem refsihækkunarástæðu við ákvörðun refsingar:

H. 357/2006. K og X voru ákærðir fyrir að hafa í vörslum sínum fíkniefni við lögregluleit á heimili K. X var sýknaður af ákæru en K sakfelldur fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að með vísan til 77. gr. hegningarlaga og forsendna héraðsdóms yrði niðurstaða dómsins um að X skyldi sæta fangelsi í 12 mánuði staðfest.

H. 98/2007. E var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa vörslur á ríflega 10 g af amfetamíni, ásamt fleiri brotum. Hæstiréttur vísaði til forsendna héraðsdóms en þar var refsing meðal annars ákveðin með vísan til 77. gr. hegningarlaga.

H. 264/2007. B var sakfelldur fyrir að hafa í vörslum sínum ríflega 70 g af amfetamíni og rúmlega 1 g af kókaíni sem fundust á heimili hans og við líkamsleit á honum. Hæstiréttur vísaði til forsendna héraðsdóms hvað varðaði refsíákvörðun en að virtum sakaferli B og því að hann rauf meðal annars skilorð reynslulausnar, þótti refsing B hæfileg með vísan til 77. gr. hegningarlaga fangelsi í 9 mánuði.

H. 540/2008. X var sakfelldur fyrir fíkniefnabrot samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, ásamt umferðarlagabroti. Var X sakfelldur fyrir að hafa í vörslum sínum samtals 51,78 g amfetamín, 1,96 g marihuana og 13,71 g kókaín. X rauf með brotum sínum skilorð reynslulausnar og var ákærða því dæmd refsing í einu lagi fyrir þau brot sem hann var nú sakfelldur fyrir og þær eftirstöðvar sem reynslulausnin tók til, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga og 77. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. hegningarlaga er hægt að bæta við refsingu allt að helmingi hennar en refsingu skal að jafnaði tiltaka innan refsimarka þess ákvæðis, sem við brotunum liggur. Varða brotin ekki öll sama refsíákvæði skal miða refsingu við það ákvæði sem þyngsta refsingu setur.

Þar sem um er að ræða frjálsa refsihækkunarheimild, helst refsilágmark óbreytt og eru heimildinni settar litlar skorður. Svo virðist þó vera algengast að heimild 2. mgr. 77. gr. sé aðeins nýtt til refsipýngingar en ekki

⁹⁴ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 284-285.

⁹⁵ *Alþingistíðindi*, 1939, A-deild, bls. 370.

refsihækkunar út fyrir hið almenna refsihámark. Helst kemur refsihækkun til álita í alvarlegum málum.⁹⁶ Refsihækkunarheimildinni eru engar takmarkanir settar, þar sem henni má beita „...*eftir málavöxtum*...“. Í framkvæmd reynir þó sjaldan á heimildina.⁹⁷ Ekki eru dæmi þess að reynt hafi á heimild 2. mgr. 77. gr. hegningarlaga í þeim fíkniefnamálum sem til skoðunar voru hér.

Um hegningarauka er fjallað í 78. gr. hegningarlaga en þar kemur fram að ef maður, sem búið er að dæma fyrir eitt eða fleiri brot hefur framið fleiri brot, áður en hann var dæmdur, skuli hegningarauki dæmdur. Sá hegningarauki á að vera í samræmi við þá þyngingu hegningar sem myndi hafa orðið ef öll brotin hefðu verið dæmd í fyrra málinu. Má í því tilfelli dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Við ákvörðun hegningarauka gilda sömu meginreglur og almennt við refsíákvörðun vegna brotasamsteypu samkvæmt 77. gr. laganna. Heimilt er samkvæmt 1. mgr. 78. gr. að dæma refsivist til styttri tíma heldur en mælt er fyrir um í almennu reglu laganna í 34. gr. um hámark og lágmark refsivistar. Með þeirri heimild er framkvæmd reglunnar um hegningarauka auðvelduð. Þar sem ekkert lágmark fangelsis er tekið fram í 78. gr. má væntanlega dæma allt niður í einn dag í fangelsi sem hegningarauka. Við ákvörðun hegningaraukans hefur ekki þótt skipta máli hvort refsing samkvæmt fyrri dómi hefur verið tekin út eða ekki.⁹⁸ Í neðangreindum dómum var refsing ákærðu ákveðin sem hegningarauki:

H. 147/2006. L var sakfelldur ásamt öðrum manni í héraði fyrir framleiðslu á 110,8 g af amfetamíni og vörslur á ákveðnu magni efna og vökva sem tengdust framleiðslunni. Einnig var S sakfelldur fyrir vörslur á 64,18 g af amfetamíni og 193 amfetamíntöflur heima hjá sér og 10,71 g hass og 0,45 g amfetamín í bifreið sinni. Í Héraðsdómi sem staðfestur var af Hæstarétti sagði, „*Brot samkvæmt ákæru eru öll framin áður en ákærði gekkst undir sáttir á árunum 2004 og 2005. Þer því að tiltaka refsingu sem hegningarauka samkvæmt 78. gr. laga nr. 19/1940*“.

H. 59/2007. I og SP voru sakfelldir fyrir fíkniefnabrot ásamt mörgum öðrum brotum. Var I sakfelldur fyrir vörslur fíkniefna í fjögur skipti ásamt ýmsum öðrum brotum. Samkvæmt héraðsdómi sem staðfestur var af Hæstarétti var *refsing I fyrir stóran hluta brotanna ákveðin sem hegningarauki í samræmi við 78. gr. hegningarlaga* en öll brot hans, að einu undanskildu voru framin fyrir uppkvaðningu dóms frá 2005 og einnig áður en hann gekkst undir lögreglustjórásáttir. SP var sakfelldur fyrir vörslur fíkniefna í tvígang ásamt

⁹⁶ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 265-266.

⁹⁷ Sama heimild, bls. 291.

⁹⁸ Sama heimild, bls. 370.

nokkrum öðrum brotum. Var refsing SP ákveðin að hluta sem hegningarauki samkvæmt 78. gr. hegningarlaga en þrjú af brotum SP voru framin fyrir dóm frá 2004.

H. 480/2009. G var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot með vörslum á amfetamíni, hassi og marihuana, ásamt mörgum öðrum brotum. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti sagði, „*Voru öll brotin framin fyrir uppkvaðningu dómsins hinn 8. júní 2009, en að hluta til fyrir refsíakvarðanirnar 27. júní og 16. september 2008, þar á meðal tvö brot af fimm þar sem ákærði ók undir áhrifum fíkniefna. Verður refsing ákærða að því leyti ákvörðuð sem hegningarauki skv. 78. gr. almennra hegningarlaga við þessar refsíakvarðanir*“.

3.2.3.2. Málsbætur og refsipýngingarástæður

Í 70. gr. hegningarlaga er að finna heimild til ýmist málsbóta (atriði sem eru sakborningi í hag) eða refsipýngingar (atriði sem eru sakborningi í óhag) innan hinna almennu refsimarka eða sérrefsimarka laga. Hér er því ekki um refsihækkunar- eða refsilækkunarástæður að ræða. Ekki eru málsbætur eða refsipýngingarástæður tæmandi taldar í ákvæðinu, heldur geta slíkar heimildir einnig komið fram í öðrum lagareglum eða öðrum ólögum mæltum refsíakvörðunarástæðum.⁹⁹

Í 1. mgr. 70. gr. eru talin upp í níu töluliðum atriði sem skoða þarf við ákvörðun refsingar. Þau atriði eru flest matskennd en með misjöfnum hætti þar sem atriði sem fjalla til dæmis um ungan aldur, styrkan og einbeittan vilja eða virðingarverða hvöt *ber* að taka til greina við ákvörðun refsingar en önnur atriði *má* taka til greina.¹⁰⁰ Við refsíakvörðun þarf stundum að taka fram bæði málsbætur og refsipýngingarástæður í sama dómi sem geta þá vegið hver aðra upp að einhverju leyti.¹⁰¹ Hér verða 1.-9. töluliðir 1. mgr. 70. gr. nánar skoðaðir með tilliti til fíkniefnabrota.

1. tl. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefur beinst að. Hér er átt við mikilvægi verknaðarandlags sem í fíkniefnamálum hefur verið talið almannaheill en hér er tekið mið af dreifingu mikils fíkniefnamagns.¹⁰² Töluliðurinn hefur þó nokkuð verið notaður vegna fíkniefnabrota til refsipýngingar samanber meðal annars í málum Hæstaréttar númer **H. 667/2006**, **H. 16/2006** og **H. 668/2006**. Þó virðist oft vera vísað í mikið magn

⁹⁹ Sama heimild, bls. 254.

¹⁰⁰ *Alþingistíðindi* 1939, A-deild, bls. 368.

¹⁰¹ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 254.

¹⁰² Sama heimild, bls. 254.

fíkniefna og mikilvæga hagsmuni án þess að vísað sé í 1. tölulið. 1. mgr. ákvæðisins.

H. 16/2006. R var sakfelldur ásamt öðrum manni fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, fyrir að hafa staðið að innflutningi á 3.986,80 g af metamfetamíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti kom fram að aðferð ákærðu við innflutninginn bæri vott um þaulskipulagt brot þar sem fíkniefnunum hafði verið komið vel fyrir í sérútbúnu geymsluhólfi í járnbita í undirvagni bifreiðarinnar. Var vísað í 1. tl. 1. mgr. 70. gr. því til refsibýngingar. Þótti refsing R hæfileg fangelsi í þrjú ár.

H. 668/2006. A var sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga með því að hafa staðið að innflutningi á 691,88 g af kókaíni til landsins ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Fíkniefnin hafði A falið í tölvu sem hann flutti til landsins sem flugfarþegi frá Bandaríkjunum. Við ákvörðun refsingar var m.a. litið þess að A vissi að fíkniefnin væru ætluð til söludreifingar héraðs og beindist brot A því að mikilsverðum hagsmunum og var metið til refsibýngingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga. Þótti refsing A hæfileg fangelsi í 18 mánuði.

2. tl. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefur valdið. Átt er við umfang tjóns eða afleiðingar afbrots, til dæmis fjárhæð fjárvika, verðmæti þýfis og tjón vegna líkamsárásar.¹⁰³ Litið virðist reyna á þennan tölulið við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum.

3. tl. Hversu mikil hættu var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt. Hættustig og verknaðaraðferð eru einkum skoðuð hér í tengslum við töluliðinn.¹⁰⁴ Hefur yfirleitt verið vísað í umræddan tölulið til refsibýngingar í tengslum við fíkniefnabrot þegar styrkleiki fíkniefna hefur þótt yfir meðallagi, samanber til dæmis **H. 667/2006** og **H. 668/2006**. Það hefur einnig verið tekið mið af því þegar styrkleiki efnis er undir meðallagi, að slíkt geti leitt til málsbóta, samanber **H. 218/2005**.

H. 667/2006. S og V voru sakfelldir fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á ríflega 12 kg af mjög sterku amfetamíni, ætluðu til söludreifingar í hagnaðarskyni. Samkvæmt matsgerð hefði verið hægt að drýgja efnið og fá þannig úr því um eða yfir 30 kg af amfetamíni með 20% styrkleika. Í niðurstöðu héraðsdóms um refsiakvörðun sem staðfest var af Hæstarétti var metið til sérstakrar refsibýngingar magn og styrkleiki efnisins sem þeir fluttu inn í sameiningu, sbr. 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga. Þótti refsing S og V hæfileg fangelsi í sjö ár.

¹⁰³ Sama heimild, bls. 255.

¹⁰⁴ Sama heimild, bls. 255.

H. 218/2005. Á var sakfelldur fyrir að hafa lagt á ráðin um kaup og innflutning á 832 g af hassi og 235,77 g af kókaini, í ágóðaskyni. Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti í málinu var meðal annars litið til þess að kókainið var fremur veikt og þótti refsing ákærða hæfileg fangelsi tvö ár og sex mánuðir.

4. tl. Aldur þess, sem að verkinu er valdur. Litið hefur verið á ungan aldur til málsbóta í framkvæmd en það sama getur einnig átt við um háan aldur. Þá hafa slík sjónarmið oft leitt til skilorðsbundinna dóma.¹⁰⁵ Ekki virðist mikið reyna á þennan tölulið í tengslum við fíkniefnabrot. Þó má leiða líkur af því að mögulega hefði verið hægt að líta til hás aldurs í **H. 150/2009** til málsbóta þar sem J var komin á ellilífeyrisaldur en hann var 71 árs að aldri. Reyndi hins vegar ekki á það efni fyrir dómi. Í neðangreindum dómi var tekið mið af ungum aldri til málsbóta:

H. 373/2005. V og F voru ásamt fleirum sakfelldir fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á 1000 töflum af MDMA-klóríð og 131,63 g af kókaini, ætluðu til söludreifingar hér á landi. Í niðurstöðu dómsins kom fram að sérstaklega bæri að taka tillit til þess að F var ungur að árum þegar hann framdi brotið og vísað í 4. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga því til stuðnings.

5. tl. Hegðun hans að undanförmu. Í þessu tilfelli er sakaferill geranda aðallega hafður í huga. Hreinn sakaferill er til málsbóta en eftir því sem brot eru fleiri og alvarlegri verða líkurnar meiri á frekari refsipýngingu.¹⁰⁶ Vísað var í töluliðinn meðal annars í dómum **H. 509/2009** og **Héraðsdómi Reykjavíkur. S-51/2008.** Einnig í eftirfarandi dómi:

H. 4/2008. T var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa í vörslum sínum 25,62 g af amfetamíni, ásamt öðru broti. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti var meðal annars litið til sakaferils T við ákvörðun refsingar til refsipýngingar samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga en T hélt áfram að fremja brot á skilorði reynslulausnar.

6. tl. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hafi verið. Hér er einkum átt við ásetning geranda, þá aðallega hærrí stig ásetnings en eftir því sem sök fer stighækkandi hefur hún meiri áhrif til refsipýngingar. Ef tekið hefur verið fram í dómum að vilji (ásetningur) geranda hafi verið styrkur og einbeittur er oftast um beinan eða aukinn ásetning að ræða þar sem verk er unnið af yfirlögðu

¹⁰⁵ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 256.

¹⁰⁶ Sama heimild, bls. 256.

ráði.¹⁰⁷ Verður að telja heldur ólíklegt að fíkniefnabrot séu ekki framin af yfirlögðu ráði og mjög ólíklegt að slíkt sé gert við innflutning og framleiðslu fíkniefna þar sem oft virðist vera um mikla skipulagningu og langan aðdraganda að ræða. Reynir hvað mest á töluliðinn í fíkniefnamálum, til að mynda í eftirtöldum dómum:

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. Í málinu voru sex menn ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að flytja inn til landsins með skútu 23.562,73 g af amfetamíni, 13.947,45 g af MDMA dufti og 1.746 MDMA töflum til landsins. E, AÓ og G voru meðal annars sakfelldir fyrir að hafa brotið gegn 6. tl. 1. mgr. 70. gr. með brotum sínum. Í niðurstöðu héraðsdóms kom eftirfarandi fram um þátt AÓ og G, „Þá þykir siglingin á seglskútu til landsins í september, og langur aðdragandi ferðarinnar og skipulag, bera vott að einbeittum brotavilja, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og er það virt til refsibýgningar“. Eftirfarandi kom meðal annars fram um þátt E í málinu: „Ákærði skipulagði innflutning mjög mikils magns hættulegra fíkniefna og skipti verkum með meðákærðu. Þykir þetta bera vott um styrkan og einbeittan brotavilja. Er hvort tveggja virt ákærða til refsibýgningar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga...“.

H. 147/2006. L var sakfelldur ásamt öðrum (L sá eini sem áfrýjaði), fyrir framleiðslu á 110,8 g af amfetamíni og vörslur á ákveðnu magni af efnunum og vökva til amfetamínframleiðslu. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti kom eftirfarandi meðal annars fram, „Við ákvörðun refsingar er einnig horft til framferðis ákærða að framleiða sjálfur amfetamín, sem til stóð að selja, en það þykir bera vott um eindreginn brotavilja“. Var meðal annars vísað til 6. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga til refsibýgningar.

H. 417/2006. A og S voru sakfelldir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að eiga þátt í að flytja til landsins verulegt magn af vökva eða 1.745 ml sem innihélt amfetamínþasa og 1.505 ml af etanólvökva, ætluðu til söludreifingar. Samkvæmt matsgerð var hægt að framleiða 13,3 kg af amfetamíni úr efnunum af 10% styrkleika. Við ákvörðun refsingar kom fram að innflutningurinn hafði verið vandlega skipulagður og að brotavilji hefði verið styrkur og einbeittur og vísað í 6. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga því til niðurstöðu.

7. tl. *Hvað honum hafi gengið til verksins.* Hér er átt við hvatir geranda sem hægt er að skilgreina sem undirrot verknaðar, óháðan saknæmisskilyrðum laga.¹⁰⁸ Virðist lítið hafa reynt á töluliðinn við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum.

8. tl. *Hvernig framferði hans hefur verið, eftir að hann hafði unnið verkið.* Hér getur bæði verið um að ræða hegðun geranda eftir brot en einnig hvernig honum vegnar frá broti og fram að dómi. Góð hegðun getur leitt til

¹⁰⁷ Sama heimild, bls. 257.

¹⁰⁸ Sama heimild, bls. 257.

málsbóta.¹⁰⁹ Virðist sjaldan vísað í töluliðinn í dómaframkvæmd í fíkniefnamálum, samanber þó:

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. Samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms var litið til 8. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga hvað varðaði sakfellingu B þar sem sakfelling hans byggðist alfarið á játningu B í málinu.

Einnig hefur verið metið til málsbóta í einhverjum tilfellum að efni rýrni við þurrkun samanber **H. 667/2006**, samanber þó **H. 762/2009** þar sem ekki var tekið sérstakt tillit til þess til málsbóta að efni hefði rýrnað við þurrkun. Í neðangreindum dómi var þó ekki vísað í 8. tölulið til stuðnings ákvörðun refsingar:

H. 667/2006. S og V voru sakfelldir fyrir að standa saman að innflutningi á 11.949,75 g af mjög sterku amfetamíni í hagnaðarskyni, ætluðu til söludreifingar. Í niðurstöðum héraðsdóms um refsiakvörðun sem staðfest var af Hæstarétti kom eftirfarandi fram, „*Af matsgerðunum og vitnisburði Jakobs Kristinssonar dósents má ráða að einhver rýrnun verði á efninu við þurrkun, sem virða ber ákærðu til hagsbóta við refsiakvörðun*“.

9. tl. *Hvort hann hafi upplýst aðild annarra að brotinu.* Töluliðurinn kom nýr inn í hegningarlög til málsbóta með breytingalögum nr. 39/2000. Var fyrir breytingalögin hægt að meta til málsbóta eða refsilækkunar ef að gerandi hafði aðstoðað við að upplýsa aðild annarra að broti, samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 70. gr. eða samkvæmt 9. tl. 74. gr. hegningarlaga. Nauðsynlegt þótti samt sem áður að taka þessa ástæðu beinlínis fram sem refsiakvörðunarástæðu þar sem möguleiki var á að slík ástæða myndi hvetja menn til að upplýsa brot. Það er hins vegar dómstóla að meta hvaða áhrif slíkar upplýsingar um aðild annarra að broti hafi á ákvörðun refsingar og því ekki hægt að semja um refsivilnun.¹¹⁰ Sjaldan virðist vísað í töluliðinn við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum en þó má sjá dæmi þess til dæmis í eftirfarandi dómi:

H. 150/2009. Í málinu voru J og Þ dæmdir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með innflutningi á 191.714,75 g af kannabis og 1.305, 23 g af kókaíni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem var óraskaður sagði meðal annars um þátt J, „*Ákærði J upplýsti með framburði sínum um aðild meðákærða. Þrátt fyrir að ákærði J*

¹⁰⁹ Sama heimild, bls. 257.

¹¹⁰ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, þskj. 613, 359. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/125/s/0613.html>

hafi síðar breytt framburðinum þykir rétt að hann njóti refsilækkunar á grundvelli 9. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga enda er dómur í málinu reistur á þeim framburði ákærða J er varðar báða ákærðu eins og rakið var“.

Aðallega virðist reyna á 1. tl., 3.tl. og 6. tl. við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum líkt og sjá má hér að ofan.

Ákvæði 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga fjallar um samverknað en þar er kveðið á um að taka skuli að jafnaði til greina þyngingu á refsingu ef fleiri en einn maður fremja brot í sameiningu.

Samverknað má skilja svo að þegar tveir eða fleiri menn hafa samvinnu eða samtök um framkvæmd refsiverðs verknaðar og standa nokkurn veginn jafnt að vígi um ákvarðanir og framkvæmd. Þótt samverkamenn teljist allir aðalmenn í afbroti, getur þátttaka þeirra verið verkskipt aðild, eins og er til dæmis algengt í fíkniefnabrotum. Samverknað skal að jafnaði virða til þyngingar refsingu samkvæmt 2. mgr. 70. gr. Dómstólar virðast yfirleitt gera ríkar kröfur til sönnunar um það, að fleiri sakborningar en einn hafi sammælst um verk eða unnið það í sameiningu.¹¹¹ Í neðangreindum dómum var vísað í samverknað til refsipýngingar við ákvörðun refsingar:

H. 218/2005. V og F voru ásamt fleirum sakfelldir fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á 1000 töflum með ávana- og fíkniefninu MDA-klóríð og 131,63 g af kókaíni, ætluðu til söludreifingar hér á landi. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að það verkaði til refsipýngingar beggja ákærðu að þeir frömdu umræddan verknað í félagi við fleiri menn, sbr. 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga.

H. 415/2008. X og J voru sakfelldir í héraðsdóm fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, fyrir að hafa í ágóðaskyni, lagt á ráðin og staðið saman að innflutningi á samtals 701,54 g af kókaíni, ætluðu til söludreifingar hér á landi. Héraðsdómur var óraskaður um refsingu J fangelsi í tvö ár en X var sýknaður í Hæstarétti. Við niðurstöðu Hæstaréttar var litið til 2. mgr. 70. gr. við ákvörðun refsingar.

H. 205/2009. A var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot, ásamt tveimur öðrum mönnum, sem fól í sér vörslur og meðferð á 1.162,23 g af marihuana. Fundust umrædd efni í póstsendingu sem send hafði verið til landsins frá Póllandi. Við ákvörðun refsingar var litið til magns fíkniefnanna og þess að brotið var framið í félagi við aðra, sbr. 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga.

¹¹¹ Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 145.

Samverknaður er virtur sem refsipyngingarástæða innan hinna almennu refsimarka laga eða sérrefsimarka, sbr. 2. mgr. 70. gr. en samverknaður rýmkar ekki refsíabyrgðina.¹¹²

3.2.3.3. Ólögæltar refsíákvörðunarástæður

3.2.3.3.1. Almenn

Til viðbótar við lögæltar refsíákvörðunarástæður getur einnig verið byggt á ólögæltum refsíákvörðunarástæðum. Slíkar refsíákvörðunarástæður byggjast hins vegar á meginreglum refsilaga og öðrum ólögæltum ástæðum.¹¹³

Meginreglurnar styðjast við ákveðna lagastefnu refsilaga sem miðast oft af fleiri lagaboðum en einu sem eru lík á einhvern hátt en þó geta lagaboðin gengið mislangt. Meginreglur refsilaga hafa verið taldar launung, samþykki brotþola, trúnaðarbrot, sjálfsbjargar- og verndarviðleitni geranda, sífjatengsl geranda og brotþola og opinber birting.¹¹⁴

Ólögæltar ástæður styðjast hins vegar ekki við lög að neinu leyti en geta leitt af sér dómvenju í réttarframkvæmd. Ólögæltar ástæður verða ekki tæmandi taldar þar sem getur reynt á ýmisleg ófyrirsjáanleg atriði í dómsmálum. Dómstólar hafa frjálst mat um það hvenær þeir nota þær og þá hversu mikil áhrif ólögæltar ástæður hafa nema þeir telji sig bundna af fordæmum. Þær aðstæður sem getur reynt á ólögæltar refsíákvörðunarástæður eru til dæmis ástvinamissir, heilsutjón, starfsmisssir geranda vegna afbrots, tengsl eignaupptöku og fésekta, mótlæti, áföll og erfiðar aðstæður geranda sem og fjölmiðlaumfjöllun.¹¹⁵

3.2.3.3.2. Mismunandi aðild að fíkniefnabroti

Fleiri ástæður geta verið metnar ýmist til hagsbóta eða refsipyngingar í dómsmálum líkt og mismunandi aðild að máli sem virðist geta skipt miklu máli við refsíákvörðun í fíkniefnamálum. Litið hefur verið til þess til refsipyngingar þegar um aukna ábyrgð er að ræða í máli, þá einkum ef um fjármögnunaraðila er að ræða, aðalmann eða milligöngumann en minni

¹¹² Sama heimild, bls. 144.

¹¹³ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 266.

¹¹⁴ Sama heimild, bls. 266-269.

¹¹⁵ Sama heimild, bls. 266-270.

þátttaka hefur stundum leitt til málsbóta líkt og þegar um aðstoðarmann eða burðardýr er að ræða. Hér verða nokkrir dómur reifaðir þar sem reynir á mismunandi aðild:

H. 373/2005. Í málinu voru V og F sakfelldir, ásamt fleiri mönnum, fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á 1000 MDA-klóríð töflum og 131,63 g af kókaíni til landsins, ætluðu til söludreifingar hérlendis. Voru V og F álitnir fjármögnunaraðilar fíkniefnakaupanna og við mat á refsingu var meðal annars litið til þess að þeir hafi fjármagnað kaupin og ætlað hluta fíkniefnanna til söludreifingar í hagnaðarskyni. Þótti refsing V hæfileg fangelsi í tvö ár og F 18 mánuði.

H. 149/2007. EA var ásamt fjórum öðrum sakfelld fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa lagt á ráðin og staðið saman að innflutningi á 1.980,87 g af kókaíni, í hagnaðarskyni. Í Hæstarétti kom fram að þáttur allra ákærðu í skipulagningu og framkvæmd sameiginlegs brots hefði verið nokkuð misjafn. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur vísaði í um ákvörðun refsingar sagði varðandi þátt EA sem aðalmanns í umræddu broti, „Að mati dómsins er þáttur ákærðu í máli þessu langalvarlegastur og veigamestur. Hún hafði frumkvæði að því að útvega mann til að flytja efnin til landsins, sat fundi með samverkamönnum sínum, þar sem skipulag ferðarinnar var rætt og afhending fíkniefnanna á Spáni, miðlaði upplýsingum til samverkamanna og hafði flesta þræði í hendi sér varðandi fíkniefnainnflutninginn. Brot hennar beindist að mikilsverðum hagsmunum og með broti sínu stuðlaði hún að því að hingað til lands voru flutt tæp tvö kíló af sterku kókaíni. Nokkurs misræmis hefur gætt í frásögnum ákærðu undir meðferð málsins og framburður hennar hefur á tíðum verið villandi og óljós. Að mati dómsins á hún sér engar málsbætur“. Þótti refsing EA hæfileg fangelsi fimm ár.

H. 175/2007. A var sakfelldur fyrir að hafa að beiðni manns sem hann vildi ekki nefna fengið tvo einstaklinga til að flytja til landsins 360.51 g af kókaíni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti kom eftirfarandi fram, „Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að vera milligöngumaður í fíkniefnainnflutningi. Ábyrgð slíkra einstaklinga er mikil, en þeirra er að tryggja að ekki komist upp um þá sem í raun og veru standa að baki og fjármagna fíkniefnaviðskipti. Á ákærði sér vart málsbætur“.

H. 668/2006. Í málinu var A sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið að innflutningi á 691,88 g af kókaíni til landsins ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Litið var á þátt A í málinu sem burðardýrs. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétt kom eftirfarandi fram, „Til refsilækkunar ber að horfa til þess að ákærði játaði brot sitt hreinskilnislega og hefur ekki annað komið fram í málinu en að þáttur ákærða hafi einungis lotið að því að búa um efnið ytra og flytja það til landsins. Þegar framangreint er virt og með hliðsjón af dómvenju í sambærilegum málum er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 18 mánuði“.

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. Í málinu voru sex menn ákærðir fyrir innflutning á miklu magni fíkniefna til landsins á seglskútu. Við ákvörðun refsingar E í héraðsdómi kom fram varðandi aðild hans í málinu að E hefði skipulagt umræddan innflutning og skipt verkum með meðákærðu. Var E aðalmaður í málinu og hlaut þyngstu refsinguna í samræmi við það. Í niðurstöðu héraðsdóms kom ennfremur fram, „Eins og lýst hefur verið og í ákæru greinir er þáttur hvers hinna ákærðu í skipulagningu og framkvæmd sameiginlegs brots mjög misjafn. Aðdragandi fíkniefnainnflutningsins var langur, a.m.k. nokkrir mánuðir. Allir ákærðu, utan ákærðu B og AG, tóku þátt í skipulagningunni og funduðu þar um eins og lýst hefur verið og ráða má af

gögnum málsins. Þannig var búið að leggja á ráðin með flest varðandi fíkniefnainnflutninginn með löngum fyrirvara. Það á þó ekki við um þökkun efnanna...“.

Sjónarmið um mismunandi aðild hafa komið upp við ákvörðun refsingar í öðrum fíkniefnamálum á borð við **H. 149/2007** (EH burðardýr), **H. 150/2009** (Þ fjármögnunaraðili), **H. 415/2008** (J milligöngumaður), **H. 762/2009** (G aðalmaður), **H. 105/2010** (X aðalmaður).

Það hefur jafnframt verið litið á verkskipta aðild í máli sem eina heild samanber eftirfarandi dóm:

H. 509/2009. P, R og Á voru sakfelldir ásamt þremur öðrum mönnum fyrir stórfellt fíkniefnabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á miklu magni fíkniefna til landsins til söludreifingar í ágóðaskyni. Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var talið að virða yrði þátt allra ákærðu sem jafnan þó svo þáttur þeirra hafi verið misjafn í málinu en mismunandi refsivist þeirra þriggja skýrðist af ólíkum sakaferli.

Ekki virðist það alltaf eiga við í fíkniefnamálum að mismunandi aðild hafi áhrif á niðurstöðu máls heldur getur það farið eftir því hversu mikilvægur partur viðkomandi aðili er í fullframningu brots samanber eftirfarandi:

H. 667/2006. V og S voru ákærðir fyrir að hafa flutt inn til landsins í hagnaðarskyni mikið magn af amfetamíni. Þáttur V þótti óljós í málinu en engu að síður var hann dæmdur til sömu refsingar og S þar sem héraðsdómur sem staðfestur var af Hæstarétti leit svo á að ákærðu hefðu staðið saman að innflutningi og var því einnig litið á aðild V sem aðalmanns í umræddu broti. Í niðurstöðu dómsins kom eftirfarandi fram, „*Eins og áður greinir er hlutur ákærða S í brotinu betur upplýstur en þáttur ákærða V. Eins og hér stendur á telur dómurinn það engu skipta um refsíákvörðun, enda einsætt að ákærðu sammæltust um flutning amfetamínsins og að ákærði V var í raun nauðsynlegur hlekkur í skipulagningu og fullframningu brotsins, með því að ljá ferðalagi meðákærða til Íslands blæ trúverðugleika*“. Þótti refsing hæfileg fangelsi í sjö ár hjá báðum aðilum.

Einnig má ætla að það að villa um fyrir lögreglu við rannsókn máls geti fallið hér undir, þá sem refsibýggingarástæða sbr. **H. 667/2006** og **149/2007** (EA reyndi að villa um fyrir lögreglu og var það metið sem þáttur við refsíákvörðun dómsins).

H. 667/2006. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti var eftirfarandi metið við refsíákvörðun ákærðu vegna innflutnings á ríflega 12 kg af mjög sterku amfetamíni, „*Ákærðu hafa frá upphafi gert sér far að villa um fyrir rannsóknaraðilum. Af þeim sökum er í senn óupplýst hverjir eru samverkamenn þeirra og vafi leikur á hver eiginlegur þáttur þeirra er í brotinu. Þá hefur framburður ákærðu tekið miklum breytingum og eru skýringar þeirra hvors um sig á tilefni ferðalagsins fráleitar. Ákærðu eru á*

fertugsaldri og hafa báðir hlotið refsidóma í öðrum ríkjum. Að þessu virtu og með vísan til annars, sem að framan er rakið, eiga ákærðu sér engar málsbætur“. Þótti refsing ákærðu S og V hæfileg fangelsi sjö ár.

3.2.3.4. Skilorðsbinding dóma og reynslulausn

Skilyrtar refsíákvarðanir í formi skilorðsbundinna dóma eru taldar til refsinga.¹¹⁶ Ákvæði um skilorðsbundna dóma koma fram í VI. kafla hegningarlaga. Í 57. gr. laganna kemur fram að ákveða má í dómi að fresta skuli skilyrðum um tiltekinn tíma, ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar. Í 3. mgr. 57. gr. er tiltekið að frestun skuli vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum sbr. 60. gr. laganna en auk þess eru tiltekinn nokkur önnur skilyrði sem má jafnframt binda frestun með. Í neðangreindum dómi reyndi á skilyrði 3. mgr. 57. gr. þar sem umrædd afbrot tengdust óreglu brotamanns:

H. 53/2008. G var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa í vörslum sínum 13,79 g amfetamín, 98,04 g MDMA, 1,13 g kannabis og 205 stykki LSD. G var einnig sakfelldur fyrir hylmingu og umferðarlagabrot. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að þar sem afbrot G tengdust að miklu leyti óreglu hans þótti rétt að binda refsingu sérstöku skilyrði að G neytti ekki skilorðstímanum áfengis eða deyfilyfja, sbr. 3 tl. 3. mgr. 57. gr. hegningarlaga. Þótti refsing hæfileg skilorðsbundið fangelsi í 22 mánuði.

Í 60. gr. laganna er dómstólum heimilað að dæma refsingu fyrir brot sem lögregla hefur byrjað að rannsaka gegn manni sem sakborningi fyrir lok skilorðstíma viðkomandi. Dómstólar hafa þá heimild til að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast. Heimild er fyrir dómstóla að taka bæði málin til meðferðar og dæma í einu lagi. Heimild er til þess að hafa þann dóm skilorðsbundinn. Í neðangreindum dómi rauf brotamaður eldra skilorð sem var þar af leiðandi dæmt upp og refsing gerð í einu lagi með hinum nýja dómi:

H. 189/2009. I var sakfelldur fyrir fíkniefnabrot gegn lögum um ávana- og fíkniefni ásamt umferðarlagabroti. I var sakfelldur fyrir að hafa í vörslum sínum í nokkur skipti, samtals 201,21 g af kannabisefnum, hluti af þeim ætlaður til söludreifingar. Með brotum sínum rauf I þriggja mánaða skilorð eldri dóms frá 2007 og samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar bar að dæma upp skilorðsbundinn hluta þess dóms og gera ákærða refsingu í einu lagi samkvæmt 60. gr. sbr. 77 gr. hegningarlaga. Þótti refsing hæfileg fangelsi í sex mánuði.

¹¹⁶ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 77.

Ákvæði um rof á skilorði reynslulausnar koma fram í VII. kafla laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Skilyrði reynslulausnar koma fram í 63. gr. laganna og skilyrði reynslulausnar á reynslutíma í 64. gr. Ekki verður nánar farið út í þau ákvæði heldur verða þau atriði skilorðsrofs samkvæmt 65. gr. laganna skoðuð betur þar sem umrætt ákvæði getur haft áhrif á ákvörðun viðurlaga brotamanns í fíkniefnamálum. Í 1. mgr. 65. gr. kemur fram að ef maður fremji nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst gegn honum hjá lögreglu sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, sé refsing ákveðin í einu lagi hjá dómstólum fyrir það brot sem nú sé dæmt um, með hliðsjón af þeirri fangelsisrefsingu sem óafplánuð er. Dómstóll getur úrskurðað samkvæmt 2. mgr. 65. gr. að maður sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann hefur rofið gróflega almennt skilyrði reynslulausnar þar sem fyrir liggur sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi.¹¹⁷ Í neðangreindum dómi reyndi á brot á skilorði reynslulausnar:

H. 4/2008. T var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot ásamt öðru broti, fyrir að hafa í vörslum sínum 25,62 g af amfetamíni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti kom fram að T hefði rofið skilorð reynslulausnar frá 2006 af 419 dögum óafplánaðrar refsingar sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsingar. Með vísan til 1. mgr. 65. gr. laganna var T því gerð refsing í einu lagi samkvæmt 60. gr. hegningarlaga, sbr. 77 gr. sömu laga. Þótti refsing T hæfileg fangelsi í 16 mánuði.

H. 264/2007. B var sakfelldur fyrir að hafa haft í vörslum sínum 69,54 g af amfetamíni og 1,31 g af kókaíni, sem fundust á heimili hans og við líkamsleit á honum. B var einnig sakfelldur fyrir annað smávægilegt fíkniefnalagabrot og gripdeild sem framin voru sama ár. Hæstiréttur vísaði til forsendna hins áfrýjaða dóms varðandi refsíákvörðun en þar kom fram að B hefði með þeim brotum sem hann var nú sakfelldur fyrir rofið skilorð reynslulausnar og bæri því að dæma eftirstöðvar þeirra refsingar ásamt refsingu fyrir brot hans nú, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Þótti refsing B hæfileg fangelsi í níu mánuði.

3.2.4. Atriði sem hafa mest áhrif á refsibýngd

Ýmsir þættir geta haft áhrif á þýngd refsinga líkt og hefur til dæmis verið skoðað í kafla 3.4. um atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar. Það sem helst virðist þó skipta máli í dómaframkvæmd eftir könnun á umræddum

¹¹⁷ Það er skilyrði reynslulausnar samkvæmt 64. gr. laganna að „*aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma*“.

dómum er magn fíkniefna, styrkleiki og hættueiginleikar þeirra svo og hinn refsiverði verknadur. Hér að neðan verða þessir þættir skoðaðir.

3.2.4.1. Magn fíkniefna

Í fíkniefnalöggjöfinni er ekki hvergi fjallað um magn fíkniefna. Samt sem áður virðist aðallega vera litið til fíkniefnamagns við mat á því hvort að brot eigi undir 173. gr. a. hegningarlaga eða lög um ávana- og fíkniefni. Þrátt fyrir að ekki komi beinlínis fram ákveðið magn þá sýnir dómaframkvæmd að magn hefur áhrif þegar metið er hvort brot eigi undir lög um ávana- og fíkniefni eða 173. gr. a. hegningarlaga en jafnframt þarf að hafa í huga að fleiri atriði geta haft áhrif á heimfærslu slíkra brota. Hér verður ekki sett upp ákveðin tala um magn en af dómum síðustu ára hafa komið upp nokkur tilfelli þar sem um gríðarlega stór fíkniefnamál er að ræða þar sem telja má öruggt að magnið fari langt yfir viðmiðunarmörk hverju sinni. Hér verða nokkrir dómar reifaðir þar sem vísað var í magn fíkniefna við ákvörðun refsingar:

H. 373/2005. V og F voru sakfelldir fyrir að hafa staðið að innflutningi, ásamt fleirum, á 1000 töflum sem innihéldu MDA-klóríð, ætluðu til söludreifingar hér á landi, með því að hafa lagt til fé til kaupanna. Báðir töldust brotlegir við 173. gr. a. hegningarlaga. Var V dæmdur í tveggja ára fangelsi og F í átján mánaða fangelsi. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti var meðal annars litið til þess við ákvörðun refsingar að keypt var og flutt inn til landsins í hagnaðarskyni umtalsvert magn hættulegra fíkniefna.

H. 420/2006. R var sakfelldur fyrir að hafa flutt inn til landsins verulegt magn af vökva til amfetamínframleiðslu. Samkvæmt matsgerð var hægt að framleiða 17,49 kg af amfetamíni með 10% styrkleika úr efnunum. Var brot hans talið stórfellt brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga. Í héraðsdómi var R dæmdur til fangelsisvistar í tvö ár og sex mánuði en í Hæstarétti var litið til þess við ákvörðun refsingar hversu mikið magn mátti fá úr innfluttu efnunum og að R hefði tekið að sér innflutning fíkniefna sem var vel skipulagður. Þótti refsing samkvæmt því hæfileg fangelsi í fjögur ár.

H. 72/2007. H var ásamt öðrum manni sakfelldur fyrir að hafa staðið að innflutningi á 15.227,9 g af amfetamíni og 10.283,05 g af kannabis til söludreifingar í ágóðaskyni en Á og Ó fyrir að hafa tekið á móti bifreið sem þeir töldu fíkniefnin falin í og haft í sínum vörslum. Við ákvörðun refsingar var meðal annars horft til hættueiginleika efnanna, magns þeirra og styrkleika. Sagði í niðurstöðu Hæstaréttar að brotin, sem allir ákærðu áttu hlut að, ættu sér fáar hliðstæður í dómaframkvæmd að því er varðaði magn fíkniefna. Þótti refsing H hæfileg fangelsi í sjö ár, Ó níu og hálf ár og Á fimm ár.

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. E, AÓ, AG, G, M og B voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á samtals 23 kg og 562,73 g af amfetamíni, 13 kg og 947,45 g MDMA dufti og 1.746 MDMA töflum til landsins, til söludreifingar í ágóðaskyni. Í niðurstöðu héraðsdóms kom meðal annars fram að E hefði skipulagt innflutning mjög mikils magns hættulegra fíkniefna til landsins. Með tilliti til mismunandi þáttar

hvers og eins í málinu þótti refsing E hæfileg fangelsi níu og hálf ár, AÓ fangelsi sjö ár, G fangelsi sjö ár og fimm mánuðir, M fangelsi fimm og hálf ár, B fangelsi 18 mánuðir og AG skilorðsbundið fangelsi í eitt ár.

H. 249/2009. V var sakfelldur fyrir fíkniefnabrot með því að hafa í félagi við A, haft í vörslum sínum 392 MDMA töflur, ætlaðar til söludreifingar í ágóðaskyni. V var einnig sakfelldur fyrir vörslur á fíkniefnum sem fundust á honum við lögregluleit. Var umrætt fíkniefnabrot talið stórfellt þegar litið var til fjölda taflna, þyngdar þeirra og styrkleika og var brotið heimfært undir 173. gr. a. hegningarlaga samkvæmt því. Refsing héraðsdóms var staðfest um fangelsi í tvö ár.

H. 509/2009. P, R og Á voru sakfelldir ásamt þremur öðrum fyrir stórfellt fíkniefnabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi á 55.116,65 g af amfetamíni, 53.889,65 g af kannabis og 9.432 MDMA töflum. Brot þeirra varðaði við 173. gr. a. hegningarlaga. Í niðurstöðu héraðsdóms sem var óraskaður sagði, „Að mati dómsins er augljóst að jafn mikið magn fíkniefna og hér um ræðir er ætlað til söludreifinga. Ákærðu stóðu saman að innflutningi mikils magns fíkniefna hingað til lands í söluskyni. Saknæmi verknáðarins tekur m.a. mið af efnismagni og efnistegund fíkniefnanna en flutt voru til landsins rúm 55 kg af amfetamíni, 9.432 MDMA-töflur og tæp 54 kg af hassi og er efnismagnið samkvæmt þessu mjög mikið“. Þótti refsing hæfileg fangelsi í tíu ár fyrir P og R og níu ár fyrir Á.

H. 762/2009. G var sakfelldur fyrir að hafa staðið að innflutningi á 6.149,48 g af amfetamíni. Hafði G lagt á ráðin um innflutninginn og verið í samráði við menn í Hollandi um að koma umræddri sendingu til landsins. Var brot G talið stórfellt og varðað við 173. gr. a. hegningarlaga. Hæstiréttur tók meðal annars fram í niðurstöðu sinni að brot ákærða litu að innflutningi í ágóðaskyni á miklu magni sterkra fíkniefna.

Af framangreindum dómum er greinilega hægt að sjá að magn fíkniefna er eitt af því sem skiptir hvað mestu við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum. Um var að ræða mun fleiri dóma á könnunar tímabilinu sem vísuðu einnig til magns við ákvörðun refsingar. Eftir því sem magnið er meira þeim mun meiri líkur virðast á því að brot teljist stórfellt og verði heimfært undir 173. gr. a. hegningarlaga.

3.2.4.2. Styrkleiki fíkniefna og hættueiginleikar

Hvergi í fíkniefnalöggjöfinni er heldur fjallað um styrkleika fíkniefna. Styrkleiki virðist líkt og magn skipta miklu máli við þyngd refsinga í slíkum málum. Dómstólar vitna oft í hættueiginleika fíkniefna við ákvörðun refsingar en efnin virðast vera álitin misjafnlega hættuleg líkt og hægt er að sjá í orðalagi sumra dóma. Dómstólar virðast telja fíkniefnin mishættuleg eftir tegund. Svo virðist sem hass sé talið veikara efni en önnur efni líkt og MDMA, kokaín og amfetamín sem virðast talin hættumeiri. Hér verða nokkrir dómar reifaðir þar sem ýmist er vísað í styrkleika og/eða hættueiginleika fíkniefna:

H. 16/2006. R var sakfelldur í héraði ásamt C sem sýknaður var í Hæstarétti, fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, fyrir að hafa staðið að innflutningi á 3.986,80 g af amfetamíni ætluðu til söludreifingar hér á landi. Tekið var fram í niðurstöðu Hæstaréttar að ákærði hefði verið sakfelldur fyrir að hafa átt þátt í að flytja til landsins verulegt magn af hættulegu fíkniefni af þó nokkrum styrkleika. Hvergi var þó minnst á það í dómnum hversu mikill styrkleiki fíkniefnanna var. Þótti refsing R hæfileg fangelsi í þrjú ár.

H. 667/2006. S og V voru sakfelldir fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á 11.949,75 g af amfetamíni í hagnaðarskyni. Samkvæmt matsgerð var hægt að framleiða um eða yfir 30 kíló af efni með 20% styrkleika. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti var eftirfarandi háttsemi metin til refsipýngingar, „Er háttseminni engu síður rétt lýst í ákæru og hún þar réttilega heimfærð til refsíákvæða, enda um verulegt magn af hættulegum fíkniefnum að ræða og er óumdeilt að styrkleiki þeirra er sérlega mikill“, Meðalstyrkur amfetamínbasa í efninu var 70,3% samkvæmt matsgerð. Þótti refsing S og V hæfileg fangelsi í sjö ár.

H. 668/2006. A var sakfelldur fyrir fíkniefnabrot með því að hafa staðið að innflutningi á 691,88 g af kókaíni til landsins, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti kom eftirfarandi fram, „Ákærði flutti hingað til lands verulegt magn kókaíns sem ákærði vissi að ætlað var til söludreifingar héraðs. Beindist brot ákærða þannig að mikilsverðum hagsmunum og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var styrkleiki efnisins mikill. Horfir þetta allt til refsipýngingar...“. Sagði ennfremur um styrkleika efnisins, „...reyndist vera um sterkt efni að ræða, þar sem magn kókaíns í efninu var á bilinu 80% til 83%, sem samsvaraði kókaínklóríði á bilinu 90% til 93%“. Refsing þótti hæfileg fangelsi í 18 mánuði.

H. 149/2007. AM, EA, EG og GA voru sakfelld fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, með því að hafa staðið að innflutningi á 1.980,87 g af kókaíni, í hagnaðarskyni. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var um refsíákvörðun kom fram að líta bæri til þess að viðkomandi brot hefði falist í undirbúningi og skipulagningu á afar hættulegu fíkniefni, kókaíni, af miklum styrkleika. Í matsgerð kom ennfremur fram varðandi styrkleika fíkniefnisins, „Komið hafi í ljós að styrkur kókaíns í sýninu hafi verið 83% en talið hafi verið að það hafi að mestu leyti verið í formi kókaínklóríðs og hafi styrkur kókaínklóríðs verið 93%. Um sé að ræða mjög sterkt efni, en hreint kókaínklóríð geti ekki verið meira en 100%. Vitnið kvað meðalstyrk í kókaínsýnum ársins 2005 hafa verið um 31% en bráðabirgðauppgjör um meðalstyrk í kókaínsýnum ársins 2006 sýna um 43%“. Þótti þáttur ákærðu í brotinu nokkuð misjafn en refsing þótti hæfileg fangelsi í fimm ár fyrir EA, þrjú ár hjá AM, og tvö ár hjá EG og GA.

H. 175/2007. A var sakfelldur fyrir að hafa að beiðni manns sem hann vildi ekki nefna fengið tvo einstaklinga til að flytja 360.51 g af kókaíni inn til landsins. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að sannað væri að ákærði hefði gegnt verulegu hlutverki í umræddum innflutningi fíkniefna og verið virkur milligöngumaður í allri atburðarásinni. Ákærði átti sér engar málsbætur. Hann hafði ekki verið sakfelldur áður fyrir fíkniefnabrot. Með hliðsjón af framangreindu, magni efnisins og styrkleika þess þótti refsing ákærða hæfileg fangelsi í 15 mánuði. Samkvæmt matsgerð var styrkleiki kókaínsins á bilinu 35-38% sem samsvaraði til 39-43% af kókaínklóríðs.

H. 377/2008. A og T voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið saman að innflutningi ásamt tveimur öðrum á samtals 4.639,50 g af amfetamíni og 594,70 g af kókaíni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni.

Við ákvörðun refsingar var tekið mið af styrkleika efnis til mildunar samanber eftirfarandi, „Efnismagnið sem lagt var hald á, efnistegund og styrkur fíkniefnanna hefur áhrif á sagnæmi brota ákærðu. Um styrk fíkniefnanna vísast til vitnisburðar J“. Samkvæmt vitnisburði J sem matsmanns þóttu bæði amfetamínið og kókaínið fremur dauft en báðar tegundir efnanna voru undir miðgildi styrks sömu tegundar efna sem rannsökuð höfðu verið á árunum 2006 og 2007. Styrkur amfetamínsins var 6,5% sem samsvaraði 8,8% amfetamínsúlfati og styrkur kókaíns var 36% sem samsvaraði 36% kókaínklóríði. Þótti refsing A hæfileg fangelsi í fjögur á og T fangelsi í tvö og hálf ár.

H. 105/2010. X var sakfelld fyrir tvö fíkniefnabrot gegn lögum um ávana- og fíkniefni ásamt fleiri brotum sem fólu meðal annars í sér viðurværi X af vændi E, F og G. Stóð X að innflutningi á annars vegar 68,4 g af kókaíni, sem A var fenginn til að flytja til landsins, og hins vegar 353,29 g af kókaíni, sem X fékk B og C til að flytja til landsins. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að X hefði verið sakfelld fyrir að hafa haft atvinnu af umfangsmikilli vændisstarfsemi um þó nokkuð langt skeið og staðið að innflutningi á töluverðu magni af hættulegum fíkniefnum. Var styrkleiki efnanna mikill. Við efnagreiningu sýna var styrkleiki kókaíns 52-55% sem samsvaraði 58-62% af kókaínklóríði. Refsing þótti hæfileg fangelsi þrjú ár og sex mánuðir.

Líkt og sjá má af framangreindum dómum styðja þeir þá ályktun að styrkleiki fíkniefna geti skipt miklu máli við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum. Í mörgum tilvikum er nefnt sérstaklega að styrkleiki horfir til refsipýngingar líkt og gert var í **H. 668/2006**. Það má ætla að eftir því sem fíkniefni eru sterkari hlýtur það að þýða þyngri refsingu fyrir viðkomandi brotaman. Það sama virðist eiga við um hættueiginleika fíkniefna og virðast fíkniefnin talin mishættuleg líkt og nefnt hefur verið. Það má til dæmis sjá í **H. 149/2007** sem reifaður er hér að framan þar sem sérstaklega er tekið fram að kókaín sé afar hættulegt fíkniefni.

3.2.4.3. Verknaðaraðferð

Hinn refsiverði verknaður skiptir einnig máli við mat á ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum. Ekki er þó að finna greinarmun í fíkniefnalöggjöfinni á því hversu alvarleg brot eru eftir verknaðaraðferðum.

Þó virðist nokkur munur á fíkniefnalöggjöfinni hvaða verknaðaraðferðir er oftast dæmt fyrir. Í 173. gr. a. hegningarlaga er fjallað um stórfelldari brot þar sem þyngri refsiviðurlög liggja við þeim en gegn lögum um ávana- og fíkniefni og oftast virðist vera sakfelld samkvæmt umræddri grein fyrir innflutning fíkniefna eða aðra meðferð þeirra vegna umrædds verknaðar eins og móttöku og vörslu. Söluþreifing í ágóðaskyni virðist í langflestum tilvikum tengjast innflutningi fíkniefna. Yfirleitt virðist dæmt fyrir vörslur fíkniefna

samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni en einnig fyrir sölu, móttöku, pökkun, ræktun eða aðra svipaða meðferð efna. Misjafnt virðist samkvæmt þeim dómum sem kannaðir voru hvort framleiðsla eigi undir 173. gr. a. hegningarlaga eða lög um ávana- og fíkniefni. Lítið reyndi á dóma um framleiðslu og ræktun á könnunartímabilinu en þeir fjórir dómur þar sem reyndi á slíkar verknaðaraðferðir verða reifaðir hér að neðan:

H. 147/2006. L var sakfelldur, ásamt öðrum, fyrir framleiðslu á 110,8 g af amfetamíni og vörslur á ákveðnu magni efna og vökva sem tengdust framleiðslunni og innihéldu amfetamín, metamfetamín og efnið P-2-NP. L var einnig sakfelldur fyrir vörslur á 64,18 g af amfetamíni og 193 amfetamíntöflum heima hjá sér og 10,71 g hassi og 0,45 g amfetamíni í bifreið sinni. Ekki þótti sannað að L hefði ætlað 110,8 g sem hann framleiddi og 64,18 g sem hann hafði vörslur á að öllu leyti til sölu. Það hafði hins vegar ekki áhrif á niðurstöðu Hæstaréttar. Brot L tengt framleiðslu var heimfært til laga um ávana- og fíkniefni. Við ákvörðun refsingar í héraðsdómi sem staðfestur var af Hæstarétti var meðal annars horft til þess að L framleiddi sjálfur amfetamín sem þótti bera vott um eindreginn brotavilja. Ennfremur var tekið fram að brot L þættu alvarleg en þau vörðuðu hættuleg fíkniefni. Samkvæmt matsgerð á því amfetamíni sem framleitt hafði verið nam magn amfetamínsúlfats 14% og varð að telja styrkleika þeirra 110,80 g hafa miðast við styrkleika sem algengur var við sölu á amfetamíni. Ekki lá hins vegar fyrir í dómnum rannsókn á því hversu mikið amfetamín hefði verið hægt að búa til úr þeim vökvum og efnum sem haldlögð voru. Þótti refsing L hæfileg fangelsi í 14 mánuði.

H. 618/2009. J og T voru sakfelldir fyrir stórfelld brot gegn 2. mgr. 173. gr. a. hegningarlaga með því að hafa staðið saman að framleiðslu fíkniefna, ætluðum til söludreifingar og í því skyni framleitt rúm 38.000 g af efninu P-2-NP og ótiltekið magn af efninu P-2-P. Þótti sannað að framleiða hefði mátt rúm 14 kg af hreinu amfetamíni úr því magni sem fannst við húsléit af efninu P-2-NP en með því að þynna efnið hefði hins vegar samkvæmt útreikningum Europol verið hægt að fá úr því 353 kg af amfetamíni. J var jafnframt sakfelldur fyrir tvö önnur fíkniefnabrot með því að hafa haft í vörslum sínum fíkniefni en brot J gegn síðari lið þeirra ákæru vörðuðu einnig við 173. gr. a. hegningarlaga. Við mat á refsingu í héraðsdómi sem staðfestur var af Hæstarétti var meðal annars tekið mið af eftirfarandi, „Brot þeirra voru stórfelld og verður a teljast enn alvarlegra en innflutningur eða varsla fíkniefna. Þá er ásetningur þeirra styrkur og einbeittur. Ákærðu eiga sér engar málsbætur“. Refsing J þótti hæfileg fangelsi í tíu ár en T fangelsi í átta ár.

H. 752/2009. H var sakfelldur samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, fyrir vörslur á 414,3 g af kannabislaufum, 204 kannabisplöntum og 53,03 g af kannabisstönglum og fyrir að hafa staðið að ræktun plantnanna. Matsgerð lá fyrir eftir að héraðsdómur gekk en samkvæmt henni mátti ætla að plönturnar gætu gefið af sér 12 kg af marihuana og 204 g af hassolíu, miðað við 60% innihald THC. Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var einkum tekið mið af eftirfarandi, „...er einkum litið til þess að fíkniefnalagabrot hans var vel skipulagt og fól í sér framleiðslu fíkniefna. Þurfti ákærði að koma sér upp sérútbúnu húsnæði og leggja mikla vinnu í ræktun þeirra plantna sem um ræðir, en ræktunin var umfangsmikil og vel á veg komin. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að ákærða er einungis gefin að sök varsla fíkniefna og ræktun plantna án þess að það hafi verið í sölu- og dreifingarskyni“. Refsing

H þótti hæfileg fangelsi í 8 mánuði en í héraðsdómi var H dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

H. 64/2010. C var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa í vörslum sínum 322 kannabispöntur, í sölu- og dreifingarskyni og hafa um nokkurt skeið staðið að ræktun þeirra. Mátti ætla, samkvæmt matsgerð sem lá fyrir í málinu, að plöntunar gætu gefið af sér 19 kg af marihuana og 322 g af hassolíu, miðað við 60% innihald THC. Þegar refsing C var ákvörðuð í Hæstarétti var litið til eftirfarandi, „...verður litið til eðlis og umfangs brots hans. Brotið var vel skipulagt og þurfti ákærði að koma sér upp sérútbúnu húsnæði og leggja vinnu í ræktun þeirra plantna sem um ræðir. Þótt ræktunin hafi ekki verið langt komin er upp komst um brot ákærða og nokkuð hafi skort á að fíkniefnin hefðu náð því magni og styrkleika sem að var stefnt var um að ræða umfangsmikla framleiðslu á fíkniefnum í sölu- og dreifingarskyni“. Þótti refsing H hæfileg fangelsi í 12 mánuði en í héraðsdómi var H dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Erfitt er að segja til um ákveðið mynstur við ákvörðun refsingar í dómum sem varða framleiðslu og ræktun þar sem einungis fjórir slíkir dómar komu upp á tímabilinu líkt og nefnt var hér að framan og eru kannabISRæktunarmálin tvö fyrstu málin sem varða ræktun fíkniefna sem fara fyrir Hæstarétt. Það er hins vegar hægt að sjá af **H. 618/2009** að slíkar verknaðaraðferðir eru litnar alvarlegum augum þar sem kom meðal annars fram við refsiakvörðun í umræddum dómi að framleiðsla yrði að teljast alvarlegri en innflutningur og varsla. Hæstiréttur virðist mun strangari en héraðsdómur í ræktunarmálunum tveimur, þ.e. **H. 752/2009** og **H. 64/2010**, þegar kemur að ákvörðun refsingar en þar voru dæmdar mun hærri refsingar en hefur tíðkast í dómum í héraði. Það má ætla að þeir dómar Hæstaréttar veiti ákveðið fordæmisgildi sem muni leiða til hærri refsiakvörðana í komandi dómum.

Má sjá af dómum Hæstaréttar að magn, styrkleiki og hættueignleikar fíkniefna skipta miklu máli við mat á bæði ákvörðun refsingar í dómum og við hvaða ákvæði fíkniefnabrot varða. Verknaðaraðferð skiptir einnig máli við mat á slíkum refsingum. Ekki er hægt að styðjast við lagareglur við mat á þessum atriðum heldur verða dómstólar að leggja mat á slíkt.

3.3. Könnun á dómum Hæstaréttar í fíkniefnamálum frá 2006 til 2010.

3.3.1. Almenn

Í kaflanum verða dómar Hæstaréttar frá árinu 2006 til ársins 2010 kannaðir með tilliti til fíkniefnabrot. Á könnunartímabilinu komu upp við leit um það bil 300 dómar þar sem ýmist var fjallað um ávana- og/eða fíkniefni á einn eða annan hátt. Þeir dómar voru skoðaðir með framangreinda könnun í huga en aðeins brot af þeim dómum fjallaði í raun um fíkniefnamál. Þegar leitarsvið hafði verið þrengt niður endaði fjöldi dóma sem kannaðir verða hér nánar í 48. Fjöldi einstaklinga sem kom við sögu í dómunum var 72. Tímabilið til skoðunar er frá 1. janúar 2006 til 3. desember 2010. Nauðsynlegt þótti að taka með í könnunina Héraðsdóm Reykjavíkur. S-51/2008 í svokölluðu „*skútumáli*“ þar sem um er að ræða eitt stærsta fíkniefnamál sem komið hefur upp héraðs til þessa dags. Að öðru leyti voru dómar Hæstaréttar einungis kannaðir þar sem önnur umfjöllun um héraðsdóma hefði verið of umfangsmikil fyrir ritgerð af þessu tagi. Niðurstaða dóma héraðsdóms í ofangreindum Hæstaréttardómum verður þó skoðuð hér að neðan. Dómarnir eiga það allir sameiginlegt að fjalla um fíkniefnabrot með einum eða öðrum hætti. Fjalla sumir dómarnir um stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningalaga, aðrir um brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni enn aðrir um brot bæði gegn 173. gr. a. hegningarlaga og laga um ávana- og fíkniefni og svo einhverjir um brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni og annarra laga. Þeir dómar sem könnunin nær til er hægt að sjá í dómaskrá aftast í ritgerð.

3.3.2. Fjöldi dóma og ákærðra

Fjöldi dóma sem gengu í Hæstarétti um fíkniefnamál á könnunartímabilinu var 70. Af þeim dómum voru 23 dómar sem ekki verður fjallað nánar um hér þar sem þau voru smávægileg þar sem ákært var fyrir vörslur á litlu magni fíkniefna eða rétt um eða yfir 1,00 gramm. Þess í stað verða þau mál tekin fyrir sem fjölluðu um meira magn fíkniefna en þau eru 47 talsins í Hæstarétti. Auk þess þótti nauðsynlegt að taka með í könnunina héraðsdóm í svokölluðu


„skútumáli“ líkt og nefnt hefur verið hér að ofan. Heildarfjöldi dóma til skoðunar hér var því 48. Fjöldi ákærðra einstaklinga í þeim dómum var 72.

3.3.3. Hversu margir voru sakfelldir og sýknaðir

Fjöldi einstaklinga sem ákærðir voru á tímabilinu var 72. Af þeim voru 67 sakfelldir og fimm sýknaðir. Þeir 67 einstaklingar sem sakfelldir voru verða teknir hér nánar til umfjöllunar og með í umrædda könnun. Þeir fjórir aðilar sem sýknaðir voru í dómum Hæstaréttar á tímabilinu verða hins vegar ekki teknir með í könnunina en sýknað var í eftirfarandi dómum, **H. 357/2006** (X sýknaður), **H. 435/2007** (X og Y sýknaðir), **H. 415/2008** (X sýknaður) og **H. 495/2010** (G sýknaður).

3.3.4. Aldur

Meðal aldur ákærðra á könnunartímabilinu var 33,27 ár. Yngsti ákærði einstaklingurinn var 17 ára¹¹⁸ og sá elsti var 71 árs.¹¹⁹ Algengasti aldurinn á tímabilinu var 30 ár en næst á eftir kom aldurinn 26, 28 og 41 ár. Aldursdreifinguna má sjá nánar í töflu 1 hér að neðan.



¹¹⁸ H. 42/2006.

¹¹⁹ H. 150/2009.

3.3.5. Kyn

Af sakfelldum einstaklingum var fjöldi karlmannna 64 en kvenmenn voru í miklum minnihluta þeirra sem sakfelldir voru og var fjöldi þeirra einungis þrír.¹²⁰

3.3.6. Þjóðerni

Fjöldi Íslendinga sem sakfelldir voru var 53 talsins. Þá var fjöldi útlendinga 14. Sex af útlendingunum voru frá Litháen, einn frá Póllandi, tveir frá Hollandi, einn frá Jórdaníu en ekki kom fram frá hvaða landi fjórir þeirra voru. Af útlendingunum voru sjö með íslenska kennitölu og fjórir þeirra búsettir héraðs.

3.3.7. Heimfærsla brota

Líkt og fram kom í 2. kafla um réttarheimildir þá eru fíkniefnabrot heimfærð ýmist undir lög um ávana- og fíkniefni og/eða 173. gr. a. hegningarlaga. Yfirleitt reynir á ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga við stórfelld fíkniefnabrot en lög um ávana- og fíkniefni við minni háttar brot sem er þá heimfært til 2. gr. laganna. Algengast er að vísað sé í 2. gr. sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna hvað varðar brot en yfirleitt reynir á vörslur fíkniefna samkvæmt þeim lögum.

Af þeim 67 einstaklingum sem voru sakfelldir voru 33 þeirra ákærðir fyrir brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga.¹²¹ Þar af var einn einstaklingur tvisvar ákærður fyrir brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga í sama dómi og sakfelldur.¹²² Einn þeirra einstaklinga sem ákærður var fyrir brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga var sakfelldur samkvæmt dönskum lögum í samræmi við 2. mgr. 5. gr. hegningarlaga í stað 173. gr. a. laganna líkt og hann var ákærður fyrir.¹²³ Fjórir þeirra sem ákærðir voru fyrir brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga voru dæmdir fyrir tilraun til brots á þeirri grein sbr. 20. gr. hegningarlaga.¹²⁴ Einnig voru 28 einstaklingar ákærðir fyrir brot gegn lögum um ávana- og

¹²⁰ H. 149/2007 (EH og EA), H. 105/2010 (X).

¹²¹ H. 373/2005 (V og F), H. 16/2006, H. 56/2006, H. 389/2006, H. 417/2006 (A og S), H. 667/2006 (S og V), H. 668/2006, H. 149/2007 (AM, EA, EH, GA), H. 72/2007 (Á og H), H. 377/2008, H. 415/2008, H. 509/2009 (P, R og Á), H. 618/2009 (J og T), H. 150/2009 (P og J), H. 495/2010 (D og P), Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008 (E, AÓ, AG, G, B og M).

¹²² H. 618/2009.

¹²³ Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹²⁴ Vísað er í viðeigandi dóma í k. 3.3.1.14. um tilraun.

fíkniefni.¹²⁵ Loks voru sex einstaklingar ákærðir fyrir bæði brot gegn 173. gr. a. hegningarlaga og lögum um ávana- og fíkniefni.¹²⁶ Einn þeirra einstaklinga var sýknaður af ákæru gegn broti á lögum um ávana- og fíkniefni.¹²⁷

3.3.8. Rof á skilorði skilorðsdóms

12 einstaklingar rufu skilorð samkvæmt skilorðsdómi á tímabilinu.¹²⁸ Þá var einnig í einu tilfelli ekki vísað í lagaákvæði 57. og/eða 60. gr. hegningarlaga því til staðfestingar.¹²⁹ Af framangreindum einstaklingum voru sex sem rufu skilorð fíkniefnadóma.¹³⁰

3.3.9. Rof á skilorði reynslulausnar

Á tímabilinu rufu níu einstaklingar skilyrði reynslulausnar samkvæmt 63. gr. eða 64. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga og var gerð refsing í einu lagi eftir reglum 65. gr. sömu laga.¹³¹ Þar að auki kom fram í einum dómi til viðbótar að um rof á reynslulausn væri að ræða en ekki vísað í ákvæði því til stuðnings.¹³²

3.3.10. Brotaferill

Af þeim 67 sem sakfelldir voru höfðu 55 þeirra brotaferil sem var þó mismikill. Í nokkrum dómum var sérstaklega tekið fram að brotaferill hefði ekki áhrif á niðurstöðu viðkomandi máls. 12 einstaklingar höfðu ekki brotið af sér áður.

¹²⁵ H. 218/2005, H. 531/2005, H. 147/2006, H. 42/2006, H. 357/2006 (K og X), H. 459/2006, H. 413/2007, H. 576/2007, H. 59/2007 (I og SÞ), H. 42/2007, H. 175/2007, H. 26/2007, H. 98/2007, H. 665/2007, H. 264/2007, H. 37/2007, H. 540/2008, H. 4/2008, H. 53/2008, H. 189/2009, H. 205/2009, H. 480/2009, H. 469/2009, H. 752/2009, H. 64/2010, H. 105/2010.

¹²⁶ H. 420/2006, H. 72/2007, H. 377/2008, H. 249/2009, H. 426/2009, H. 762/2009.

¹²⁷ H. 377/2008.

¹²⁸ H. 373/2005, H. 218/2005, H. 531/2005, H. 42/2006, H. 459/2006, H. 576/2007, H. 59/2007, H. 149/2007, H. 189/2009, H. 469/2009, H. 105/2010, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹²⁹ H. 413/2007.

¹³⁰ H. 218/2005, H. 531/2005, H. 42/2006, H. 459/2006, H. 149/2007, H. 469/2009.

¹³¹ H. 42/2007, H. 72/2007, H. 98/2007, H. 264/2007, H. 415/2008, H. 4/2008, H. 540/2008, H. 357/2006, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹³² H. 495/2010.

3.3.11. Ítrekun

Í sex dómum var vísað í ítrekunarákvæði.¹³³ Af þeim dómum var í fjögur skipti vísað í ítrekunarákvæði 71 gr. hegningarlaga, í eitt skipti í ákvæði 71. gr. laganna og 8. mgr. 5. mgr. laga um ávana- og fíkniefni og í eitt skipti einungis í ítrekunarákvæði 8. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Einnig var í tvö skipti vísað í ítrekun í niðurstöðu dóma en ekki vísað í ákvæði því til stuðnings.¹³⁴ Hæstiréttur mat til refsihækkunar í niðurstöðu nokkurra dóma að ákærðu hefðu áður hlotið dóma fyrir fíkniefnabrot en ekki var í þeim tilfellum vísað til ítrekunar né lagaákvæðis því til stuðnings.

3.3.12. Hegningarauki

Hegningarauki var dæmdur í 13 skipti á könnunartímabilinu.¹³⁵ Í eitt þeirra skipta var hegningarauki dæmdur að hluta.¹³⁶

3.3.13. Samverknaður

Vísað var til samverknaðar hjá 25 sakfelldra einstaklinga á tímabilinu samkvæmt 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga.¹³⁷ Þá var í eitt skipti vísað í samverknað til refsilyngingar í niðurstöðu dóms en ekki vísað í ákvæði því til stuðnings.¹³⁸

3.3.14. Hlutdeild

Enginn ákærðra gerðist sekur um hlutdeild samkvæmt 2. mgr. 22. gr. hegningarlaga á könnunartímabilinu.

¹³³ H. 72/2007, H. 665/2007, H. 377/2008, H. 480/2009, H. 509/2009, H. 150/2009.

¹³⁴ H. 389/2006, H. 42/2007.

¹³⁵ H. 373/2005, H. 147/2006, H. 459/2006, H. 413/2007, H. 59/2007 (bæði I og SP), H. 42/2007, H. 149/2007, H. 175/2007, H. 665/2007, H. 480/2009, H. 249/2009, H. 752/2009.

¹³⁶ H. 59/2007.

¹³⁷ H. 373/2005 (V og F), H. 147/2006, H. 389/2006, H. 667/2006 (S og V), H. 42/2007, H. 149/2007 (EA og GA), H. 72/2007 (Á, H og Ó), H. 415/2008, H. 205/2009, H. 377/2008 (A og T), H. 150/2009 (P og J), H. 509/2009 (P, R og Á), Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008 (AÓ, G, M og E).

¹³⁸ H. 762/2009.

3.3.15. Tilraun

Á könnunartímabilinu var vísað fjórum sinnum í tilraunaákvæði 2. mgr. 22. gr. hegningarlaga við refsíákvörðun dóma.¹³⁹ Í einum dómanna voru tveir einstaklingar sakfelldir fyrir tilraun til brots samkvæmt framangreindu ákvæði.

3.3.16. Brotasamsteypa

Á tímabilinu var vísað í 28 skipti í ákvæði 77. gr. hegningarlaga um brotsamsteypu.¹⁴⁰ Virðist í flestum tilfellum sem vísað var í brotsamsteypu um aðeins eitt brot að ræða þegar brot varðaði við 173. gr. a. hegningarlaga en þegar um brot á lögum um ávana- og fíkniefni var að ræða var oftast um fleiri en eitt brot að ræða.


3.3.17. Tegund fíkniefna

Oftast en ekki var um fleiri en eina fíkniefnategund að ræða í þeim fíkniefnamálum sem til skoðunar voru á tímabilinu. Í þeim tilfellum var oft einungis um lítið magn fíkniefna að ræða sem viðkomandi einstaklingur var dæmdur fyrir vörslur á.

Í töflu 2 hér að neðan sést hversu oft tiltekið fíkniefni kemur fyrir í dómunum. Efnin voru flokkuð niður í fimm flokka eftir því hversu lík áhrif þeirra eru þannig að kannabis, hass, marihuana, tóbaksblandað kannabis, kannabisplöntur/lauf og kannabisstönglar voru sett í sama flokk og svo koll af kolli líkt og sjá má á töflunni. Á töflunni sést að kannabisefni koma oftast við sögu í dómunum. Amfetamínefni fylgja fast á eftir. Langminnst var um tegundina LSD. Má ætla að taflan skýri á einhvern hátt eftirspurn á fíkniefnamarkaðnum í dag. Mesta magn fíkniefnis sem haldlagt var á tímabilinu var 191.714,75 g hass. Einnig var haldlagt mikið magn af amfetamíni en mesta magn þar var 55.116,65 g. Líkt og sést er hér um gífurlegt magn fíkniefna að ræða.

¹³⁹ H. 72/2007 (A og Ó), H. 426/2009, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹⁴⁰ H. 373/2005, H. 218/2005, H. 531/2005, H. 147/2006, H. 42/2006, H. 357/2006, H. 389/2006, H. 459/2006, H. 491/2005, H. 413/2007, H. 59/2007, H. 42/2007, H. 149/2007, H. 175/2007, H. 72/2007, H. 665/2007, H. 264/2007, H. 98/2007, H. 4/2008, H. 540/2008, H. 189/2009, H. 480/2009, H. 249/2009, H. 469/2009, H. 618/2009, H. 752/2009, H. 105/2010, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.



Þess má geta að kannabis er einnig talið algengasta fíkniefnið innan ESB en þar á eftir koma verksmiðjuframleidd fíkniefni, ýmist amfetamín eða MDMA.¹⁴¹

3.3.18. Verknaðaraðferð

Oftast var sakfelld fyrir innflutning af þeim dómum sem til skoðunar voru á tímabilinu eða í 30 skipti. 25 einstaklingar voru sakfelldir fyrir vörslur fíkniefna. Tveir einstaklingar voru sakfelldir fyrir ræktun og vörslur fíkniefna,¹⁴² tveir fyrir framleiðslu og vörslur¹⁴³ og einn fyrir framleiðslu fíkniefna.¹⁴⁴ Einn einstaklingur var sakfelldur fyrir sölu og vörslur¹⁴⁵ og einn aðili fyrir þökkun fíkniefna.¹⁴⁶ Loks voru fjórir einstaklingar sakfelldir fyrir tilraun til móttöku og vörslu¹⁴⁷ og einn fyrir innflutning og vörslur.¹⁴⁸

¹⁴¹ „Drugs 2006“. Skýrsla Europol um fíkniefni, mars 2006. Aðgengileg á http://www.europol.europa.eu/publications/Serious_Crime_Overviews/drugs2005.pdf [Sótt á vefinn 7. nóvember 2010].

¹⁴² H. 752/2009, H. 64/2010.

¹⁴³ H. 618/2009, H. 147/2006.

¹⁴⁴ H. 618/2009.

¹⁴⁵ H. 491/2005.

¹⁴⁶ Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹⁴⁷ H. 72/2007 (A og Ó), H. 426/2009, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

¹⁴⁸ H. 762/2009.


3.3.19. Lengd óskilorðsbundinnar refsingar

Algengustu óskilorðsbundnu refsingarnar á könnunartímabilinu voru 24 mánuðir (2 ár) sem var refsíákvörðun í sjö skipti en þar á eftir komu 18 mánuðir (1 ½ ár) í fimm skipti, svo 30 (3 ár) , 36 (3 ½ ár) og 84 (7 ár) mánuðir, allar í fjögur skipti.

Vægasta óskilorðbundna refsingin var fjórir mánuðir. Þyngsta óskilorðsbundna refsingin var 120 mánuðir eða tíu ár.

Meðallengd óskilorðsbundinnar refsingar var 42,6 mánuðir eða 3,5 ár. 55 einstaklingar hlutu óskilorðsbundna refsingu. Enginn af þeim sem hlaut óskilorðsbundna refsingu hlaut jafnframt fésekt sbr. 49. gr. hegningarlaga.

Í töflu 3 hér að neðan er hægt að sjá fjölda þeirra sem hlutu óskilorðsbundna refsingu flokkaða til eins árs í senn.



3.3.20. Refsing skilorðsbundin í heild eða að hluta

Í Hæstarétti og í Héraðsdómi Reykjavíkur. S-51/2008 var refsing skilorðsbundin í sex skipti, þar af voru fimm dómar sem voru skilorðsbundnir í heild.¹⁴⁹ Einn dómur var skilorðsbundinn að hluta en þar voru tveir mánuðir

¹⁴⁹ H. 459/2006, H. 491/2005, H. 576/2007, H. 371/2007, H. 53/2008, Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008.

skilorðsbundnir af fimm mánaða fangelsi.¹⁵⁰ Í þeim dómum sem voru skilorðsbundnir í heild var vægasta refsingin skilorðbinding í fjóra mánuði og þyngsta refsingin skilorðbinding í 22 mánuði. Einn þeirra sem hlaut skilorðsbundna refsingu hlaut jafnframt fésekt sbr. 49. gr. hegningarlaga.

3.3.21. Munur refsinga í Hæstarétti og héraðsdómi

Þar sem hér er til skoðunar munur refsinga í Hæstarétti og héraðsdómum er Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008 ekki tekin með inni í þá umfjöllun þar sem umræddu máli var ekki áfrýjað til Hæstaréttar og því ekki hægt að gera samanburð þar við refsingu Hæstaréttar. Munur refsinga tekur hér jafnt til óskilorðsbundinnar refsingar sem og skilorðsbundinnar refsingar og fésekta. Af þeim 61 einstaklingum sem dæmdir voru til refsingar fyrir Hæstarétti voru 33 skipti sem Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Hæstiréttur breytti niðurstöðu héraðsdóms í 28 skipti en þar af var refsing lækkuð í Hæstarétti í 11 skipti en var hækkuð í 17 skipti frá niðurstöðu héraðsdóms. Í Hæstarétti voru jafnframt 55 óskilorðsbundnar refsingar, 5 skilorðsbundnar og 1 fésekt. Í héraðsdómi voru 54 óskilorðsbundnar refsingar og 7 skilorðsbundnar refsingar en auk þess hlaut einn þeirra sem dæmdur var í skilorðsbundna refsingu einnig fésekt.

3.3.22. Samantekt.

Í kafla 3.3. hafa dómar Hæstaréttar ásamt einum héraðsdómi á tímabilinu 1. janúar 2006 til 3. desember 2010 verið greindir með það að markmiði að kanna hversu oft reynir á tiltekna þætti í dómum sem varða fíkniefnabrotamál. Karlmennt voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem sakfelldir voru og einnig Íslendingar. Af útlendingunum var hins vegar um það bil helmingur frá Litháen. Meðalaldur var um 33 ár og algengasti aldurinn 26, 28 og 41 ár. Misjafnt var til hvaða ákvæða dómar voru heimfærðir en algengast var að heimfærsla til 173. gr. a. hegningarlaga varðaði innflutning og heimfærsla til 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni varðaði vörslur. Oftast var einungis ákært fyrir eitt brot þegar um var að ræða ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga en oft ákært fyrir fleiri brot í einu þegar brot voru talin varða við lög um ávana- og fíkniefni.

¹⁵⁰ H. 491/2005.

Gífurlegur meirihluti þeirra sem sakfelldir voru var með brotaferil eða 55 einstaklingar en þó þótti ekki alltaf ástæða til að taka tillit til þess til refsipýngingar í dómum. Nokkrir einstaklingar rufu skilorð skilorðsdóms og skilorð reynslulausnar. Einnig voru nokkrir dæmdir fyrir ítrekun, hegningarauka og tilraun. Enginn var sakfelldur fyrir hlutdeild á tímabilinu. Margir voru sakfelldir voru fyrir samverknað og oft var vísað í brotasamsteypu á tímabilinu. Tegund fíkniefna var misjöfn en mest var um kannabisefni og amfetamín og minna af öðrum efnum en LSD kom til að mynda einungis fyrir þrisvar sinnum. Algengustu óskilorðsbundnu refsingarnar á könnunartímabilinu voru tvö ár en vægasta óskilorðsbundna refsingin var fjórir mánuðir og sú þyngsta tíu ár. Af þeim refsingum sem dæmdar voru í Hæstarétti þá staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms alloft eða í 28 skipti og lækkaði refsingu í 11 skipti en hækkaði í 17 skipti. Mætti því ætla að Hæstiréttur sé eilítið strangari þegar kemur að refsíákvörðunum í fíkniefnamálum heldur en héraðsdómur.

4. Hugleiðingar um þyngd refsinga í fíkniefnamálum

4.1. Þyngd refsinga í fíkniefnamálum

Löggjafinn getur haft margs konar áhrif á refsingar í takt við þá refsistefnu sem nýtur fylgis meirihluta hverju sinni.¹⁵¹ Refsilöggjöfin er talin geta gefið ákveðna mynd af því hvernig alvarleiki brota er metin af löggjafanum og getur falið í sér tiltekna vanþóknun. Því meiri sem vanþóknunin er því þyngri refsingar eru oft lagðar við brotum. Gefið er til kynna þegar lögum er breytt, hversu mikinn þunga löggjafinn leggur á tiltekinn málaflokk.¹⁵² Hækkun refsingar í tilteknum málaflokki getur þó átt sér aðrar ástæður en að stuðla að refsipýngingu, til dæmis að veita dómstólum meira svigrúm þar sem hluti dæmdra refsinga er ofarlega í refsimörkum. Slík var ætlunin með hækkun refsimarka 173. gr. a. hegningarlaga, úr tíu árum í 12 ár, með lögum nr. 32/2001.¹⁵³ Í frumvarpi til laganna kom fram að dómstólar hefðu þegar fullnýtt refsimörk ákvæðisins. Breytingunni væri ekki ætlað að þyngja refsingar við umræddum brotum heldur er tekið undir breytt refsimat dómstóla og þar með aukið svigrúm þeirra við ákvörðun refsingar.¹⁵⁴ Þau sjónarmið hafa komið upp að umrædd þynging refsiramma 173. gr. a. hegningarlaga hafi ekki haft í för með sér minni brotatíðni. Í stórfelldum fíkniefnamálum hafa fangelsisrefsingar þó á seinni árum verið dæmdar ofarlega í refsimörkum en slík venja virðist ekki einsdæmi á Íslandi heldur lítur út fyrir að sömu sjónarmiða gæti einnig í norrænum rétti.¹⁵⁵

Mikill munur hefur verið á umræðum vegna fangelsisrefsinga í fíkniefnamálum síðastliðinn ár. Umræðan var lengi vel á þann veg að refsingar fyrir fíkniefnabrot væru of vægar sem virðist eðlilegt þar sem fram til ársins 1996 voru refsingar vegna fíkniefnabrota yfirleitt ekki þyngri en fangelsi í tvö og hálf ár. Á þeim tíma taldi megnið af Íslendingum fíkniefnaneyslu vera

¹⁵¹ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar*, Reykjavík 2003, bls. 101.

¹⁵² Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 227.

¹⁵³ Nánar er fjallað um umrædda hækkun refsimarka og vísað í dóma sem nefndir voru í frumvarpi með breytingarlögunum því til stuðnings í kafla 2.2.2. Ákvæði 173. gr. a. hegningarlaga nr. 19/1940.

¹⁵⁴ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, þskj. 376, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*. Slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/0376.html> [Sótt á vefinn 18. nóvember 2010].

¹⁵⁵ Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir. *Ákvörðun refsingar*, bls. 103.

stærsta vandamálið sem tengdist afbrotum á landinu.¹⁵⁶ Nú er tíðin önnur og nú til dags heyrst varla af því að refsingar í slíkum málum séu taldar of vægar heldur virðist það sjónarmið frekar koma til álita að nú séu refsingar í fíkniefnamálum orðnar of þungar.¹⁵⁷ Því til stuðnings má benda á að samkvæmt mælingum á viðhorfi almennings til afbrota árið 2002 voru einungis 6% sem álitu refsingar of vægar í fíkniefnamálum. Hins vegar var mikil umfjöllun um vægar refsingar í kynferðisbrotamálum talin hafa áhrif á þessa niðurstöðu en einnig þyngri dómur í fíkniefnamálum.¹⁵⁸

Við hækkun refsimerkanna í 173. gr. a. hegningarlaga árið 2001 heyrðust margar gagnrýnisraddir í þjóðfélaginu þar sem fælingarmáttur og forvarnargildi slíkrar þyngingar var gagnrýnd.¹⁵⁹ Gagnrýnisraddir heyrðust einnig um það að varasamt væri að taka út eina brotategund í einu og þyngja refsingar í þeim flokki, líkt og gert var með fíkniefnabrot, heldur hefði frekar þurft að gera heildarúttekt á þeirri háttsemi sem samfélaginu hugnist að refsa fyrir og meta þannig heildstætt hvaða refsing hæfi hverjum brotaflokki.¹⁶⁰ Einnig hefur verið litið svo á að almenningsálitið hafi ekki kallað á þyngri refsingar í fíkniefnamálum. Fælingarmátturinn hafi þó haft áhrif á Íslandi vegna mikillar umræðu um þyngd refsinga en ekki náð yfir landamæri til annarra landa en hlutfall útlendinga í íslenskum fangelsum fór síhækkandi frá 1995 (1,1%) til 2002 (4,5%) því til stuðnings.¹⁶¹ Varnir stjórnámálanna gegn gagnrýnisröddum á þungar refsingar í fíkniefnamálum hafa meðal annars verið þær að dómarnir hafi táknrænt gildi og séu glögg skilaboð um baráttu samfélagsins gegn fíkniefnum.¹⁶²

Eftir sem áður virðist sem umræðan um háar refsingar í fíkniefnamálum nú til dags haldist yfirleitt í hendur við umræðuna um vægar refsingar í kynferðisbrotamálum þar sem þessir tveir flokkar eru bornir saman og

¹⁵⁶ Helgi Gunnlaugsson, „Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV 2003*.

¹⁵⁷ Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar – Gapastokkur nútímans“, *Úlfjótur* 2004; 54 (3), bls. 347.

¹⁵⁸ Helgi Gunnlaugsson, „Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002“, bls. 107.

¹⁵⁹ Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, „Afbrotufræði í byrjun aldar – viðfangsefni og áhrif“, í *Afmælisrit - Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007*. Reykjavík 2007, bls. 295.

¹⁶⁰ Ragnheiður Bragadóttir, „Markmið refsinga“, *Úlfjótur*, 2003; 56 (1), bls. 97-100.

¹⁶¹ Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, „Afbrotufræði í byrjun aldar – viðfangsefni og áhrif“, bls. 295.

¹⁶² Þorgerður Gunnarsdóttir, „Rökstólar“, *Úlfjótur* 2003; 56 (1), bls. 105-107.

dómstólar gagnrýndir fyrir ákveðið „misræmi“ við refsíakvarðanir sínar. Almennungi er óeðlislægt að skilja hvers vegna ein tegund brota sem hér eru fíkniefnabrot geti leitt af sér svo háar refsingar og þar sem fíkniefnabrot séu til dæmis ekki siðferðislega ámælisverð sé ekki réttlátt að dæma innflytjanda fíkniefna í átta til tíu ára fangelsi á meðan sá sem misnotar barn hlýtur 12 til 15 mánaða fangelsi fyrir slíkt brot. Þau sjónarmið hafa komið upp í því samhengi að ekki sé hægt að bera slík brot saman þar sem um of eðlisólíka brotaflokkana sé að ræða til að slíkur samanburður sé tækur.¹⁶³

4.2. Réttlæting refsingar og varnaðaráhrif refsinga í fíkniefnamálum

Ýmsar skýringar hafa verið settar fram varðandi réttlætingu refsingar. Það hefur þótt réttlætanlegt að koma á refsingum um allan heim í gegnum tíðina við háttsemi sem þótt hefur óæskileg. Ekki er þó heimilt að beita refsingum sem brjóta gegn mannréttindum einstaklinga, líkt og með pyndingum og annarri ómannúðlegri meðferð. Telja verður að flestar líkamlegar refsingar séu hindraðar af ákvæðum þeirra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að.¹⁶⁴ Þjóðfélagið hefur nýtt sér refsingu sem eina leið til að verjast réttarbrotum. Markmið refsingar hafa verið skilgreind í greinargerð með hegningarlögum sem verndun almenns réttaröryggis og til að viðhalda lögbundnu þjóðskipulagi. Einnig er ljóst að refsing uppfylli vissa réttlætistilfinningu almennings sem finnst ekki eðlilegt að einstaklingar skerði mikilvæg réttindi annarra án þess að verða refsað fyrir það. Refsing eigi því rétt á sér samkvæmt framangreindum tilgangi. Þar sem refsing sé hins vegar böf ber ekki að beita henni nema nauðsynlegt þyki og tilgangi hennar sé náð.¹⁶⁵

Vangaveltur hafa verið uppi um það lengi vel hver sé eiginlegur tilgangur og réttlæting refsinga. Til þess að réttlæta beitingu refsingar þarf að finna ástæðu sem með trúverðugum máta sýnir fram á að með hana að sjónarmiði sé tryggt að refsingu sé beitt þannig að fullnægt sé kröfum

¹⁶³ Róbert R. Spanó, „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“, *Lögmannablaðið*, 2002; 8 (2), bls. 20-21.

¹⁶⁴ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 65-66.

¹⁶⁵ *Alþingistíðindi*. 1939, A-deild, bls. 352.

almennings um réttlæti.¹⁶⁶ Hafa mörg sjónarmið og stefnur komið fram í tengslum við framangreindar vangaveltur en tvær kenningar hafa verið notaðar fremur en aðrar. Þær eru endurgjaldsstefnan og nytjastefnan. Endurgjaldsstefnan einkennist einkum af því að þar var lögð áhersla á sekt og málagjöld. Til eru nokkur afbrigði ef endurgjaldsstefnunni sem ganga mislangt í túlkunum. Dæmi um öfgafulla túlkun má taka úr 14. og 15. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar en þar kom fram sú regla að hefði maður stungið annan mann með hnífi, skyldi sá stunginn í höndina til baka með sama hnífi. Hér virðist markmiðið hafa verið það að hræða menn frá afbrotum. Flestar þær stefnur sem byggðu á endurgjaldsstefnunni höfðu það sameiginlega markmið að rétt væri að gjalda illt með illu og að það væri megin tilgangur refsingar að svala þörfum réttlætisins.¹⁶⁷ Hér var ekki litið til gagnsemissjónarmiða né árangurs af refsingu.¹⁶⁸ Samkvæmt nytjastefnunni var markmið refsinga aðallega það að refsingar skyldu vera nytsamlegar þar sem þær hefðu ákveðin varnaðaráhrif. Átti það bæði við um einstaklinginn og samfélagið. Einstaklingurinn var frjálss og skynsamur samkvæmt stefnunni og hefði því val um það hvort hann hlýddi lögnum eða bryti þau. Fyrir samfélagið var það árangursríkara að tryggja að refsingin kostaði brotamaðinn meira en ávinningur hans af brotinu. Skyldi einstaklingurinn þó bera ábyrgð til fulls og hljóta refsingu ef hann bryti af sér.¹⁶⁹

Virðast grundvallarsjónarmið framangreindra kenninga að einhverju leyti fara saman. Annars vegar sjónarmið um að brotamaður hafi með því að brjóta af sér unnið til refsingar, þ.e. endurgjaldssjónarmið eða endurgjaldsstefna, og hins vegar varnaðarsjónarmið eða nytjastefna með sjónarmiðinu um nytsemi refsingarinnar.¹⁷⁰ Hægt er að sjá bæði þessi sjónarmið að einhverju leyti í framangreindum athugasemdum hegningarlaganna um markmið refsinga.

Þau rök sem hafa þótt hvað veigamest fyrir beitingu refsinga eru varnaðarástæður. Þegar varnaðaráhrif eru skoðuð sem *markmið* refsinga í

¹⁶⁶ Krístrún Kristinsdóttir, „Réttlæting refsinga“, *Tímarit lögfræðinga* 1998; 48 (4), bls. 353.

¹⁶⁷ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 204-205.

¹⁶⁸ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 66.

¹⁶⁹ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 206-207.

¹⁷⁰ Sama heimild, bls. 204.

frumvarpi hegningarlaga er átt við þau áhrif refsinga að draga úr eða hindra afbrot, þ.e. þau áhrif á hinn brotlega að hann fremji ekki aftur afbrot og sambærileg áhrif á alla aðra en hinn brotlega.¹⁷¹ Varnaðaráhrifum er því ætlað að hafa áhrif á framtíðarbreytni almennings en það hlýtur að hafa haft áhrif á hegðun manna í gegnum tíðina að vita það að refsing lægi við ákveðinni háttsemi. Varnaðarástæðurnar skiptast í tvo flokka, almenn og sérstök varnaðaráhrif. Almenn varnaðaráhrif ganga út á það að refsingar hafi þau áhrif á annað fólk en þann sem refsað er á þann veg að minni líkur eru á að þeir brjóti af sér. Sérstök varnaðaráhrif eru áhrif refsingar á þann sem refsað er. Í framangreindum ummælum greinargerðar til hegningarlaga um markmið refsingar koma fram sjónarmið um almenn og sérstök varnaðaráhrif.¹⁷²

Varnaðarsjónarmið hafa verið áberandi þegar um ávana- og fíkniefnamál er að ræða.¹⁷³ Það kemur hins vegar sjaldan fram í réttarframkvæmd að byggt sé á almennum varnaðarsjónarmiðum í niðurstöðum dóma. Dæmi um slíkt má þó sjá í niðurstöðum eftirtalinna dóma:

H. 667/2006. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti kom eftirfarandi fram, „...er ljóst að hefði ákærðu tekist ætlunarverk sitt, má gróflega áætla að unnt hefði verið að drýgja amfetamínið og fá úr því um eða yfir 30 kíló af efni, með ríflega 20% styrkleika, til söludreifingar. Er því engum vafa undirorpið hverjir eru hættueiginleikar efnisins“. Í málinu hafði verið um að ræða innflutning á 11.949,75 g af mjög sterku amfetamíni samkvæmt framangreindu.

H. 72/2007. Í refsíákvörðun héraðsdóms sem staðfestur var um sakfellingu ákærðu kom eftirfarandi fram, „Við ákvörðun refsingar ber meðal annars að horfa til hættueiginleika efnanna, magns þeirra og styrkleika. Er hér um að ræða verulegt magn af amfetamíni og kannabis sem ætlað var til söludreifingar hér á landi og enginn vafi leikur á að eru mjög skaðleg heilsu manna“. Í málinu var um að ræða innflutning á 15.227,9 g af amfetamíni og 10.283,05 g af kannabis.

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008. Í niðurstöðu héraðsdóms kom eftirfarandi fram, „Þótt þeir hafi hvorki átt fíkniefnin né ætlað að dreifa þeim, enda ákært fyrir hvorugt, var þessum ákærðu ljóst að fíkniefnin voru ætluð til söludreifingar hér á landi. Fíkniefnin sem ákærðu fluttu til landsins hafa mikla hættueiginleika. Afleiðingar af neyslu efnanna eru alkunnar“. Í málinu var um að ræða innflutning á 23.562,73 g af amfetamíni, 13.947,45 g af MDMA dufti og 1.746 stykki af MDMA töflum.

¹⁷¹ *Alþingistíðindi*. 1939, A-deild, bls. 352-353.

¹⁷² Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 208-211.

¹⁷³ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 251.

Í alþjóðlegu samhengi hefur verið sýnt fram á að Ísland hefur nokkuð lága tíðni alvarlegra glæpa þótt ekki sé beitt hörðum refsingum. Virðast varnaðaráhrif því skipta sköpum hér á hinn almenna borgara þó erfitt sé að meta hversu mikil slík áhrif eru. Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi í gegnum árin hefur ekki verið hærrí en annarra þjóða sem beita harðari refsingum en gert er hÉrlendis.¹⁷⁴ Virðist fÍkiniefnamálum þó ekki hafa fækkað eftir að refsiramminn hækkaði úr tíu árum í 12 árið 2001 við stórfelldum fÍkniefnabrotum eins og sjá má af dómaframkvæmd síðustu ára.¹⁷⁵ Þetta kemur fram í „Afbrotatölfræði 2005“ en þar segir, „Ólíkt flestum öðrum brotum fjölgaði fÍkniefnabrotum árið 2005 og hefur þessum brotum fjölgað stöðugt frá 2001“.¹⁷⁶ Samkvæmt því virðist hækkan refsiramma ekki hafa haft mikil varnaðaráhrif. Það er því eðlilegt að spyrja hvort að frekari varnaðaráhrif muni eiga sér stað ef refsingar í slíkum málum myndu hækka enn frekar en þær eru í dag.

Jafnframt hefur verið talið að almenn varnaðaráhrif komi ekki einungis frá refsilögum eða refsíákvörðunum heldur frá refsivörslukerfinu í heild sinni. Erfitt hefur þótt að meta hvaða hluti refsivörslukerfisins hefur mest áhrif í því efni eða hvaða vægi hver þáttur hefur. Líkur eru á að áhrif skilvirkrar löggæslu og lögreglurannsókn afbrota sé engu að síður að mörgu leyti að þakka þar en ætla má að þau varnaðaráhrif skipti miklu máli. Til að styðja slíkar hugmyndir frekar þá hafa rannsóknir sýnt að uppljóstrun brota og áreiðanleiki þess að viðurlögum verði beitt hefur jafnan verið talinn hafa meiri fælni í för með sér en áhersla á hertar refsingar eingöngu.¹⁷⁷

Fræðimenn hafa bent á þegar kemur að refsingu, að þeir afbrotamenn sem áður hafi sætt refsingu, séu jafn líklegir til þess að gerast sekir um ítrekun á broti að refsivist lokinni en þeir sem sæta öðrum refsingum.¹⁷⁸ Það væri því hægt að líta svo á að refsivist hafi ekki sérstök varnaðaráhrif umfram önnur

¹⁷⁴ Baumer, Eric, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright, Richard, *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi*. Reykjavík 2001, bls. 75-76.

¹⁷⁵ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 376, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*. Slóð: <http://www.althingi.is/altxt/126/s/0376.html> [Sótt á vefinn 18. nóvember 2010].

¹⁷⁶ „Afbrotatölfræði 2005“. Skýrsla ríkislögreglustjóra, nóvember 2006. Aðgengileg á <http://logreglan.is/upload/files/RLS%20Tolfr2006%281%29.pdf> [Sótt á vefinn 18. nóvember 2010].

¹⁷⁷ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 72-75.

¹⁷⁸ Baumer, Eric, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright, Richard, *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi*, bls. 75.

refsiviðurlög.¹⁷⁹ Það má jafnframt benda á þá staðreynd að fjölda fanga vegna fíkniefnabrota hefur fjölgað talsvert á síðustu árum og hefur annaðhvort verið algengasta eða næst algengasta ástæða refsivistar hérlandis frá árinu 2000 og algengasta ástæða refsivistar frá árunum 2005 til 2008.¹⁸⁰ Í því sambandi hafa sífellt fleiri gagnrýnisraddir heyrst um gagnsemi langrar refsivistar. Breytt sýn á manninn og meiri skilningur á aðstöðu fanga hefur orðið til þess augu manna hafa opnast fyrir því að leita allra möguleika til að minnka notkun refsivistar. Ýmis sjónarmið hafa komið upp um afleiðingar slíkrar refsivistar á brotamenn. Einangrun hefur til dæmis verið talin hafa ýmis neikvæð áhrif sem talin eru haldast í hendur þegar menn ljúka afplánun og fara út í samfélagið á ný. Einnig virðast margir brotamenn missa tengsl sín við fjölskyldu og vini og geta verið háðir stofnunum þegar þeir ljúka afplánun sinni. Oft er það svo að refsivistin getur haft mikil áhrif á sálarlíf brotamanna og virðist ýta undir sinnuleysi þeirra, ósjálfstæði og deyfð. Einnig getur refsivistin leitt af sér neikvæða afstöðu brotamanns gegn samfélaginu. Breyttir þjóðfélagshættir virðast einnig hafa leitt til þess að refsivist virðist í dag enn þungbærari en áður.¹⁸¹ Það hefur því verið litið svo á að meiri líkur séu á árangri ef fangar eru fluttir úr stofnunum samfélagsins og reynt að vinna á band þess samfélagsins sem þeir lifa í.¹⁸² Sífellt meira hefur borið á því að menn leggi traust sitt á úrræði utan stofnunar en ekki hafa verið færðar sönnur fyrir því að refsivist hafi meiri almenn varnaðaráhrif heldur en önnur refsiviðurlög sem ekki hafa slíka frelsissviptingu í för með sér.¹⁸³ Slík úrræði eru ekki eins kostnaðarsöm fyrir samfélagið, og þau beinast í jákvæðari átt fyrir brotamann, til dæmis með því að útvega honum vinnu og hjálpa til við persónuleg og fjárhagsleg vandamál.¹⁸⁴

Loks hafa ýmsar rannsóknir sýnt fram á það að séu tengsl einstaklingsins við ýmsar stofnanir samfélagsins líkt og fjölskyldu, vini, skóla og annað félagsstarf sterk, minnki það líkurnar á að viðkomandi fremji afbrot.

¹⁷⁹ Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta“, bls. 163.

¹⁸⁰ „Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga fyrir árin 2000-2008“, tafla 4 a. Fangelsismálastofnun, yfirfarið í ágúst 2009. Aðgengileg á http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Tolfradilegar_upplýsingar_um_fullnustu_refsinga_fyrir_arin_2000_til_2008.pdf [Sótt á vefinn 2. nóvember 2010].

¹⁸¹ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 215.

¹⁸² Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 35.

¹⁸³ Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta“, *Úlfjótur*, 1991; 44 (2), bls. 162-163.

¹⁸⁴ Sama heimild, bls. 36.

Því hefur þar af leiðandi verið haldið fram að grundvallarverkefni samfélagsins ætti að vera það að styrkja tengsl einstaklinga við hinar ýmsu stofnanir til þess að draga úr líkum á fráviks- og afbrotahæðun.¹⁸⁵ Nánar verða skoðuð önnur refsíúrræði sem standa til boða en refsivist í kaflanum hér á eftir.

4.3. Önnur refsíúrræði sem standa til boða

Ýmsar ástæður hafa leitt til þess að menn hafi frekari trú á úrræðum utan refsivistarstofnanna líkt og rætt hefur verið um hér að ofan í kafla 4.2. Slík úrræði hafa meðal annars verið notuð til aðhalds og endurreisnar úti í hinu frjálsa samfélagi.¹⁸⁶

Eðlilegt þykir að reynt hafi verið að minnka beitingu óskilorðsbundinnar refsivistar þegar ókostir refsivistar hafa verið hafðir í huga. Til þess að hægt sé að minnka slíka notkun þurfa önnur úrræði að vera til staðar en hér er bent á nokkur úrræði sem slíkan möguleika. Í fyrsta lagi væri hægt að beita í meira mæli þeim úrræðum sem þegar eru í lögum og leiða ekki til frelsissviptingar, líkt og sektum og skilorðsdómum. Í öðru lagi væri hægt að draga úr lengd refsivistar með því að nota reynslulausnarúrræði oftari og stytta refsivistardóma. Hægt væri að nota ýmis önnur úrræði sem ekki krefðust óskilorðbundinnar refsivistar, líkt og tilkynningarskyldu, helgarfangelsi, næturfangelsi, eftirlits- og kynningarskyldu og samfélagsþjónustu.¹⁸⁷ Einnig hefur verið bent á notkun rafrænna ökklabanda. Rafræn ökklabönd krefjast þó tæknilegrar útfærslu og kostnaðar. Þau hafa ekki verið algeng á Norðurlöndunum fyrir utan Svíþjóð sem hefur notast við það úrræði í nokkurn tíma. Eftirlit samkvæmt þeim hefur gengið vel og hefur jafnframt leitt af sér lokun fangelsa þar í landi.¹⁸⁸ Tilkynningarskyldan hefur ekki verið mikið útbreidd í hinum vestræna heimi samanber þó England, Bandaríkin, Frakkland og Holland. Með henni þarf brotamaður að tilkynna sig reglulega á ákveðnu tímabili hjá opinberri stofnun. Nætur- eða helgarfangelsi kæmi þó

¹⁸⁵ Helgi Gunnlaugsson, „Afbrot, refsingar og afstaða Íslendinga“, *Tímarit lögfræðinga*, bls. 97

¹⁸⁶ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 47.

¹⁸⁷ Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta“, bls. 163.

¹⁸⁸ Bondesen, Ulla. V., „Global Trends in Corrections“. Í Ulla V. Bondesen (ed): *Crime and Justice in Scandinavia*, Kaupmannahöfn 2005, bls. 39.

aðeins til greina ef um styttri refsivist væri að ræða, til dæmis þriggja mánaða fangelsi eða styttra.¹⁸⁹

Hafa þarf í huga að í reynd hafa önnur úrræði sem standa til boða en refsivist yfirleitt verið takmörkuð við ákveðna hópa brotamanna líkt og ungmenni eða ákveðna brotaflokkanna líkt og brot vímuefnaneytanda.¹⁹⁰ Það má ætla að sömu úrræði gildi í tengslum við fíkniefnabrot til að mynda ef brotamaður er ungur að árum. Af dómum Hæstaréttar er hægt að sjá að skilorðsdómum er beitt reglulega í smærri fíkniefnamálum. Ekki er hægt að ímynda sér að samfélagsþjónustu sé beitt mikið í fíkniefnamálum en gæti eflaust verið beitt meira í minni málum. Jafnvel mætti skoða tilkynningarskyldu og rafræn ökklabönd héraðs sem refsíúrræði þar sem þau úrræði virðast hafa gengið vel í einhverjum löndum. Það er hins vegar spurning hvort slík úrræði falli að íslensku samfélagi. Erfitt er að sjá fyrir sér að ekki væri beitt refsivist í málum sem varða stórfelld fíkniefnabrot.

4.4. Áhrif fjölmiðla

Það er enginn vafi á því að fjölmiðlar geta haft mikil áhrif á skoðanir fólks á hvaða vettvangi sem er. Samkvæmt könnun sem gerð var á árinu 2002 var 86% fólks sem fékk upplýsingar um afbrot í gegnum fjölmiðla. Gera má ráð fyrir því í langflestum tilfellum að afstaða almennings til slíkra brota mótist af umfjöllun fjölmiðla og samfélagsumræðu frekar en af eigin reynslu.¹⁹¹

Rannsóknir hafa sýnt fram á að það að umfjöllun fjölmiðla nú til dags er mun meiri og hasarkenndari en hún var á fyrri áratugum. Fjölmiðlar virðast beina athyglinni sífellt meira að afbrotum og þar eru fíkniefnamál síður en svo undanskilin. Afbrot virðast vera vinsælt umfjöllunarefni þar sem þeim fylgir oft á tíðum mikil dramatík og spenna. Það má því vafalaust að hluta til útskýra auknar áhyggjur almennings af afbrotum með aukinni umfjöllun fjölmiðla á þessum vettvangi. Erlendar rannsóknir sýna sömuleiðis fram á það að þó svo afbrotum fjölgi ekki þá er sífellt fleira fólk sem telur afbrot aukinn vanda sem fræðimenn hafa tengt við umfjöllun fjölmiðla.¹⁹²

¹⁸⁹ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 217-218.

¹⁹⁰ Jónatan Þórmundsson. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 56.

¹⁹¹ Helgi Gunnlaugsson, „Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002“, bls. 106.

¹⁹² Helgi Gunnlaugsson, „Afbrot, refsingar og afstaða Íslendinga“, bls. 94.

Þær hugleiðingar hafa orðið meira áberandi hvort óvægin og fyrirferðamikil umfjöllun fjölmiðla um sakamál síðustu ára hafi leitt til meiri áhrifa á háttsemi manna en óttinn við refsingar.¹⁹³ Virðist slík umfjöllun jafnvel geta haft enn meiri áhrif á brotamannt þar sem hér er um að ræða fámennt þjóðfélag þar sem margir þekkjast innbyrðis. Nafn- og myndbirting í fjölmiðlum getur komið sér afskaplega illa fyrir sakborning þar sem slík umfjöllun getur valdið viðkomandi ómetanlegu tjóni. Þó svo að sakborningur verði síðar sýknaður hefur dómstóll götunnar oft á tíðum fellt á viðkomandi ákveðinn áfellingisdóm á grundvelli umfjallana fjölmiðla. Nafn- og myndbirting getur einnig haft ófyrirsjáanleg áhrif á aðstandendur sakbornings.¹⁹⁴

Það verður að líta til þess að fjölmiðlar fylgja sakamálum á öllum stigum málsmeðferðar gjarnan eftir og gegna þannig ákveðnu eftirlits-, aðhalds-, og upplýsingahlutverki gagnvart almenningi. Þannig er hlutur þeirra mikilvægur í upplýsingaskyldu til almennings þar sem hugmyndum og skoðunum er komið á framfæri. Þá hefur verið litið svo á að umfjöllun fjölmiðla geti haft ákveðið forvarngildi.¹⁹⁵ Má ímynda sér að hvati til að fremja fíkniefnabrot geti eflaust minnkað hjá einstaklingum sem hafa hug á skjótvirkum gróða þegar háir refsidómar eru nefndir í fjölmiðlum.

Það þarf að jafnframt að hafa í huga að vanhugsuð umfjöllun fjölmiðla um sakamál sem eru á viðkvæmu rannsóknarstigi getur skaðað og jafnvel eyðilagt rannsókn máls fyrir lögreglu. Slíka fjölmiðlaumfjöllun er ekki hægt að réttlæta með nokkru móti með vísan til þess að almenningur eigi rétt á slíkum upplýsingum þar sem hagsmunir almennings hljóta mun frekar að snúast um að lögregla fái tækifæri til þess að klára sitt mál og fá þannig tækifæri á að leiða hið sanna í ljós.¹⁹⁶ Á könnunartímabili ritgerðarinnar reyndi á slík sjónarmið í einu máli en þau sjónarmið verða reifuð nánar hér að neðan. Umræddur dómur er **H. 435/2007**:

H. 435/2007. Í dóminum voru tveir menn sýknaðir í héraði og var niðurstaða þess dóms staðfest í Hæstarétti. Málavextir voru þeir að tollyfirvöld fundu fíkniefni í bifreið sem flutt var inn til landsins frá Þýskalandi. Lögreglan kom fyrir gerviefnum í bílnum en annar ákærði sem móttók efnin henti þeim eftir móttöku þar sem hann kvaðst hafa vitað að um væri að ræða gerviefni.

¹⁹³ Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 210.

¹⁹⁴ Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar – Gapastokkur nútímans“, bls. 388-389.

¹⁹⁵ Sama heimild, bls. 403.

¹⁹⁶ Sama heimild, bls. 394.

Ástæða þess að ákærði vissi um efnin var vegna fréttar sem hann sá um haldlagningu á miklu magni fíkniefna í bifreið sem flutt var til landsins en hann sá slíka frétt í blaðinu DV. Ekki þótti hægt að sanna að hann hefði tekið efnin að sér í því skyni að ætla þeim til söludreifingar heldur var talið sannað fyrir dómi að ákærði hefði vitað að um gerviefni væri að ræða þar sem blaðagreinar sem ákærði vísaði í studdu framburð hans. Í málinu var meðal annars stuðst við vitnisburð Á aðstoðaryfirlöggreglupjóns sem lýsti slæmum áhrifum fjölmiðlaumfjöllunar á rannsókn málsins. Samkvæmt framburði hafði ekki verið annað mál á þessum tíma til rannsóknar sambærilegt þessu og því ljóst að umfjöllun í DV gat ekki átt við annað mál.

Þrátt fyrir neikvæð áhrif fjölmiðla á framangreint mál þá þarf engu að síður að hafa í huga að umfjöllun fjölmiðla um ákveðin mál getur einnig leitt til þess að nýjar upplýsingar komi fram sem berist til lögreglu og geta hjálpað til við að leysa slík mál.¹⁹⁷ Í samræmi við framangreinda umfjöllun þá virðist umfjöllun um fíkniefnamál geta haft varnaðaráhrif í för með sér í einhverjum tilvikum og hjálpar til við að upplýsa almenning um hvað er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Hins vegar er hægt að sjá að of ítarlegar upplýsingar um slík mál geta haft slæmar afleiðingar í för með sér eins og framangreindur dómur sýnir. Það þarf augljóslega að huga að mörgum hlutum þegar fjallað er um fíkniefnamál og þyrfti því að vera gott jafnvægi á slíkri umfjöllun.

¹⁹⁷ Sama heimild, bls. 395.

5. Alþjóðleg lögreglusamvinna á sviði fíkniefnamála og tengsl við skipulagða brotastarfsemi

5.1. Almenn

Það þykir ekki vafamál að alvarleg brotastarfsemi á alþjóðlegum vettvangi eykst sífellt sem vandamál í nútíma þjóðfélagi. Með tilkomu alþjóðavæðingar, stóraukinna alþjóðaviðskipta, einfaldari samgangna og breyttrar landamæravörslu hefur það umhverfi sem skipulögð brotastarfsemi (e. organised crime) þrífst í gjörbreyst.¹⁹⁸ Hér á landi er það Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra sem sinnir afar mikilvægu starfi á sviði löggæslu þar sem deildin sér meðal annars um samstarf við Europol¹⁹⁹ (Evrópulögregluna), Interpol²⁰⁰ (alþjóðalögregluna) og samvinnu í tengslum við Schengen sáttmálann. Þessi form alþjóðlegrar lögreglusamvinnu nýtast í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi hér á landi, en mikilvægi slíkrar alþjóðasamvinnu er sífellt að aukast.²⁰¹ Fíkniefnabrot hafa verið talin algengasta form brota þegar kemur að skipulagðri brotastarfsemi í ESB þar sem neytendamarkaður fíkniefna er gríðarlegur og í samræmi við það eru fíkniefnaviðskipti talin ein helsta ógn í nútímaþjóðfélögum.²⁰² Hér að neðan verður skoðuð nánar helsta alþjóðlega lögreglusamvinna sem Ísland tekur þátt í á sviði fíkniefnamála og tengsl fíkniefnabrota við skipulagða brotastarfsemi. Þeir dómur sem til könnunar hafa verið í ritgerðinni eru skoðaðir með tilliti til þess hvort að minnst hafi verið á alþjóðlegt lögreglusamstarf eða skipulagða brotastarfsemi í þeim.

¹⁹⁸ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), þskj. 16, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0016.html> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

¹⁹⁹ Europol stendur fyrir „European Police Office“.

²⁰⁰ Interpol stendur fyrir „International Criminal Police Organization“.

²⁰¹ Haraldur Johannessen, „Erindi ríkislögreglustjóra á málþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands“, 22. september 2009, bls. 12-14. Aðgengilegt á <http://www.logreglan.is/upload/files/HJ-erindi-Net%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²⁰² „EU Organised Crime Report“. Skýrsla Europol um skipulagða brotastarfsemi, 17. nóvember 2005, bls. 6. Aðgengilegt á http://www.europol.europa.eu/publications/Organised_Crime_Reports-in_2006_replaced_by_OCTA/EU_OrganisedCrimeReport2005.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

5.2. Europol

Europol er alþjóðastofnun á vegum ESB sem stofnuð var með Maastricht samningnum árið 1992 og er með höfuðstöðvar í Haag í Hollandi. Europol er löggjafarstofnun ESB sem stuðlar að alþjóðlegri lögreglusamvinnu milli ríkja. Markmið stofnunarinnar er að koma á meira öryggi í Evrópu með því að styðja lögreglustofnanir innan ESB og annarra landa, sem eru í samstarfi við stofnunina, í baráttu þeirra gegn alþjóðlegum glæpum. Hjá Europol er upplýsingum safnað saman, þær greindar og þeim dreift til viðeigandi aðila. Þá eru aðgerðir samræmdar en lögreglumenn þar hafa ekki beint vald til handtöku heldur eru það lögreglumenn hvers samstarfsríkis sem nota slíkar upplýsingar til þess að rannsaka, uppljóstra og hindra brot.²⁰³

Ísland gerði samstarfssamning við Europol í júní 2001 og er beinlínusamband á milli alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra og höfuðstöðva Europol. Ísland fékk sinn fyrsta íslenska tengifulltrúa til starfa hjá stofnuninni í byrjun ársins 2007.²⁰⁴ Með þeim hætti eru samskipti lögreglunnar hérlendis auðvelduð við Europol og hefur samstarf milli stofnananna verið álitid gott hérlendis. Á árinu 2008 vann tengifulltrúinn til að mynda að 27 málum sem sneru að tengslum Íslands við skipulagða brotastarfsemi, þar af 19 í tengslum við fíkniefnamál eða um 70,4% málanna.²⁰⁵ Í **H. 618/2009** reyndi til að mynda á umrætt samstarf:

H. 618/2009. Í umræddum Hæstaréttardómi sem varðaði framleiðslu fíkniefna höfðu íslensk lögregluyfirvöld borið ákveðnar upplýsingar undir sérfræðinga Europol og bandarísku alríkislögregluna, meðal annars um vörur sem keyptar höfðu verið af sakborningum, sem innhéldu efni til framleiðslu fíkniefna. Tveir sérfræðingar lyfjadeildar Europol voru fengnir til að aðstoða lögreglu við rannsókn málsins, meðal annars á vettvangi þegar efni, tæki og búnaður tengdur þeim hafði verið haldlagður. Í framhaldinu af því lögðu þeir mat á umrædd efni en samkvæmt því mati var talið að þarna hefði farið fram stórfelld framleiðsla á fíkniefnum. Samkvæmt útreikningi Europol hefði mátt

²⁰³ „Fact sheet on Europol“. Aðgengilegt á <http://www.europol.europa.eu/index.asp?page=facts> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²⁰⁴ Ragna Árnadóttir „Ræða dómsmála- og mannréttindaráðherra um Schengen í Háskóla Íslands“, 7. október 2009. Aðgengilegt á http://www.domsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6839 [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²⁰⁵ „Ársskýrsla fulltrúa ríkislögreglustjóra hjá Europol fyrir 2008“. Ríkislögreglustjóri, mars 2009. Aðgengilegt á <http://logreglan.is/upload/files/EUROPOL-%E1rssk%FDrsla%202008%20-%20almenn%20%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

fá úr því efni sem til rannsóknar var um 353 kg af amfetamíni. Var tekið mið af umræddum niðurstöðum við ákvörðun refsingar í málinu.

5. 3. Interpol

Interpol er stærstu alþjóðlegu lögreglusamtök í heiminum með alls 188 aðildarríki sem taka þátt í því samstarfi. Interpol var sett á stofn árið 1923 til þess að auðvelda alþjóðlegt samstarf á sviði löggæslu og rannsókna sakamála. Um er að ræða alþjóðastofnun sem auðveldar lögreglusamvinnu milli landamæra og styður og aðstoðar allar stofnanir og yfirvöld sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir eða berjast gegn alþjóðlegum glæpum. Interpol miðar einnig að því að auðvelda alþjóðlega lögreglusamvinnu í löndum þar sem diplómatísk sambönd eru ekki til staðar milli landa. Interpol hefur, í samræmi við tilgang sinn, ekki lögsögu innan aðildarlandanna hvers um sig. Höfuðstöðvar Interpol eru í Lyon í Frakklandi. Hvert ríki sem er aðili að Interpol er með svæðisskrifstofu í sínu landi þar sem lögreglumenn þess lands starfa.²⁰⁶ Ísland er aðili að Interpol og hefur verið síðan 1971. Landsskrifstofa Interpol er hluti af alþjóðadeild ríkislögreglustjóra en ekki er til staðar íslenskur tengifulltrúi á aðalskrifstofu Interpol líkt og hjá Europol.²⁰⁷ Ekki er annað að sjá en að samstarf milli lögreglunnar héraendis og Interpol hafi verið talið gott. Í neðangreindum dómi reyndi á samstarf við Interpol:

H. 205/2009. Í umræddum dómi hafði lögregla aflað upplýsinga um brotaferil A erlendis en hann var ekki á sakaskrá héraendis en samkvæmt skrá Interpol var hann á sakaskrá fyrir hótanir, ofbeldi og nauðgun. Ekki kom fram í dómnum í hvaða landi A var á sakaskrá fyrir framangreind brot. Við ákvörðun refsingar komu framangreindar upplýsingar fram en ekki var sérstaklega tekið fram í dómnum að þær hefðu áhrif á ákvörðun refsingar.

5. 4. Schengen

Ísland er aðili að Schengen samstarfinu en samstarfssamningur þar um var undirritaður 19. desember 1996 í Lúxemborg. Markmið samstarfsins er annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri brotastarfsemi sem felur ekki síst í sér ólögmetan innflutning á fíkniefnum.

²⁰⁶ Heimasíða Interpol, *About Interpol*, slóð: <http://www.interpol.int/public/icpo/default.asp>

²⁰⁷ Samkvæmt Löggæsluáætlun 2007-2011, var stefnt að því að hafa slíkan fulltrúa hjá Interpol fyrir árslok 2009 en ekki virðist slíkur fulltrúi enn komin til starfa.

Með Schengen samstarfinu færast innri landamæravarsla til ytri landamæra Schengen svæðisins. Frjáls för fólks sem felst einkum í því að fella niður persónueftirlit við innri landamæri aðildarríkjanna er einnig eitt meginatriði samstarfsins. Annað meginatriði samstarfsins eru ákvæði um lögreglusamvinnu og gagnkvæma réttaraðstoð sem tengjast baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi og fíkniefnamisferli.²⁰⁸ Þar sem vegabréfaeftirlit innan Schengen landa hefur lagst niður með samstarfinu þá hefur þörfin á virku eftirliti með útlendingum á svæðinu aukist mikið. Aðgangur að landskerfi SIS (Schengen Information System) er mikilvægur fyrir lögreglu og gegnir stóru hlutverki í afskiptum af útlendingum sem koma til landsins.²⁰⁹ Slíkur gagnabanki hefur verið talin leiða til mun betra upplýsingaflæðis og auðveldara samstarfs milli lögregluþyrvalda Schengen ríkjanna þar sem skilvikni og málarekstur verður í kjölfarið einfaldari.²¹⁰

Íslenskum stjórnvöldum er með þátttöku í Schengen veittur réttur til aðgengis að viðamiklu og afar mikilvægu samstarfi við önnur Schengen ríki, sem annars væri Íslandi lokað. ESB leggur áherslu á að auka samvinnu aðildarríkja sinna í lögreglu- og dómsmálum, jafnt innan gildissviðs Schengen sem utan og þar sem þörfin fyrir samstarf og samvinnu erlendis frá er mikil, kemur hún að öllum líkindum til með að aukast. Útlendingum í landinu hefur fjölgað mikið og einnig hefur ásókn erlendra glæpagengja til landsins aukist. Samstarf og erlend samvinna er mikilvæg samfara þessum málefnum. Schengen samstarfið og annað samstarf lögreglu hefur gengið vel, sérstaklega við Norðurlöndin. Sífelld aukning virðist vera á nýtingu slíks samstarfs hjá íslenskum lögregluþyrvaldum, en það hefur verið talið skila góðum árangri. Þegar litið er til þess ókostar að landamæraeftirlit hérlendis er takmarkaðra með þátttöku í Schengen samstarfinu hafa kostir samstarfsins verið taldir vega hærra en ókostir þess, sérstaklega vegna þess ágóða sem

²⁰⁸ Ragna Árnadóttir „Ræða dómsmála- og mannréttindaráðherra um Schengen í Háskóla Íslands“, 7. október 2009. Aðgengileg á http://www.domsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6839 [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²⁰⁹ Lögregluvefurinn, Schengen samvinna landamæra á milli. Aðgengilegt á: http://logreglan.is/display.asp?cat_id=341&module_id=210&element_id=1002 [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹⁰ Alþjóðleg lögreglusamvinna innan Schengen svæðisins. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 21. mars 2001. Aðgengilegt á: <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/logregla/upplýsingar/nr/525> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

hefur hlotist af alþjóðasamstarfi lögreglu og aðgangi að upplýsingakerfum Schengen ríkjanna. Það er til að mynda talið að árangur við fíkniefnaleit hafi aukist vegna þessa.²¹¹

5.5. Annað alþjóðasamstarf

Lögreglufirvöld hérlendis eru einnig í svokölluðu PTN-samstarfi (Politi og Told í Norden). Um er að ræða norrænt samstarf lögreglu- og tollfirvalda sem Ísland tekur þátt í. Samkvæmt samstarfinu eru meðal annars gerðir út tengiliðir sem hafa starfsstöðvar hjá toll- og lögreglufirvöldum víðsvegar um heiminn. Gegnum þá aðila er upplýsingum miðlað til aðildarlanda samstarfsins sem hjálpa til við tolla- og lögreglueftirlit og í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi.²¹² Einnig hafa lögreglufirvöld hérlendis átt í góðu samstarfi við bandarísku alríkislögregluna frá árinu 2006.²¹³ Í **H. 762/2009** sem reifaður er nánar í kafla 5.6. reyndi meðal annars á samvinnu við bandarísku alríkislögregluna. Fulltrúi frá bandarísku fíkniefnalögreglunni hélt til að mynda fræðsluerindi fyrir íslensk lögreglufirvöld í sumar gagnert til þess að auka færni og þekkingu þeirra sem að koma að skipulagðri brotastarfsemi hérlendis í tengslum við fíkniefnabrot.²¹⁴

Lögreglan hérlendis hefur einnig tekið þátt í fleiri samvinnu líkt og við Baltcom²¹⁵ og erlendar öryggisþjónustur ásamt samtökum eins og Baltic Sea Task Force sem er samstarfsvettvangur Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.²¹⁶ Ríkislögreglustjóraembætti á Norðurlöndunum hafa

²¹¹ Ragna Árnadóttir „Ræða dómsmála- og mannréttindaráðherra um Schengen í Háskóla Íslands“, 7. október 2009. Aðgengileg á http://www.domsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6839 [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹² *Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna*. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, nóvember 2007. Aðgengileg á: http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Fikniefnavarnir_2007.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹³ *Löggæsluáætlun 2007-2011*. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007, bls. 17. Aðgengileg á: http://www.logreglan.is/upload/files/Loggasluaatlun_2007-2011.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹⁴ Lögregluvefurinn, *Alþjóðleg barátta gegn fíkniefnum*, frétt birtist 23. júní 2010. Aðgengileg á: http://logreglan.is/display.asp?cat_id=1042&module_id=220&element_id=15811 [Sótt á vefinn 17. nóvember 2010].

²¹⁵ Ísland er að mestu með áheyrnaraðild að Baltcom. Það samstarf heyrir undir Forsætisráðuneytið en íslensk lögregla er ekki virkur þáttakandi þar.

²¹⁶ Ísland er aðili að Baltic Sea Task Force on Organised Crime in the Baltic Sea Region en hefur þó ekki tekið virkan þátt í samstarfinu þar sem annað samstarf líkt og PTN samstarfið hefur verið talið nægja í flestum tilvikum.

einnig gert með sér sérstakan samstarfssamning um lögreglusamvinnu en samstarf milli þeirra þjóða er mikið og gott.²¹⁷ Ekki þykir ástæða til að fjalla nánar hér um framangreinda samvinnu.

Í neðangreindum dómi reyndi meðal annars á norrænt lögreglusamstarf að einhverju leyti:

H. 509/2009. Í svokölluðu „*Papeyjarmáli*“ var gríðarlegt magn fíkniefna haldlagt við komu skútu til landsins. Samtals var lagt hald á rúmlega 55 kg af amfetamíni, rúmlega 54 kg af kannabis og 9.432 MDMA töflur. Eftirför eftir sjálfri skútunni sem umrædd fíkniefni fundust í var gerð í fullu samráði og samvinnu við færeysk yfirvöld en skútan var tekin í færeyskri efnahagslögsögu.

5.6. Er skipulögð brotastarfsemi raunveruleg ógn á Íslandi?

Með lögum nr. 149/2009 sem tóku gildi 1. janúar 2010 var bætt inn nýrri grein um skipulagða brotastarfsemi í hegningarlög, nánar tiltekið 175. gr. a. hegningarlaga.²¹⁸ Greinin er svohljóðandi:

1) Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum. 2) Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.

Með framangreindum lögum var meðal annars leitast eftir því að fullgilda samning Sameinuðu Þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi eða svokallaðan Palermó-samning frá 15. nóvember 2000.²¹⁹ Ákvæði almennra hegningarlaga eru með því samræmd alþjóðlegum sáttmálum og skuldbindingum íslenska ríkisins. Ákvæði 175. gr. a. hegningarlaga er byggt á ákvæðum 2. og 5. gr. Palermó-samningsins en

²¹⁷ *Löggæsluáætlun 2007-2011*. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007, bls. 16-17. Aðgengileg á: http://www.logreglan.is/upload/files/Loggasluaatlun_2007-2011.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹⁸ Lög nr. 149/2009 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), þskj. 513, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.149.html> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²¹⁹ Samkvæmt 1. gr. samningsins er megintilgangur hans að stuðla að samvinnu á milli ríkja með það markmið í huga að berjast gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti en áður hefur verið gert og efla þar með alþjóðlegt samstarf.

einnig var litið til 162. gr. c. norsku hegningarlaganna.²²⁰ Þótti nauðsynlegt að íslensk refsilög hefðu að geyma refsinaema lýsingu á þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi í ljósi þeirrar áherslu á alþjóðavettvangi um að ríki standi saman í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi.²²¹ Það þarf að líta til þess að þótt hægt sé að refsa þeim sem handtekin er með fíkniefni þá getur reynst mun mikilvægara að rekja slóð þeirra sem standa að baki innflutningum, frá hvaða ríki fíkniefnasendingar koma þannig að jafnvel sé hægt að finna út hverjir standa að baki framleiðslu slíkra efna og innflutningsleiðir viðkomandi aðila.²²²

Mjög erfitt hefur þótt að segja til um magn þeirra fíkniefna sem flutt hafa verið til landsins. Sú viðmiðun hefur hins vegar gjarnan verið notuð af erlendum lögregluliðum að hald sé lagt á 10% innfluttra fíkniefna. Ekki hefur verið talið víst hvort að slík tala sé hins vegar raunhæf hérlendis.²²³ Þar sem margir aðilar geta tengst slíkri brotastarfsemi og þar sem fíkniefni fara jafnvel í gegnum mörg ríki í slíku ferli er mjög mikilvægt að lögregla þeirra ríkja standi saman við að upplýsa slík brot. Hefur alþjóðleg samvinna í tengslum við slíka brotastarfsemi skilað góðum árangri hérlendis.²²⁴ Í því samhengi hafa til að mynda verið gefnar út reglur um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu þar sem mælt er fyrir um afhendingu undir eftirliti við fíkniefnasendingar um landið eða úr því, þar sem markmiðið er jafnframt það að finna út hverjir standa að baki fíkniefnasendingum, en ekki einungis að hafa hendur í hári

²²⁰ Í frumvarpinu kom fram að hugtakið skipulögð brotasamtök sé skilgreint í a-lið 2. gr. Palermó-samningsins en að þetta sé í fyrsta skipti sem slíkt hugtak er skilgreint í alþjóðasamningi.

²²¹ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), þskj. 16, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0016.html> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²²² Lagabreytingar og aukin alþjóðleg samvinna um rannsókn fíkniefnamála. Erindi Bjargar Thorarensen á fundi ákærenda 4, maí 2000. Aðgengilegt á: http://notendur.hi.is/bjorgtho/undirsidur/almennt/fyrirlestrar_og_erindi.htm [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²²³ *Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis*. Skýrsla forsætisráðuneytisins, apríl 1996. Lögð fyrir á Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-1996, samkvæmt beiðni. Aðgengilegt á: <http://www.althingi.is/altext/120/s/0065.html> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²²⁴ Lagabreytingar og aukin alþjóðleg samvinna um rannsókn fíkniefnamála. Erindi Bjargar Thorarensen á fundi ákærenda 4, maí 2000. Aðgengilegt á: http://notendur.hi.is/bjorgtho/undirsidur/almennt/fyrirlestrar_og_erindi.htm [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

burðardýra.²²⁵ Samræming milli löggjafa ríkja hefur verið talin jafn mikilvæg í slíkri baráttu og pólitísk áhersla á það að uppræta slík brot.²²⁶ Sérstök áhersla hefur verið lögð á það síðustu ár að fækka fíkniefnabrotum hérlendis og berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi.²²⁷

Litið hefur verið svo á að skipulögð brotastarfsemi sé til staðar á Íslandi og að hún sé raunveruleg ógn hér á landi. Skipulagður innflutningur fíkniefna til landsins eigi sér til að mynda áralanga sögu. Sú breyting hefur þó orðið á þeirri starfsemi að hún er nú víðtækari og betur skipulögð en áður en innflutningur í fíkniefnum hefur aukist og talið er að hættulegri og dýrari fíkniefnum sé nú smyglað til landsins en áður. Áhrif þeirrar efnahagskreppu sem nú stendur yfir vegna hruns íslenska fjármálakerfisins hefur einnig áhrif á slíka starfsemi þar sem erfitt efnahagsástand og aukið atvinnuleysi geta sett sitt mark á skipulagða brotastarfsemi. Slík umskipti geta haft í för með sér að nýir möguleikar skapist fyrir afbrotamenn þar sem þeir geta meðal annars varið hagnaði af fíkniefnaviðskiptum í fjárfestingar hér á landi en slíkar fjárfestingar, líkt og kaup á fyrirtækjum, geta haft í för með sér margvísleg tækifæri til að fela ólögmeða starfsemi líkt og innflutning á fíkniefnum og peningabætti. Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur varað við hættu á að fíkniefnagróða verði varið á þennan hátt en slík þróun er nú þegar talin vera hafin. Afleiðingar slíkrar skipulagðar brotastarfsemi með innflutningi og sölu á fíkniefnum geta einnig haft í för með sér ýmsa aðra brotastarfsemi, til að mynda getur vændi verið tengd fíkniefnainnflutningi og fíkniefnaneytendur fjármagna í einhverjum tilfellum sína neyslu til dæmis með innbrotum og þjófnaði.²²⁸ Rennur dómur **H. 105/2010** stoðum undir það að vændi geti tengst fíkniefnainnflutningi en þar var kona sakfelld fyrir að hafa viðurværi sitt af

²²⁵ Reglur ríkissaksóknara nr. 3/1999. Í fylgiskjali þrjú með fyrirmælunum kemur fram hvaða skilyrði lögregla þarf að uppfylla þegar slíkar aðgerðir eru fyrirhugaðar. Unnið er að endurskoðun reglnanna samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkissaksóknara þann 2. desember 2010.

²²⁶ Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), þskj. 16, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0016.html> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²²⁷ *Löggæsluáætlun 2007-2011*. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007, bls. 19. Aðgengileg á: http://www.logreglan.is/upload/files/Loggasluaatlun_2007-2011.pdf [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²²⁸ Haraldur Johannessen, „Erindi ríkislögreglustjóra á málþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands“, 22. september 2009. Aðgengilegt á <http://www.logreglan.is/upload/files/HJ-erindi-Net%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

vændi og hafa skipulagt tvo innflutninga á fíkniefnum sem þrjú burðardýr komu með til landsins í flugi í samtals tvö skipti. Virðist dómurinn þó einsdæmi um að slíkt álitaefni hafi komið upp hérlendis á könnunartímabilinu. Það reyndi á peningaþvætti í tengslum við fíkniefnainnflutning í nýjum dómi sem gekk í Hæstarétti þann 2. desember síðastliðinn í máli **H. 495/2010**:

H. 495/2010. Í málinu voru D, G og P ásamt Þ og Æ sakfelldir í héraði fyrir stórfellt fíkniefnabrot gegn 173. gr. a. hegningarlaga, með því að hafa staðið saman að innflutningi á 1.594,43 g af kókaíni til landsins frá Spáni, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Þar hafði G einnig verið sakfelldur fyrir peningaþvætti eða brot gegn 264. gr. hegningarlaga með því að hafa aflað sér ávinnings að fjárhæð 4.675.370 kr. og skartgripa að fjárhæð 2.000.000 kr. með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fíkniefna. Æ hafði einnig verið sakfelldur fyrir peningaþvætti á sama grundvelli og G og lagt hald á 2.880.500 kr. í hans fórum en sýnt hafði verið fram á liðlega 8.500.000 kr. mun á útgjöldum hans á rúmu ári miðað við skráðar tekjur. Mál D, G og P var áfrýjað til Hæstaréttar en þar var G sýknaður af meintri aðild sinni að fíkniefnainnflutningnum þar sem ekki þótti hafið yfir allan vafa að hann hefði tekið þátt í umræddum innflutningi. Ekki þótti hægt að treysta á framburð Æ eins í lögregluskýrslu um aðild G að málinu þar sem Æ kvað G hafa beðið sig að fá mann til að flytja fíkniefnin til landsins. Hafði Æ fyrir dómi breytt framburði sínum á þann veg að Æ og P hefðu einir verið skipuleggjendur innflutningsins. Þó fullt tilefni hafi verið til að draga þá fullyrðingu í efa hafði enginn annar borið um aðild G í málinu. Niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu G í tvö ár fyrir peningaþvætti var hins vegar staðfest í Hæstarétti. Þótti refsing D hæfileg fangelsi fjögur ár og sex mánuðir og P fangelsi í tvö ár.

Einn þáttur í baráttunni gegn alþjóðlegri skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi var að setja á laggirnar greiningardeild ríkislögreglustjóra sem nefnd var hér að framan en deildin var stofnuð árið 2007 í samræmi við leiðbeiningar sérfræðinga á löggæslusviði í Evrópu. Deildinni er ætlað að afla upplýsinga um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi og segja fyrir um líklega framtíðarþróun í slíkum málum. Samstarf greiningardeildarinnar og erlendra lögregludeilda sem hafa starfsemi á sambærilegu sviði hefur gengið vel og verið umsvifamikil. Umrætt samstarf hefur verið talið skila lögreglunni miklum árangri á allra síðustu árum og þá einnig á sviði fíkniefnamála. Í eldri skýrslum greiningardeildarinnar var talið að erfiðleikar í efnahagslífinu myndu eflaust leiða til þess að meiri áhersla yrði lögð á ræktun á kannabis og framleiðslu annarra fíkniefna hérlendis.²²⁹ Í samræmi við þá spá voru skráð 49 brot vegna

²²⁹ Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum, mars 2010. Aðgengileg á vef ríkislögreglustjóra: http://www.logreglan.is/display.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=15379 [Sótt á

framleiðslu á fíkniefnum á árinu 2008 en þeim brotum hafði fjölgað um 66% milli árána 2007 og 2008 en slík brot voru 31 árið 2007.²³⁰ Fíkniefnabrot tengd framleiðslu voru enn færri árin á undan en þau voru 28 árið 2006 og meðaltal slíkra brota á árunum 2001-2005 var 26.²³¹ Í samræmi við spá greiningardeildarinnar var kannabisræktun stöðvuð á mörgum stöðum á svipuðum tíma á árinu 2009 þar sem í fjölda þeirra tilvika var um mikla og vel skipulagða starfsemi að ræða. Þótt ekki hafi legið fyrir beinar sannanir að hluti umræddra efna hafi verið ætlaður til útflutnings þá hefur slíkt verið talið líklegt þar sem umfang þeirrar framleiðslu var mikið.²³² Á árinu 2009 var samkvæmt afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra lagt hald á mikið magn af kannabisplöntum og kannabislaufum miðað við árin á undan sem hafa vafalaust verið tengd ræktun.²³³ Fjórir dómur um framleiðslu og/eða ræktun fíkniefna²³⁴ voru uppkveðnir á því tímabili sem til skoðunar var í umræddri ritgerð en þeir voru reifaðir í kafla 3.2.4.3. Umræddir dómur eru taldir renna stoðum undir framangreinda fullyrðingu í tengslum við erfiðleika í efnahagslífinu. Ekki er hægt að fullyrða um það að slíkum dómum eigi eftir að fjölga á komandi árum en áframhaldandi slæmt efnahagsástand héraendis getur rennt stoðum undir þá hugleiðingu.

Aukning á skipulagðri brotastarfsemi héraendis er meðal annars talin tengjast fjölgun erlendra ríkisborgara hér á landi. Einhverjir útlendingar héraendis hafi tekið þátt í innflutningi fíkniefna til landsins þar sem landið hefur opnast og þar með orðið vettvangur fyrir skipulagða brotahópa, en þróuninni hefur einnig fylgt samstarf slíkra íslenskra og erlendra hópa.²³⁵ Í dómi **H.**

vefinn 8. nóvember 2010].

²³⁰ Afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra árið 2008, bls. 26. Aðgengilegt á: http://logreglan.is/upload/files/RLS_Afbrot_08%281%29.pdf

²³¹ Afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra árið 2006, bls. 29. Aðgengilegt á: http://logreglan.is/upload/files/RLS%20tolfraedi_web.pdf

²³² Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum, mars 2010. Aðgengilegt á vef ríkislögreglustjóra: http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=15379 [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²³³ Afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra, Þróun afbrota árið 2009 – bráðabirgðatölur, bls. 4. Aðgengilegt á: http://logreglan.is/upload/files/AFBROTAT%D6LFR.2009_n%F3v.2010.pdf

²³⁴ Þeir dómur sem reyndi ýmist á framleiðslu og/eða ræktun á könnunartímabilinu voru: **H.147/2006, H. 618/2009, H. 752/2009 og H. 64/2010.**

²³⁵ Haraldur Johannessen, „Erindi ríkislögreglustjóra á málþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands“, 22. september 2009. Aðgengilegt á <http://www.logreglan.is/upload/files/HJ-erindi-Net%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

762/2009 má sjá hvernig samvinna við erlend lögreglu yfirvöld getur hjálpað til við að leysa fíkniefnamál hérlendis og tengsl Íslendinga við erlenda brotahópa:

H. 762/2009. Umrætt mál hafði byrjað með ábendingu hollenskra yfirvalda til lögreglunnar hérlendis um að innflutningur fíkniefna væri í undirbúningi frá Hollandi til Íslands. Af því tilefni hóf lögregla hérlendis rannsókn á málinu og hafði við þá rannsókn samvinnu við erlend lögregluyfirvöld. Við rannsókn málsins vaknaði grunur um að hérlendis væru menn sem ættu þátt í stórfelldum innflutningi fíkniefna til Evrópu frá Suður-Ameríku í samstarfi við erlend glæpasamtök. Við sönnunarfærslu í málinu var meðal annars aflað skýrslu frá bandarísku alríkislögreglunni þar sem símtöl voru raddgreind en með skýrslunni var talið sannað að ákærði hafi verið notandi þess símanúmers sem rannsakað var og þótti skýrsla bandarísku alríkislögreglunnar styðja þá niðurstöðu. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom eftirfarandi fram við ákvörðun refsingar, „*Brot ákærða í I. kafla ákærunnar lýtur að innflutningi í ágóðaskyni á miklu magni sterkra fíkniefna. Hann hefur sýnt einbeittan ásetning og hafði samvinnu um brot sitt við menn, sem erlend yfirvöld telja tengjast alþjóðlegri glæpastarfsemi. Ákærði á sér engar málsbætur.*“

Einnig reyndi á samvinnu lögregluyfirvalda hérlendis og Europol í **H. 150/2009** eða svokölluðu „*húsbílamáli*“:

H. 150/2009. Í málinu var lagt hald á tæp 200 kg af kannabis og tæp 1.3 kg af kókaini sem flutt var til landsins í húsbíl sem var fluttur hingað með farþegaferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar. Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók við rannsókn málsins en tenglaskrifstofa Europol sá um upplýsingamiðlun og samskipti við erlenda samstarfsaðila. Talsverðar rannsóknaraðgerðir fóru fram í Þýskalandi í málinu og var þýskur eigandi bílsins handtekinn við komu sína til Seyðisfjarðar.²³⁶ Í dómnum kom jafnframt fram að upplýsingar hefðu borist frá spænskum lögregluyfirvöldum um símanúmer, sem talið sannað að hefði verið notað á ákveðnu tímabili, sem tengdist samskiptum sakfelldu í málinu.

Umsvif erlendra borgara á fíkniefnamarkaðnum hafi verið talin áberandi, þá einkum frá Litháen en fíkniefnamarkaðurinn á Íslandi getur verið mjög ábatasamur.²³⁷ Upplýsingar um hópa Pólverja og Litháa hafa verið greindar af Europol þar sem grunur hefur leikið á því að um skipulagða brotastarfsemi þeirra hafi verið að ræða á Íslandi. Nokkur tengsl hafa komið í ljós við þekktu brotamenn erlendis við þá skoðun, sem íslenskum

²³⁶ Umræddar upplýsingar um samskipti lögreglu hérlendis komu ekki fram í dómnum sjálfum heldur eru upplýsingarnar teknar úr áður nefndri ársskýrslu fulltrúa ríkislögreglustjóra hjá Europol. Ársskýrslan er fyrir árið 2008 og er aðgengileg á: <http://logreglan.is/upload/files/EUROPOL-%E1rssk%FDrsla%202008%20-%20almenn%20FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

²³⁷ Haraldur Johannessen, „Erindi ríkislögreglustjóra á málþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands“, 22. september 2009. Aðgengilegt á <http://www.logreglan.is/upload/files/HJ-erindi-Net%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

lögregluþyrirvöldum var gert viðvart um.²³⁸ Í kafla 3.3.6. hér að ofan kom fram að fjöldi útlendinga sem dæmdur var á könnunartímabilinu var 14 en af þeim voru flestir aðilar frá Litháen eða sjö einstaklingar sem rennir enn frekar stoðum undir þær ályktanir að skipulögð brotastarfsemi þaðan herji á íslenska fíkniefnamarkaðinn frekar heldur en um tilviljun sé að ræða í þeim efnum.

Líkt og sjá má af framangreindri umfjöllun reynir sífellt meira á alþjóðlega lögreglusamvinnu í tengslum við fíkniefnamál. Virðast íslensk lögregluþyrirvöld vera ánægð með það samstarf sem á sér stað við erlendar stofnanir í þeim málum. Þar af leiðandi má ætla að passa þurfi upp á slíku samstarfi sé viðhaldið í baráttunni gegn alþjóðlegri skipulagðri brotastarfsemi til þess að auka möguleika á að fækka slíkum málum þar sem útlit virðist vera fyrir því að skipulögð brotastarfsemi sé að aukast hérlandis með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta.

²³⁸ „Ársskýrsla fulltrúa ríkislögreglustjóra hjá Europol fyrir 2008“. Ríkislögreglustjóri, mars 2009. Aðgengilegt á <http://logreglan.is/upload/files/EUROPOL-%E1rssk%FDrsla%202008%20-%20almenn%20%FAtg%E1fa.pdf> [Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

6. Lokaorð

Í ritgerð þessari var fjallað um fíkniefnabrot. Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar fól í sér könnun á dómum Hæstaréttar á tímabilinu 1. janúar 2006 til 3. desember 2010. Jafnframt þótti nauðsynlegt að taka með í þá umfjöllun umfangsmikinn héraðsdóm á könnunartímabilinu í svokölluðu „skútumáli“. Þrátt fyrir að könnunartímabilið hafi ekki verið langt er könnunin þó talin geta gefið ágætis mynd af fíkniefnabrotum hérlandis í dag þar sem um mörg fíkniefnamál var að ræða á umræddu tímabili eða samtals 48 dóma. Fjölgun hefur verið á fíkniefnabrotum á síðustu árum en nú virðist meira magn vera í umferð, málin verða stærri og stærri og skipulagið flóknara, til dæmis með aukinni tækni. Í samræmi við framangreind sjónarmið ber að hafa í huga í baráttunni gegn fíkniefnabrotum að skipulögð brotastarfsemi virðist sífellt meira vera að ryðja sér til rúms hérlandis. Ástæður þess eru til að mynda taldar vera breytt efnahagsástand, aukinn alþjóðavæðing og auðveldari aðgengi að landinu. Alþjóðleg lögreglusamvinna skiptir gríðarlega miklu máli í þeim efnum og hefur samstarf löggæslu hérlandis verið gott við erlendar stofnanir líkt og Europol og Interpol ásamt aðild að Schengen samstarfinu. Það virðist nauðsynlegt að brugðist sé hratt við þeirri ógn sem stafar af skipulagðri brotastarfsemi. Því fyrr sem brugðist er við slíkum brotum því meiri líkur má leiða af því hægt sé að halda slíkri starfsemi í skefjum.

Það eru mörg atriði sem þarf að huga að við ákvörðun refsingar í fíkniefnamálum sem geta haft áhrif á lengd refsingar líkt og hefur komið fram í ritgerðinni og telja verður hvert mál einstakt með tilliti til þess. Þó virðast þeir þættir sem hafa mest áhrif á þyngd refsinga í fíkniefnamálum vera magn fíkniefna en einnig er horft til styrkleika og hættueiginlega fíkniefna. Hinn refsiverði verknaður hefur jafnframt verið talinn skipta máli við ákvörðun refsingar en tíðast virðist reyna á innflutning þegar brot telst falla undir 173. gr. a. hegningarlaga og vörslur þegar brot telst falla undir ákvæði laga um ávana- og fíkniefni. Bæði Hæstiréttur og héraðsdómur virðast eiga það til að vísa ekki til refsíákvæða við ákvörðun refsingar heldur einungis nefna tiltekna ástæðu sem máli skiptir við ákvörðun refsingar. Það verður að álíta skilvirkara að vísa í lagaákvæði til stuðnings ákvörðun um refsingu í dómum.

Það er næsta víst að fíkniefnavandinn verður ávallt til staðar en mikilvægt er að haldið verði áfram að leita sem marktækastra leiða til að reyna að minnka þann vanda og draga úr neyslu fíkniefna og þar með draga úr skaða slíkra efna. Með áframhaldandi forvörnum og aðhaldi gagnvart ungu fólki sem er að feta sig áfram í lífinu gæti eftirspurn eftir fíkniefnum minnkað og þar af leiðandi framboð slíkra efna einnig, en fíkniefnum virðist á síðari árum hafa fjölgað og þau talin hættulegri en fyrr. Markvissari aðgerðir til að uppræta hinn gríðarlega fíkniefnagróða af fíkniefnabrotum og í tengslum við skipulagða brotastarfsemi á því sviði ætti einnig að skipta miklu því gróðinn er jú yfirleitt hvati slíkra afbrota. Það verður því að telja að nauðsynlegt sé að halda áfram dyggum stuðningi við löggæslustörf héraendis svo hægt sé að berjast áfram gegn því stórtæka vandamáli sem fíkniefnabrot eru í okkar þjóðfélagi. Aukningu á sakfellingu í fíkniefnamálum síðustu ára héraendis er einmitt talið mega rekja til aukinna aðgerða og samvinnu lögreglu og tollgæslu. Þó er einungis talið að það komist upp um aðeins lítið brot fíkniefnamála svo huga mætti að því að efla slíka löggæslu enn meira. Virk löggæsla hefur jafnframt verið talin hafa meiri varnaðaráhrif í för með sér en hækkan refsinga á umræddu sviði. Nokkuð ljóst er að mörgu þarf að hyggja í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og stjórnvöld þurfa að huga vel af því hvernig fjármunum til slíkrar baráttu skuli varið svo bestum mögulegum árangri sé náð.

7. Heimildaskrá

„Afbrotatölfræði 2005“. Skýrsla ríkislögreglustjóra, nóvember 2006.
Aðgengileg á <http://logreglan.is/upload/files/RLS%20Tolfr2006%281%29.pdf>

„Afbrotatölfræði 2006“. Skýrsla ríkislögreglustjóra, nóvember 2007.
Aðgengileg á http://logreglan.is/upload/files/RLS%20tolfraedi_web.pdf

„Afbrotatölfræði 2008“. Skýrsla ríkislögreglustjóra, október 2009. Aðgengileg á
http://logreglan.is/upload/files/RLS_Afbrot_08%281%29.pdf

„Afbrotatölfræði 2009“. Skýrsla ríkislögreglustjóra, nóvember 2010.
Aðgengileg á
http://logreglan.is/upload/files/AFBROTAT%D6LFR.2009_n%F3v.2010.pdf

Aldís Yngvadóttir, Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, *Áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi-þróun og staða*. Reykjavík 1998.

Alþingistíðindi, A-deild, 1923 og 1939.

Alþingistíðindi, B-deild, 1923.

„Alþjóðleg barátta gegn fíkniefnum“. Lögregluvefurinn, frétt birtist 23. júní 2010. Aðgengileg á
http://logreglan.is/displayer.asp?cat_id=1042&module_id=220&element_id=15811

„Alþjóðleg lögreglusamvinna innan Schengen svæðisins“. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 21. mars 2001. Aðgengilegt á
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/logregla/upplýsingar/nr/525>

„Ársskýrsla fulltrúa ríkislögreglustjóra hjá Europol fyrir 2008“. Ríkislögreglustjóri, mars 2009. Aðgengilegt á
<http://logreglan.is/upload/files/EUROPOL-%E1rssk%FDrsla%202008%20-%20almenn%20%FAtg%E1fa.pdf>

Baumer, Eric, Helgi Gunnlaugsson, Krístrún Kristinsdóttir og Wright, Richard, *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi*. Reykjavík 2001.

Björg Thorarensen, „Erindi á fundi ákæranda um lagabreytingar og aukna alþjóðlega samvinnu um rannsókn fíkniefnamála“, 4. maí 2000. Aðgengilegt á
http://notendur.hi.is/bjorgtho/undirsidur/almennt/fyrirlestrar_og_erindi.htm

Bondesen, Ulla. V., „Global Trends in Corrections“. Í Ulla V. Bondesen (ed): *Crime and Justice in Scandinavia*, Kaupmannahöfn 2005, bls. 31-56.

„Drugs 2006“. Skýrsla Europol um fíkniefni, mars 2006. Aðgengileg á
http://www.europol.europa.eu/publications/Serious_Crime_Overviews/drugs2005.pdf

„EU Organised Crime Report“. Skýrsla Europol um skipulagða brotastarfsemi, 17. nóvember 2005. Aðgengileg á http://www.europol.europa.eu/publications/Organised_Crime_Reports_in_2006_replaced_by_OCTA/EU_OrganisedCrimeReport2005.pdf

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 459, 177. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/88/s/pdf/0459.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 212, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0212.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 588, 286. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0588.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 321, 150. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/102/s/pdf/0321.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 452, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0452.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 69/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 846, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0846.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 617, 339. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0617.html>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, þskj. 1005, 630. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/1005.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 616, 338. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0616.html>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, þskj. 536, 255. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/104/s/pdf/0536.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 o.fl., þskj. 204, 183. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/121/s/0204.htm>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), þskj. 893, 522. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/122/s/0893.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 553, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/94/s/pdf/0553.pdf>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 376, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/126/s/0376.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, þskj. 613, 359. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/125/s/0613.html>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti), þskj. 16, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0016.html>
[Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

Frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Haraldur Johannessen, „Erindi ríkislögreglustjóra á málþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands“, 22. september 2009. Aðgengilegt á <http://www.logreglan.is/upload/files/HJ-erindi-Net%FAtg%E1fa.pdf>

Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir, „Afbrotufræði í byrjun aldar- viðfangsefni og áhrif“. Í *Afmælisrit - Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007*. Reykjavík 2007, bls. 275-305.

Helgi Gunnlaugsson, *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík 2008.

Helgi Gunnlaugsson, „Viðhorf Íslendinga til afbrota 1989-2002“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV* 2003, bls. 105-115.

Helgi Gunnlaugsson, Afbrot, refsingar og afstaða Íslendinga, *Tímarit lögfræðinga*, 1998; 48 (2), bls. 90-99.

Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga-markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“. *Útljótur* 2004; 57 (2), bls. 201-232.

Jón Þór Ólason, Dómstóll götunnar-Gapastokkur nútímans. *Útljótur* 2004; 54 (3), bls. 343-403.

Jónatan Þórmundsson, „Rökstuðningur refsíákvörðunar“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV* 2003, bls. 11-28.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Jónatan Þórmundsson, „Eiturlyf og afbrot“. *Útljótur* 1972; 25 (3), bls. 207-241.

Kristrún Kristmundsdóttir, „Réttlætning refsinga“. *Tímarit lögfræðinga* 1998; 48 (4), bls. 351-367.

Lög um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 699, 177. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/88/s/pdf/0699.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á lögum um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., nr. 14/1923, þskj. 531, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0531.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 607, 150. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/102/s/pdf/0607.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, þskj. 869, 274. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/107/s/pdf/0869.pdf> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þskj. 1007, 339. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1993.049.html> [Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á ávana- og fíkniefnum nr. 65/1974, með síðari breytingum, þskj. 1379, 630. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2001.068.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, o.fl., þskj. 642, 183. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1997.010.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), þskj. 1549, 522. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1998.082.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, þskj. 841, 255. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/104/s/pdf/0841.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 1158, 313. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2001.032.html>
[Sótt á vefinn 7. maí 2010].

Lög nr. 149/2009 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), þskj. 513, 16. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.149.html>
[Sótt á vefinn 8. nóvember 2010].

„Löggæsluáætlun 2007-2011“. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, maí 2007. Aðgengileg á http://www.logreglan.is/upload/files/Loggasluaatun_2007-2011.pdf

„Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum“. Ríkislögreglustjóri, mars 2010. Aðgengileg á http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=15379

Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/1923 um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., þskj. 463, 137. mál. Vefútgáfa *Alþingistíðinda*, slóð: <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0463.pdf>
[Sótt á vefinn 2. maí 2010].

Ómar H. Kristmundsson, *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*. Reykjavík 1985.

Ragna Árnadóttir „Ræða dómsmála- og mannréttindaráðherra um Schengen í Háskóla Íslands“, 7. október 2009. Aðgengileg á http://www.domsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6839

Ragnheiður Bragadóttir, „Markmið refsinga“, *Úlfjótur* 2003; 56 (1), bls. 97-100.

Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta“, *Úlfjótur* 1991; 44 (2), bls. 161-191.

„Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna“. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, nóvember 2007. Aðgengileg á http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Fikniefnavarnir_2007.pdf

Reglur ríkissaksóknara nr. 3/1999.

Róbert R. Spanó, „Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings“, *Lögmannablaðið*, 2002; 8 (2), bls. 20-21.

„Schengen samvinna landamæra á milli“. Lögregluvefurinn. Aðgengilegt á http://logreglan.is/displayer.asp?cat_id=341&module_id=210&element_id=1002

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar*. Reykjavík 2003.

Stjórnartíðindi 1974 og 2001 B-deild.

„Sögulegt yfirlit yfir upphaf og þróun fíkniefnamála á Íslandi og nokkur áhersluatriði um auknar aðgerðir lögreglu gegn fíkniefnavánni“. Ársskýrsla ríkislögreglustjóra, 1999. Aðgengileg á <http://www.logreglan.is/upload/files/20-1-2003-5554.pdf>

„Tölfræðilegar upplýsingar um fullnustu refsinga fyrir árin 2000-2008“, tafla 4 a. Fangelsismálastofnun, yfirfarið í ágúst 2009. Aðgengileg á http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Tolfradilegar_upplýsingar_um_fullnustu_refsinga_fyrir_arin_2000_til_2008.pdf

„Útbreiðsla fíkniefna og þróun ofbeldis“. Skýrsla forsætisráðuneytisins, apríl 1996. Lögð fyrir á Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-1996, samkvæmt beiðni. Aðgengileg á <http://www.althingi.is/altext/120/s/0065.html>

Þorgerður Gunnarsdóttir, „Rökstólar“, *Úlfjótur* 2003; 56 (1), bls. 105-107.

Vefsíður:

Alþingi, www.althingi.is

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, www.domsmalaraduneyti.is

Europol, <http://www.europol.europa.eu>

Fangelsismálastofnun, www.fangelsi.is
Hæstiréttur Íslands, www.haestirettur.is
Interpol, www.interpol.int
Lögregluvefurinn, www.logreglan.is
Réttarríkið, www.rettarrikid.is
Ríkisendurskoðun, www.rikisendurskodun.is

8. Töfluskrá

Tafla 1. „Aldur sakfelldra á könnunartímabilinu“, bls. 45.

Tafla 2. „Tegund fíkniefna“, bls. 50.

Tafla 3. „Óskilorðsbundin refsing í Hrd. á könnunartímabilinu“, bls. 51.

9. Dómaskrá

Dómar á könnunartímabilinu:

H. 373/2005 (H. 9. september 2006)	H. 413/2007
H. 218/2005 (H. 2. mars 2006)	H. 435/2007
H. 491/2005 (H. 15. júní 2006)	H. 576/2007
H. 531/2005 (H. 30. mars 2006)	H. 665/2007
H. 16/2006	H. 4/2008
H. 42/2006	H. 53/2008
H. 56/2006	H. 377/2008
H. 147/2006	H. 415/2008
H. 357/2006	H. 540/2008
H. 389/2006	H. 150/2009
H. 417/2006	H. 189/2009
H. 420/2006	H. 205/2009
H. 459/2006	H. 249/2009
H. 667/2006	H. 426/2009
H. 668/2006	H. 469/2009
H. 42/2007	H. 480/2009
H. 59/2007	H. 509/2009
H. 72/2007	H. 618/2009
H. 98/2007	H. 762/2009
H. 149/2007	H. 752/2009
H. 175/2007	H. 64/2010
H. 261/2007	H. 105/2010
H. 264/2007	H. 495/2010
H. 371/2007	

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-51/2008

Aðrir dómar:

H. 470/1996 (1997:328)
Héraðsdómur Reykjavíkur. S-774/2000
Héraðsdómur Reykjaness. S-1900/2000